

**SKOÐUN** Anna Pála Sverrisdóttir bendir á að mannréttindi eins afmarkist af mannréttindum annars. 12



**MENNING** Ragnhildur Gísladóttir er á meðal þeirra er koma fram í Hörpunni í lifandi jógatíma. 26



**SPORT** Ísland spilar vináttulandsleik gegn Færeyjum á Laugardalsvelli í kvöld. 22







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Miðvikudagur**
14. ágúst 2013
189. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Virkja hafið

Tilraunir með sjávarhverfil í Hornafirði gefa góða raun. Sjávarfallsorka er nær tuttugu sinnum meiri en þegar er unnin hér á landi. 2

**Fjórir orðaðir við oddvitasæti** Guðlaugur Þór Þórðarson segir að talað hafi verið við hann um að gefa kost á sér fyrir næstu borgarstjórnarkosningar. 4

**Yfir milljón tonn** Ný rannsókn sýnir að makrílgengd er enn gríðarmikil við Ísland. 6

**Tekist á um skipan** Tillaga um skipun sérfræðingahóps um skuldavandann verður lögð fyrir ríkisstjórn á föstudag. 8




12

| | | | | |
|---|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 12° | | SSV | 6 |
| Akureyri | 15° | | SSV | 5 |
| Egilsstaðir | 18° | | SV | 5 |
| Kirkjubæjarkl. | 13° | | SV | 4 |
| Reykjavík | 11° | | SSV | 6 |

**Rigning** með köflum sunnan- og vestanlands en bjart með köflum norðaustan til og líkur á síðdegisskúrum. Hiti 10-20 stig, hlýjast NA-lands. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

Markaður | Fólk




# Segir ráðherrann spilla friði

Fyrrverandi umhverfisráðherra segir iðnaðarráðherra teygja sig út fyrir valdsvið sitt og efna til ófriðar með yfirlýsingum sínum um að setja Norðlingaölduveitu í virkjanaflokk. Landvernd býður ráðherranum í fossaferð.

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir, þingmaður Vinstri grænna og fyrrverandi umhverfisráðherra, segir Ragnheiði Elínu Árnadóttur iðnaðarráðherra efna til ófriðar með yfirlýsingum sínum um að færa Norðlingaöldu úr verndarflokki í virkjunarflokk.

Fyrir helgi heimsótti Ragnheiður Elín Þjórsárver ásamt fulltrúum Landsvirkjunar og segist eftir ferðina sannfærðari en áður um að þann kost megi nýta til raforkuframleiðslu án þess að Þjórsárver skaðist. „Þetta er ekki bara hagkvæmur virkjunar- eða veitukostur heldur líka ákaflega umhverfisvænn, þar sem þarna er verið að nýta vatnið í Þjórsá með enn betri hætti en nú er gert með því að veita vatninu í gegnum enn fleiri virkjanir,“ segir hún.

> **Þetta er ekki bara hagkvæmur virkjunar- eða veitukostur heldur líka ákaflega umhverfisvænn.**
> *Ragnheiður Elín Árnadóttir iðnaðarráðherra*

Svandís segir þessi áform ráðherrans hins vegar á skjön við lög og þá sátt sem Alþingi hafi komið sér saman um. „Hún talar um það að þetta snúist um einhvers konar sátt en sáttin liggur nú þegar fyrir, þingið er búið að koma sér saman um hana. Það sem Ragnheiður Elín er að gera er að efna til ófriðar,“ segir Svandís.

„Norðlingaalda er í verndarflokki og það gildir einu hvað Ragnheiði Elínu finnst um það,“ segir Svandís enn fremur og bætir við að samkvæmt lögum beri Umhverfisstofnun að hefja friðlýsingaferli allra virkjanahugmynda sem séu í verndarflokki. „Það vekur áhyggjur ef framkvæmdarvaldið virðir ekki lagabókstafinn svo lítils að ráðherra telur sig geta í samvinnu við virkjunaraðila tekið virkjunarhugmynd úr verndarflokki og skellt henni í nýtingarflokk.“

Guðmundur Hörður Guðmundsson, formaður Landverndar, er með tilboð handa ráðherranum. „Þetta hefur greinilega verið árangursrík ferð en eflaust voru ekki öll sjónarmið með í henni,“ segir hann. „Þannig að við bjóðum ráðherranum nú formlega í fossaferð svo hún geti séð Dynk, Kjálkaversfoss og Gljúfurleitarfoss, sem allir hyrfu ef þessar hugmyndir gengu eftir.“ - jse

### Skrifaði ekki undir friðlýsingu í júnílok

Sigurður Ingi Jóhannsson, umhverfis- og auðlindaráðherra, neitaði að rita undir skilmála um aukna friðlýsingu Þjórsárvera þegar búið var að blása til viðhafnar vegna þess áfanga seinnipart júní. Með stækkuninni hefði friðlandið orðið 1.563 ferkílómetrar í stað 375 og úti hefði orðið um virkjunarmöguleika í Norðlingaölduveitu. Ragnheiður Elín hvatti Sigurð Inga til að íhuga málið eftir að alvarlegar athugasemdir höfðu borist frá Landsvirkjun.



**TVÆR KANÓNUR** Margt var um manninn á frumsýningu nýjustu kvikmyndar Baltasar Kormáks, 2 guns, í Smárabíói í gærkvöldi. Hér ræðir hann við Ólaf Ragnar Grímsson forseta. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Spyrja nágranna um veiðar:

## Vilja samstilla kanínudráp

**BORGARMÁL** Umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur veitt Reykjavíkurborg undanþágu frá lögum til að bregðast við auknum fjölda kanína í borginni.

Reykjavíkurborg samstillir nú aðgerðir með öðrum sveitarfélögum með það að markmiði að stemma stigu við útbreiðslu kanína.

Í bréfi frá borginni til Kópavogs kemur fram að enn sem komið er verði ekki farið í allsherjar útrýmingaraðgerðir fyrr en almenn umræða hefur farið fram.

Í svari Kópavogs kemur fram að kanínur séu ekki vandamál þar í bæ. - vg








Eigandi söluturns í Reykjanesbæ kvartar yfir húsbílaleigjendum:

## Losa skolp og rusl á þvottaplani

**SAMFÉLAGSMÁL** Valur Margeirsson, sem rekur söluturninn Fitjavík í Reykjanesbæ, er langþreyttur á því að húsbílaleigjendur losi skolp og rusl á þvottaplani bensínstöðvar hans. Í Reykjanesbæ er talsvert um húsbílaleigur.

„Ég er búinn að grípa nokkra sem gera sig líklega til þess að hella skolpinu,“ segir Valur en hann segist ekki getað stöðvað þá sem koma í skjóli nætur.

„Húsbílaleigurnar virðast ekki vera með aðstöðu til þess að losa skolp en heimta að þetta komi hreint til baka,“ segir hann. „Hér er síðasta bensínstöðin áður en leigjendurnir skila bílunum.“

Hann segist ráðþrota gagnvart vandamálinu þar sem húsbílaleigurnar firri sig ábyrgð og heilbrigðiseftirlitið segist ekkert hafa með málið að gera. „Maður tekur einn til tvo tíma á morgnana í að þrífa planið. Annars væri þetta bara eins og í Sorpu hérna.“

Daníel Kjartan Johnson, starfsmaður hjá Ice Rentals í Reykjanesbæ, segir í pípunum að koma upp aðstöðu til þess að losa skolp á húsbílaleigunni. „Vandamál eru lausn í dulargervi,“ segir hann og sér mikla viðskiptamöguleika í því að ferðamenn komi á bensínstöðvar, hendi rusli en komi einnig inn í búðina og versli. - nej / sjá síðu 4







## SPURNING DAGSINS



Hjalti, er erfitt að landa samningi í Höfn?

**Það er að minnsta kosti engum hafnað í Höfn.**

Mikil eftirspurn er eftir leiguhúsnæði á Höfn í Hornafirði svo að 20 til 30 manns eru nú á biðlista eftir leiguhúsnæði.

Braust inn á þrjú heimili og hafði uppi kynferðislega tilburði við íbúa:

# Jóhannes fékk tvö og hálft ár

**DÓMSMÁL** Jóhannes Páll Sigurðsson var dæmdur í gær í tveggja og hálfs árs fangelsi í Héraðsdómi Reykjaness fyrir kynferðisbrot. Jóhannes Páll játaði að hafa brotið sér leið inn á þrjú heimili fyrr í sumar og í tveimur tilvikum haft uppi kynferðislega tilburði við ókunnugt kvenfólk. Þá reyndi hann að brjótast inn á tvö heimili til viðbótar.

Jóhannes, sem áður hét Jóhann Sigurðarson, er 45 ára og hefur áður hlotið dóma fyrir sambærileg, en grófari, brot. Meðal annars nam hann stúlkubarn á brott af heimili þess á Seyðisfirði árið 2004. Fjórum árum síðar var hann dæmdur í fjögurra ára fangelsi fyrir að brjótast inn á heimili og misnota stúlkubarn sem lá sofandi við hlið ömmu sinnar.

Jóhannes var handtekinn um miðjan júní vegna málanna sem hann var nú dæmdur fyrir og hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan. Málin sem um ræðir eru fimm talsins og áttu sér mestmegnis stað á sama sólarhringnum í júní. - vg



**HÉRAÐSDÓMUR** Jóhannes var dæmdur í héraðsdómi Reykjaness í gær.

Mugabe treður á fjárfestum:

# Vill fyrirtæki í eigu innfæddra

**ERLENT** Robert Mugabe, forseti Simbabve, sagði á þriðjudaginn að hann hygðist koma á fót kynþáttakvóta svo að erlend fyrirtæki í ýmsum greinum yrðu að vera í meirihlutaeigu þeldökkra Simbabvebúa.

Fyrirætlanir Mugabes í bland við almenna pólitíska óvissu eru taldar munu draga enn úr erlendum fjárfestingum í Simbabve, sem hafa verið í lágmarki síðan upp úr aldamótunum seinustu. - js



**PALESTÍNUSTÚLKA** Bíður þess að palestínskir fangar verði látnir lausir. NORDICPHOTOS/AFP

Halda fast við áætlunina:

# Viðræður eiga að hefjast í dag

**ÍSRAEL, AP** Friðarsamningaviðræður milli Ísraels og Palestínu eiga að hefjast í dag eins og til stóð, eftir að ekkert hefur þokast í samkomulagsátt síðustu fimm ár.

Ákvörðun Ísraels um að heimila byggingu 3.100 íbúða á hernumdu svæðunum á Vesturbakka Jórdanar olli talsverðum úlfaþyt en ekki viðræðuslitum. Ísraelsk stjórnvöld vörðu ákvörðun sína með þeim rökum að þau svæði sem um ræddi í þessu tilviki hefðu aldrei verið innifalin í mögulegu samkomulagi um skiptingu landsvæðis. - þj

Samspil trúar og gáfnafars:

# Trúlausir eru oftar greindari

**TRÚARBRÖGÐ** Ný samanburðarrannsókn sem kannaði mælingar frá árinu 1928 til dagsins í dag sýnir að sterk neikvæð tengsl eru á milli trúariðkunar og gáfnafars.

Trúlausir eru þannig líklegri til að skilja og leysa flókin vandamál, læra og hugsa rökrétt.

Rannsóknin tók saman niðurstöður 63 rannsókna, en í 53 þeirra voru þessi tengsl til staðar.

Í niðurlagsorðum rannsóknarinnar, sem birtist í fagtímaritinu Personality and Social Psychology Review, segir að líklegasta skýringin sé sú að greint fólk líti á trú sem órökrétta, óvísindalega og ómælanlega og þar af leiðandi höfði trú síður til þess. - js



**UPPFINNINGAMAÐURINN AÐ STÖRFUM Í HORNAFIRÐI** Valdimar er þessa dagana við seinni prófun hverfilsins sem er farinn að gefa tilefni til grænna vona um framtíðina. MYND/JÓHANN EYVINDSSON

# Komnir vel á veg með að virkja hafið

Tilraunir á sjávarhverfli gefa góða raun. Hönnuður hans vonast til að geta fengið mælingar úr honum í dag svo sérfræðingar geti metið afraksturinn. Mikið er í húfi því sjávarfallsorka er nær tuttugu sinnum meiri en sú orka sem nú er unnin.

**NÝSKÖPUN** Valdimar Össurarson uppfinningamaður er þessa dagana að prófa sjávarorkuhverfla sína í hinum straumþunga Hornafirði öðru sinni. Fyrstu tilraunir gáfu góða raun.

„Spaðarnir á hverflinum gripu svo vel í þessum þunga straumi sem hérna er að þeir hreinlega brotnuðu og aðrir löskuðust svo ég varð að styrkja þá aðeins,“ segir hann. „Þetta er í rauninni ánægjulegt vandamál ef svo má segja,“ bætir hann við.

Hann segir ljóst að hverfillinn skilaði töluverðu afli en síðan gaf hann sig áður en eitthvað var farið að mæla að ráði. „Við erum að vonast til þess að fá einhverjar mælingar í þessari tilraun núna sem mínir sérfræðingar og verkfræðingar geta svo skoðað og metið afköstin. Það er vinna sem tekur nokkurn tíma svo það verður eflaust liðið eitthvað fram á vetur áður en við fáum eitthvað í hendurnar.“

Hann vill ekkert um það segja hvaða vonir hann geri sér í þeim efnum en vissulega er ljóst að það er eftir mikilli orku að slægjast. „Ef við heimfærum mælingar Íra, Breta og Norðmanna á okkur Íslendinga þá ættum við að eiga í formi sjávarfallaorku um 330 teravattstundir á ári. Við getum borið það saman við það að við erum nú búin að virkja núna átján teravattstundir á ári.“

Hann segir að tækniþróunarsjóður hafi staðið vel við bakið á honum varðandi þessa uppfinningu en hann segir afar brýnt að stjórnvöld fari að opna augun fyrir þeim hagsmunum sem hér eru í húfi. „Það er til dæmis ekkert farið að mæla þessa orku, það væri ágætis byrjun að gera það,“ segir hann.

Hverflarnir eru á flekum sem notaðir eru við prófanirnar en hugmyndir Valdimars miða að því að hverflarnir verði á sjávarbotninum og því hlýst engin sjónmengun af. Hann segir einnig orku frá hafstraumum stöðugri og fyrirsjáanlegri en gengur og gerist varðandi vind- og ölduorku.

jse@frettabladid.is



**FRÁ NÍGERÍU** Hermaður á verði. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Vígamenn gera árásir:

# Tugir látnir í árás á mosku

**NÍGERÍA, AP** Vígamenn úr hópi Boko Haram, öfgafullra íslamista, eru grunaðir um að standa á bak við skotárás á mosku eina í norðausturhluta Nígeríu á sunnudag þar sem 44 féllu.

Þeir eru einnig grunaðir um að hafa drepið tólf til viðbótar í annarri árás í sama landshluta.

Ekki er vitað um mögulegar ástæður ódæðanna eða hvers vegna Boko Haram myndi ráðast á trúbræður sína við bænir, en samtökin hafa áður ráðist á moskur þar sem klerkar hafa gagnrýnt öfgastefnu líkt og þá sem Boko Haram aðhyllist. - þj

Takmarka á olíuflutninga:

# Vilja raflagnir að Þríhnúkagíg

**UMHVERFISMÁL** Heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis hafa lagt til við umhverfis- og auðlindaráðuneytið að raflínur verði lagðar að Þríhnúkagíg til þess að takmarka flutning á olíu um svæðið. Bréf þess eðlis var lagt fram á fundi umhverfis- og samgöngunefndar Kópavogsbæjar á mánudaginn. Hátt í 600 lítrar af olíu féllu á bílastæði nærri Bláfjöllum í maí síðastliðnum þegar þyrla hugðist selflytja olíuna að ferðamannastaðnum. Landið er skilgreint sem vatnsverndarsvæði. - vg






Flugmaðurinn sem lifði af flugslysið hefur verið útskrifaður af sjúkrahúsi:

# Kominn heim eftir flugslysið

**SLYS** Flugmaðurinn sem lifði af flugslysið þar sem sjúkraflugvél Mýflugs fórst á braut akstursíþróttafélags Akureyrar fimmta ágúst síðastliðinn hefur nú verið útskrifaður af Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri.

Samkvæmt vakthafandi lækni á gjörgæsludeild FSA var maðurinn útskrifaður á föstudaginn var. „Hann er kominn heim til sín,“ segir hann.

Læknirinn segir bata mannsins hafa verið skjótan. „Miðað við allt gekk þetta eins og við var að búast,“ segir hann.

Flugslysið er nú til rannsóknar hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa.

Skömmu fyrir slysið höfðu flugmennirnir óskað eftir því að koma ekki inn til lendingar og fljúga hring áður en komið væri inn til lendingar að nýju.

Þorkell Ágústsson, rannsóknarstjóri hjá rannsóknarnefnd samgönguslysa, vildi ekki tjá sig um hvort ástæða þess að hætt hafi verið við lendingu væri sérstaklega til rannsóknar.

„Slysið og aðdragandi þess er allt til rannsóknar,“ segir Þorkell. - js



**FLUGSLYS Á AKUREYRI** Flugmaðurinn sem komst lífs af hefur verið útskrifaður af FSA. FRÉTTABLAÐIÐ/AXEL

# Brostu !

# SPARIDAGAR

ORMSSON

2013 Spari dagar

## Komdu og gerðu frábær kaup!

**TILBOÐ! AFSLÆTTIR! VERÐLÆKKUN!**




SAMSUNG

Er þetta ekki einmitt tækið sem þig hefur dreymt um að eignast?



UExxF6675SB — UExxF6475SB

6600 LÍNAN — 6400 LÍNAN

## Sjónvörpin frá Samsung eru einstök og í algjörum sérklassa.

### Samsung 6600 / 6400 • LED • 3D • SMART TV:

Clear Motion Rate: 200–600 Hz • Upplausn: 1920 x 1080p FULL HD • Skjár: Clear • Skerpa: Mega • AllShare: Auðveld samskipti Samsung tækja • USB: Movie, kvikmyndir, ljósmyndir, tónlist • Upptökumöguleiki: Já – tekur upp sjónvarpsútsendingu á utanáliggjandi harðan disk • Netvafri: Já • Social TV: Já – horfðu á sjónvarp og vertu á Facebook, You Tube, Flickr, Skype ofl. • Sjónvarpsmóttakari: Digital, Analog og gervihnatta • Tengingar: 4xHDMI, 3xUSB Movie, 1xScart, Komponent, Komposit, LAN, heyrnartól • Stærðir: 32", 40", 46" og 55"



Tvenn 3D-gleraugu fylgja.

Örþunnt og fallegt

**SPARIDAGAVERÐ:**
UExxF6475SB: 40" = 199.900.- / 46" = 249.900.- / 55" = 379.900.- / 65" = 699.900.- / 75" = 1.290.000.-
UExxF6675SB: 40" = 259.900.- / 46" = 319.900.- / 55" = 459.900.-

## Óumdeildir gæðayfirburðir Samsung fartölva




### Samsung tölvur eru áreiðanlegustu tölvur á markaðnum í dag og bila minnst.

Þetta kemur fram í áreiðanleikakönnun tölvuviðhalds-fyrirtækisins **Rescuecom** sem birt var á dögunum. Samsung fékk 648 stig í könnuninni en þar kom fram að aðeins 0,7% **Samsung** tölva í Bandaríkjunum þurfti að þjónusta vegna bilana.
Asus var í öðru sæti með 332 stig og Lenovo/IBM í því þriðja með 228 stig.
Aðrir framleiðendur fengu lægri einkunn.
HEIMILD: Computer Reliability Report 2013 · www.rescuecom.com

SAMSUNG

NP355E5C-S04SE




SPARIDAGAVERÐ:
**99.900**

Falleg fartölva með stórum og björtum skjá.
Hentar fyrir alla daglega notkun.

- AMD E2-1800 1.7 GHz
- 15.6" 1366x768 LED
- 6 GB vinnsluminni
- 500GB harður diskur
- AMD Radeon HD 7470M - 1 GB Skjákort
- Windows 8 og Bluetooth 4.0






SAMSUNG

NP275E5E

MIKIÐ fyrir lítið

SPARIDAGAVERÐ:
**79.900**

15,6" HD LED Skjár (1366x768) - Mattur
AMD Dual-Core E2-2000 örgjörvi
AMD Radeon HD7340 skjástýring
500GB harður diskur
4GB 1333MHz vinnsluminni
HDMI, 3xUSB2.0, VGA · kortalesari
PowerPlus rafhlaða m. 1000 hleðslum
Windows 8 og Bluetooth 4.0




SAMSUNG

535U3C-A04

Ein sú allra vinsælasta

SPARIDAGAVERÐ:
**119.900**

13,3" HD LED Skjár (1366x768)
AMD Dual-Core A6-4455M örgjörvi
AMD Radeon HD7500G skjástýring
500GB harður diskur
4GB 1333MHz vinnsluminni
HDMI, 2xUSB2.0, USB3.0 · Kortalesari
PowerPlus rafhlaða m. 1500 hleðslum.
Til í bleiku og silfri.
Windows 8 og Bluetooth 4.0




SAMSUNG

355V5C-S0G

Hágæða fartölva

15,6" HD LED Skjár (1366x768) · AMD Quad-Core A8-4500M Örgjörvi · AMD HD7670M 2GB Skjárkort · 1TB harður diskur · 8GB 1600MHz vinnsluminni · HDMI, 2xUSB2.0, 2xUSB3.0, VGA · Windows 8 og Bluetooth 4.0

SPARIDAGAVERÐ:
**124.900**

SAMSUNG SETRIÐ
samsungsetrid.is

ORMSSON
SKEIFUNNI 11 · REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800

| BT | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | KS | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | ORMSSON | GEISLI |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SKEIFAN 11 | KEFLAVÍK | AKRANESI | ÞRISTUR-ÍSAFIRÐI | SAUÐÁRKRÓKI | AKUREYRI | HÚSAVÍK | VÍK-EGILSSTÖÐUM | PAN-NESKAUPSTAÐ | ÁRVIRKINN-SELFOSSI | VESTMANNAEYJUM |
| SÍMI 550 444 | SÍMI 421 1535 | SÍMI 530 2870 | SÍMI 456 4751 | SÍMI 455 4500 | SÍMI 461 5000 | SÍMI 464 1515 | SÍMI 471 2038 | SÍMI 477 1900 | SÍMI 480 1160 | SÍMI 481 3333 |

## SVONA ERUM VIÐ



**163** **söfn, fræðasetur og sýningargarðar voru árið 2010 skrásett hér á landi, samkvæmt bókum Hagstofunnar.**

**Þeim hafði þá fjölgað um 66 frá árinu 1996, þegar þau voru 97 talsins.**

Mest hefur fjölgunin orðið í sögu-minjasöfnum, sem voru fjórutíu árið 1996 en orðin 83 árið 2010.

*Heimild: Hagstofa Íslands*

Guðlaugur Þór segist hafa fengið áskoranir um að bjóða sig fram í prófkjöri Sjálfstæðisflokks í borginni:

# Fjórir borgarfulltrúar orðaðir við oddvitann

**STJÓRNMÁL** „Ég neita ekki því að það hefur verið talað við mig,“ segir Guðlaugur Þór Þórðarson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, en fréttastofa Stöðvar 2 greindi frá því í gærkvöldi að háværar raddir hefðu verið uppi á meðal sjálfstæðismanna um að Guðlaugur væri að íhuga að gefa kost á sér í fyrsta sæti í prófkjöri flokksins fyrir næstu borgarstjórnarkosningar.

Spurður hvort það sé óhætt að segja að hann íhugi að bjóða sig fram, svaraði Guðlaugur: „Ég er á kafi í öðrum verkefnum eins og er og hugsunin er ekkert komin mikið lengra en það.“

Til þessa hafa fjórir einstaklingar mest verið í umræðunni um oddvitasætið. Það eru borgarfulltrúarnir Júlíus Vífill Ingvarsson, sem hefur staðfest að hann sækist eftir oddvitasætinu, Kjartan Magnússon, sem segir það koma vel til greina að hann bjóði sig fram í það, Gísli Marteinn Baldursson og Þorbjörg Helga Vigfúsdóttir, sem hvorugt hefur útilokað framboð í fyrsta sætið. - vg



**GUÐLAUGUR ÞÓR ÞÓRÐARSON** Situr á þingi þessa dagana.



**TÁRAGAS OG GRJÓTKAST** Spenna ríkir enn á götum Kaíró. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Aðgerðum lögreglu frestað:

## Átök brutust út á götum Kaíró

**EGYPTALAND, AP** Til átaka kom í gær milli lögreglu og mótmælenda í Kaíró, daginn eftir að bráðabirgðastjórn landsins tilkynnti að hún hefði frestað því að fjarlægja mótmælendur af götunum.

Lögreglan beitti táragasi en mótmælendur köstuðu grjóti.

Hundruð manna hafa hafst við á tveimur stöðum í borginni til að krefjast þess að Múhamed Morsí fái forsetaembættið aftur.

Aðgerðum stjórnarinnar var frestað eftir að upplýsingar um áformin voru komin í fjölmiðla. - gb

Lagði fram bréf út af Lotnu:

## Munu bregðast við vanefndum

**BYGGÐAMÁL** Daníel Jakobsson, bæjarstjóri Ísafjarðarbæjar, lagði fram bréf á bæjarráðsfundi í gær vegna deilna um byggðakvóta til Lotnu. Í bréfinu kemur fram að bæjaryfirvöld áskilji sér rétt til hverra þeirra ráðstafana sem sveitarfélaginu eru færar til að bregðast við vanefndum á samningum og brotum á lögum, reynist ásakanir um að útgerðin hafi ekki unnið byggðakvóta á Flateyri, sannar. Fiskistofa hefur þegar afturkallað úthlutun á kvóta til Lotnu. Forsvarsmenn Lotnu hafa neitað sök alfarið. - vg

# Húsbílafólk sturtar saur á þvottaplanið

Rekstraraðili söluturns á Reykjanesi er langþreyttur á því að húsbílaleigjendur losi skolp og matarleifar á planinu hjá sér. Húsbílaleigur firri sig ábyrgð. Starfsmaður húsbílaleigu á svæðinu segir að nýta eigi viðskiptamöguleikana í skolpinu.

**SAMFÉLAGSMÁL** „Hér á svæðinu eru húsbílaleigur og það virðist sem leigjendum bílanna séu ekki veittar neinar upplýsingar því þeir halda að hér sé einhver losunarstöð fyrir matarúrgang og saur,“ segir Valur Margeirsson, sem rekur söluturninn Fitjavík í Reykjanesbæ.



**VALUR MARGEIRSSON**

„Þeir henda úr klósettum sínum á þvottaplanið. Þar er rás sem vatnið liggur niður, þeir sturta því þar í og þar syndir þetta,“ útskýrir Valur. „Með matarúrgang, þá er ekkert verið að pæla í hvort tunnurnar séu fullar. Þessu er bara hent fyrir utan, svo kemst fuglinn í þetta og dreifir þessu um allt.“

Valur segist hafa hringt í húsbílaleigur á svæðinu en þær firri sig ábyrgð á málinu. „Það er annaðhvort þannig að þetta lið nennir ekki að sinna vinnunni sinni eða að því er bara alveg sama.“ Hann segir losunaraðstöðu ekki vera til staðar á leigunum sjálfum og því lendi það á honum að taka við úrgangi þar sem bensínstöðin hans sé síðasta áður en bílunum er skilað.

„Af hverju útbúa ekki húsbílaleigur aðstöðu í sameiningu þar sem fólk getur losað úr án þess að hella þessu öllu yfir mig?,“ spyr Valur. „Ég hefði haldið að það væri lágmarkskrafa að þeir væru með upplýsingar um hvernig ætti að losa þetta.“



**KOMA EFTIR LOKUN** „Ég hleyp út þegar ég sé að menn eru með tilburði til að losa úr bílunum,“ segir Valur en þegar menn koma eftir lokun og losa blasir við honum saurugt þvottaplan.



**RUSLAFLÓÐ** Upp úr tunnum flæðir rusl en það stoppar ekki húsbílaleigjendur.

Daníel Kjartan Johnson, starfsmaður Ice Rental, húsbílaleigu í Reykjanesbæ, segist agndofa yfir því að menn nýti sér ekki viðskiptamöguleikana. „Lausnin í þessu er sú að hann tæki hreinlega gjald fyrir að fólk sé að henda rusli,“ segir hann.

Daníel segist þekkja til vandamáls Vals og hafi borið það undir framkvæmdastjóra sinn að vera tilbúinn með aðstöðu til þess að losa skolp úr bílunum í leigunum. Það sé nú í undirbúningi. Hjá bílaleigunni reyni menn eftir fremsta megni að beina fólki á rétta staði.

„Ég talaði líka við þá hjá Skeljungi og bar það undir þá að þeir myndu setja upp losunaraðstöðu á stöðvum sínum. Ég segi fyrir mitt leyti að fyrsta bensínstöðvarkeðjan sem auglýsir losunarstöð á hverri stöð á klárlega eftir að fá alla húsbíla, og viðskiptin sem þeim fylgja, til sín.“

nannae@365.is



**FISKIDAGURINN MIKLI** Friðrik Ómar og Matthías Matthíasson stigu á svið á Dalvík. MYND/HELGI STEINAR HALLDÓRSSON

26 þúsund heimsóttu Dalvík:

## Fiskidagurinn aldrei betri

**HÁTÍÐIR** „Þetta hefur aldrei gengið jafn vel. Allir sem koma að þessu eru sammála um það,“ segir Júlíus Júlíusson, framkvæmdastjóri Fiskidagsins mikla, sem var haldinn á Dalvík um seinustu helgi.



**JÚLÍUS JÚLÍUSSON**

Samkvæmt fréttatilkynningu frá Vegagerðinni sóttu um 26 þúsund manns hátíðina.

Júlíus segir þetta í samræmi við mælingar sem skipuleggjendur gerðu sjálfir. „Við erum að bíða eftir að fá loftmynd af hátíðinni sem við notum til að telja gesti. Síðan teljum við tjöld, bíla, undirskriftir í gestabækur, diska og glös og okkar talningum og þeirra ber saman.“ - js

## LÖGREGLUFRÉTT

### Bílabrennuvargur ófundinn

Brennuvargur sem undanfarna daga hefur borið hefur eld að bifreiðum að næturþeli á Egilsstöðum er enn ófundinn. Í sumar hefur hann brennt þrjá bíla, nú síðast á sunnudaginn var, en lögreglan fyrir austan segir hringinn vera farinn að þrengjast um kauða.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




**VÆTUTÍÐ** verður nokkuð víða á landinu næstu daga en síst þó á Norðaustur- og Austurlandi. Úrkoman verður þó ekki samfelld og geta komið ágætar uppstyttur á milli úrkomukaflanna.




**Á morgun**
Strekkingur allra austast en annars fremur hægur vindur.




**Föstudagur**
Fremur hægur vindur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 30° | Berlín | 21° | Friedrichshafen | 22° | Las Palmas | 29° | New York | 24° | París | 24° |
| Aþena | 34° | Billund | 20° | Gautaborg | 20° | London | 24° | Orlando | 32° | San Francisco | 20° |
| Basel | 28° | Frankfurt | 22° | Kaupmannahöfn | 20° | Mallorca | 34° | Ósló | 22° | Stokkhólmur | 20° |

**Ingibjörg Karlsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson gudmundurs@365.is, Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, Sigurður Helgi Grímsson sigurdurhg@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is
**FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hver er fangelsismálastjóri?
**2.** Hvaða stórafmæli fagnaði Páll Bergþórsson, fyrrverandi veðurstofustjóri, í gær?
**3.** Hver er vígslubiskup á Hólum?

**SVÖR:**
**1.** Páll Winkel. **2.** Hann varð níræður. **3.** Sólveig Lára Guðmundsdóttir.

Persónuvernd góð á Íslandi:

## Mega möguleg til Íslands

**VIÐSKIPTI** Kim Dotcom, stofnandi netþjónustunnar Mega, sagði á blaðamannafundi á Nýja-Sjálandi í fyrradag að hann teldi Ísland vænlegan kost þyrfti hann að flytja starfsemina úr landi.



**KIM DOTCOM**

Þetta sagði Dotcom vegna þess að stjórnvöld á Nýja-Sjálandi hyggjast lögleiða reglur sem draga enn frekar úr persónuvernd notenda Mega-þjónustunnar. Dotcom segir Ísland „lítið vingjarnlegt land sem njósnar ekki um þegna sína“. **- js**

Barnslát enn rannsakað:

## Faðirinn sætir áfram farbanni

**LÖGREGLUMÁL** Farbann var í gær framlengt um einn mánuð yfir föður fimm mánaða gamallar stúlku sem talin er hafa látist vegna blæðinga í heila eftir að hún var hrist harkalega. Faðirinn hefur verið í farbanni síðan í mars og hefur ítrekað verið framlengt. Hann sat áður í gæsluvarðhaldi í nokkra daga. Hann hefur ekki verið yfirheyrður síðan í maí.

Lögregla bíður enn lokaniðurstöðu réttarmeinafræðings til að geta lokið rannsókn sinni. **- sh**

# Yfir milljón tonn af makríl við Ísland þriðja árið í röð

Makrílgengd við Ísland er enn gríðarmikil, sýnir ný rannsókn. Ekki mælist eins mikið af makríl í íslensku lögsögunni og metárið í fyrra en þó meira en árin 2010 og 2011. Styrkir samningsstöðu Íslands í makríldeilunni.

**SJÁVARÚTVEGUR** Makríll innan íslenskrar lögsögu mælist vel yfir milljón tonn þriðja árið í röð. Þrátt fyrir að nokkru minna mælist af makríl í sumar en á sama tíma í fyrra er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða, að sögn fiskifræðings. Mælingin styrkir samningsstöðu Íslands, er mat aðalsamningamanns Íslands í makríldeilunni við Evrópusambandið og Noreg.

Þetta er meðal niðurstaðna 29 daga rannsóknarleiðangurs Hafrannsóknastofnunar á útbreiðslu og magni makríls í íslenskri og grænlenskri lögsögu. Þetta er fjórða árið sem sameiginleg rannsókn Íslendinga, Norðmanna, Færeyinga og Grænlendinga á magni og umhverfisaðstæðum er framkvæmd.

Sveinn Sveinbjörnsson, fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun, var leiðangursstjóri á rannsóknaskipinu Árna Friðrikssyni. „Það er ekki um neina grundvallarbreytingu að ræða á makrílgengd við Ísland, þó að nokkru minna mælist núna en í fyrra. Þetta hefur ekki verið reiknað upp á tonn en ljóst er að meira er af makríl en árin 2010 og 2011. Því er vel yfir milljón tonn innan lögsögunnar,“ segir Sveinn. Árið 2011 mældust ríflega milljón tonn innan íslenskrar landhelgi, en í fyrra 1,5 milljón tonn.

Sveinn segir greinilegt að yfirborðssjórinn sé mun kaldari í sumar en fyrri ár. Það skýri að hluta aðra dreifingu makrílsins núna en var í fyrra. Sveinn bætir við að markvert sé að töluvert magn af makríl mælist innan grænlensku lögsögunnar og það þurfi að rannsaka mun betur en nú var gert.

Sigurgeir Þorgeirsson, aðalsamningamaður Íslands í makríldeilunni í atvinnu- og nýsköpunarráðuneytinu, telur engan vafa leika á því að niðurstöður rannsóknarinnar núna styrki samningsstöðu Íslands enn frekar – og að hún styrkist í raun ár frá ári með mælingum upp á rúmlega milljón tonn. „Þetta er mjög góð mæling og ekki hægt að segja annað en að hún staðfesti þessar gríðarlega miklu makrílgöngur í okkar lögsögu.“

Næsti samningafundur í makríldeilunni verður í Reykjavík 7.-8. september. Það er fyrsti fundur samninganefnda strandríkjanna frá því í október í fyrra.

svavar@frettabladid.is



**NORÐFJARÐARHÖFN** Í Neskaupstað er sífellt rennerí af skipum sem koma til að landa makríl eða lesta afurðir til útflutnings.
MYND/KRISTÍN HÁVARÐSDÓTTIR

## Miklu þyngra að veiða makríl en í fyrra



**GUÐMUNDUR HUGINN GUÐMUNDSSON**

„Það er miklu þyngra að ná makrílnum núna en í fyrrasumar og það er eitthvað minna af stórum makríl,“ segir Guðmundur Huginn Guðmundsson, skipstjóri og útgerðarmaður á Hugin VE 55 frá Vestmannaeyjum. Hann staðfestir niðurstöður rannsókna um að makríllinn sé dreifðari en hann var á undangengnum vertíðum. Hins vegar séu fregnir um mikinn meðafla, og þá af norsk-íslenskri síld, orðum auknar. Vandalaust sé að haga veiðum þannig að hreinn makríll fáist.

Guðmundur hefur aðallega verið að makrílveiðum sunnan- og vestanlands. Af 8.800 tonna kvóta skipsins eru ríflega þrjú þúsund tonn enn óveidd. „Það gæti orðið erfitt að ná restinni þó að það sé ómögulegt um það að segja hvort menn brenni inni með einhvern kvóta. Það er ágætis veiði núna,“ segir Guðmundur, sem bætir við að vertíðin hafi hafist nokkru seinna en fyrri ár og veður hafi ekki verið að hjálpa mönnum neitt.




KIRKJULISTAHÁTÍÐ 2013
Hallgrímskirkju í Reykjavík 16.–25. ágúst
*Frá uppsprettum til himindjúpa*

**SUNNUDAGINN 18. ÁGÚST**

Arvo Pärt
Hátíðartónleikar í Hallgrímskirkju



*Arvo Pärt*

Flytjendur:
Schola cantorum
Hátíðarstrengjasveit Kirkjulistahátíðar, konsertmeistari Hrafnhildur Atladóttir
Tui Hirv sópran
Fjölnir Ólafsson barítón
Stjórnandi: Hörður Áskelsson

*Efnisskrá:*
*Cantus in Memory of Benjamin Britten*
*L'Abbé Agathon*
*Magnificat- Lofsöngur Maríu*
*Nunc dimittis*
*Da pacem domine*
*Adam's Lament*
*(frumflutningur á Íslandi)*

*Miðaverð 4.500 kr.*
*(2.500 fyrir námsmenn)*
*Miðasala í Hallgrímskirkju*
*Sími 510 1000 og midi.is*



*Hörður Áskelsson*



*Tui Hirv*



*Fjölnir Ólafsson*

**Málstofa um Arvo Pärt á Hannesarholti kl. 16-18 sama dag.**
Fyrirlesarar:
Páll Ragnar Pálsson og Tui Hirv.
*Miðaverð 1500 kr. (Miði á tónleikana kl. 20 gildir einnig á málstofuna).*
Kvöldverður í Hannesarholti að lokinni málstofu.
*Verð 2.500/ 3.500 kr.*
Sjá nánar kirkjulistahatid.is


## Hægagangur á landamærum




**FÖST Í BIÐRÖÐ** Ógurlegar biðraðir hafa myndast á landamærum Gíbraltarskaga og Spánar síðustu daga. Í gær máttu ökumenn og farþegar þeirra þola allt að fimm tíma bið þar sem þeir þokuðust í átt að landamærunum. Sumir brugðu á það ráð að ýta bílum sínum til þess að spara eldsneyti. Í deilu sinni við Breta um yfirráð á Gíbraltar hafa Spánverjar stóraukið eftirlit á landamærunum. Bretar segjast íhuga að draga Spánverja fyrir dómstóla liðki þeir ekki fyrir eftirlitinu á ný, en Spánverjar hóta á móti frekari refsiaðgerðum vegna umdeildra hafnarframkvæmda hinna bresku íbúa skagans.
NORDICPHOTOS/AFP



„Ég var búinn að vera án atvinnu lengur en ég kærði mig um. Fyrir mig var það stórt skref að setjast aftur á skólabekk en það var besta ákvörðunin sem ég hef tekið lengi.

Með Sölu-, markaðs-, og rekstrarnáminu fékk ég þá þekkingu sem þurfti til að takast á við krefjandi starf, á allt öðrum vettvangi en áður."

Pétur Stefánsson - Sölustjóri

Upplýsingar og skráning:
**544 4500 / www.ntv.is**

# NÁMIÐ HJÁ NTV KOM MÉR AFTUR ÚT Á VINNUMARKAÐINN!

Morgunnám eða kvöldnám með vinnu

## Sölu- og markaðsnám

**Lengd:** 240 stundir **Verð:** 199.000 (Flest stéttarfélög skyrkja þetta nám)
**Morgunnám** (mán-mið-fös) - Byrjar 16. sept. og lýkur 16. des.
**Kvöldnám** (þri-fim-lau) - Byrjar 17. sept. og lýkur 17. des.

Líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum, nýta reynslu sína á öðrum starfsvettvangi eða einfaldlega styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið ítarlega í hlutverk sölumannsins og samskipti við viðskiptavini. Í markaðsfræðinni er byrjað á hefðbundinni markaðsfræði. Næst er nemendum kennt hvaða markaðsaðgerðum má beita á vefnum og samfélagsmiðlum. Farið er í markaðsrannsóknir, gerð sölu- og markaðsáætlana, mismunandi gerðir kynningarefnis o.fl. Náminu lýkur með lokaverkefni sem unnið er í 3-4 manna hópum.

**Skipting námsgreina:**
- Markaðsfræði - 54 stundir
- Markaðsrannsóknir - 18 stundir
- Sölufræði - 30 stundir
- Upplýsingatækni - 72 stundir
- Framkoma og framsögn - 6 stundir
- Sölu- og viðskiptakerfi - 12 stundir
- Tímastjórnun - 6 stundir
- Verslunarreikningur - 12 stundir
- Lokaverkefni og sölukynning - 30 stundir

## Markaðs- og rekstranám

**Lengd:** 168 stundir **Verð:** 179.000 (Flest stéttarfélög skyrkja þetta nám)
**Morgunnám** (þri-fim) - Byrjar 10. sept. og lýkur 12. des.
**Kvöldnám** - Ekki er boðið upp á kvöldnámskeið á haustönn

Markaðs- og rekstrarnám er fyrir þá sem hafa í hyggju að fara út í eigin rekstur með því að finna hugmyndum sínum eða annarra frjóan farveg eða þá sem vilja styrkja núverandi rekstur með aukinni þekkingu. Í náminu er kennd gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda, hvenær borgar sig að fara af stað og hvenær borgar sig að sitja heima.

Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðinum.

**Skipting námsgreina:**
- Frumkvöðlar og framtíðarsýn - 6 stundir
- Stofnun fyrirtækja - 6 stundir
- Hagnýt markaðsfræði - 24 stundir
- Markaðssetning á netinu - 18 stundir
- Google Analytics, AdWords og Fésbók - 12 stundir
- Excel við áætlanagerð - 24 stundir
- Fjármálastjórnun og framlegð - 24 stundir
- Samningatækni - 12 stundir
- Gerð viðskiptaáætlunar - 42 stundir

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN – VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI
HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI **544 4500** : **NTV.IS**

ntv

GOTT ÚRVAL

Rétti bíllinn fyrir þig fæst hjá okkur!

Allt að 80% lánamöguleikar




NISSAN PATROL SE
Nýskr. 10/07, ekinn 33 þús. km. dísil, sjálfskiptur.
Rnr. 320009

Glæsilegt eintak kr. 3.990 þús.



SUBARU LEGACY SPORT WAGON
Nýskr. 06/09, ekinn 62 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr. 280832



TOYOTA LAND CRUISER 120 LX
Nýskr. 06/08, ekinn 67 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 5.390 þús.
Rnr. 270246



TOYOTA AURIS SOL
Nýskr. 07/12, ekinn 22 þús. km. dísil, beinskiptur.
VERÐ kr. 3.190 þús.
Rnr.309999



HYUNDAI SONATA GLS
Nýskr. 07/08, ekinn 92. þús. km. bensín, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 2.250 þús.
Rnr.310010




HYUNDAI SANTA FE II LUX
Nýskr. 03/09, ekinn 137 þús. km. dísil, 7 manna, sjálfskiptur.
VERÐ kr. 4.290 þús.
Rnr.120200




M.BENZ ML500
Nýskr. 03/07, ekinn 99 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
TILBOÐ kr. 4.190 þús.
Verð áður: 4.990 þús. kr. – Rnr.130547

bílaland
Klettháls 11 -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is
www.facebook.com/bilaland.is


Símnúmerafyrirtæki takmarkar leitarfyrirspurnir vegna dularfullra IP-talna:

# Asískir tölvuþrjótar herja á já.is

**TÆKNI** Símnúmerafyrirtækið Ja.is hefur komið sér upp svokallaðri tíðnitakmörkun til þess að verjast árásum tölvuþrjóta. Það þýðir að ef of margar leitarfyrirspurnir berast síðunni á of skömmum tíma frá sömu IP-tölunni, sem er nokkurs konar kennitala tölvunnar, lokar heimasíðan sjálfkrafa á IP-töluna. Dæmi eru um að uppruni fyrirspurnanna sé í Asíu.

„Það hefur komið fyrir að erlendir aðilar hafi dælt á okkur fyrirspurnum og þá hrundi vefurinn tímabundið,“ útskýrir Hlöðver Árnason, tæknistjóri hjá Já.is. Hann segir að það komi fyrir að margir séu á bak við sömu IP-töluna hjá einstaka fyrirtækjum. Hlöðver bendir á að þá geri ja.is undanþágur. Aðspurður segir Hlöðver að dularfullar IP-tölur hafi reynt að komast yfir símanúmer á síðunni. Uppruni þeirra hefur stundum verið óljós, „en svo höfum við séð vafasamar IP-tölur, til að mynda frá Asíu, sem hafa reynt að nálgast mikið magn af upplýsingum frá okkur,“ segir Hlöðver. - vg



HLÖÐVER ÁRNASON

# Tekist á um skipan í sérfræðingahópinn

Tillaga um skipun sérfræðingahóps um skuldavandann verður lögð fyrir ríkisstjórn á föstudag. Ekki hefur gengið þrautalaust að ná saman um fulltrúa í hópinn.

**STJÓRNMÁL** Stefnt er að því að tillaga um skipun sérfræðingahóps um almenna skuldaniðurfærslu verði lögð fram á ríkisstjórnarfundi á föstudag. Hópurinn á að skila tillögum sínum í nóvember, sem hefst eftir tæpar tólf vikur.

Í þingsályktun sem samþykkt var á sumarþingi hefur sérfræðingahópurinn það hlutverk að útfæra mismunandi leiðir til að ná fram höfuðstólslækkun verðtryggðra húsnæðislána og gera tillögur þar að lútandi. Hann mun starfa á ábyrgð forsætisráðherra og ráðherranefndar um úrlausnir í skuldamálum heimilanna en í henni sitja, auk forsætisráðherra, fjármálaráðherra, innanríkisráðherra og félags- og húsnæðisráðherra.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins hefur ekki gengið þrautalaust að koma hópnum saman. Í þingsályktunartillögunni er ekki kveðið á um hversu margir eiga að skipa hópinn, hverjir tilnefni fulltrúana eða hvaða skilyrði sérfræðingarnir þurfa að uppfylla.

Farin var sú leið að hver stjórnarflokkur um sig tilnefndi fulltrúa í hópinn en þó varð að vera samstaða þeirra á milli um skipun allra fulltrúana. Um þetta hafa staðið viðræður upp á síðkastið og ekki alltaf verið full eining.

Hópurinn mun hafa í ýmis horn að líta næstu mánuði, en mun þó byggja vinnu sína að miklu leyti á gögnum sem þegar hefur verið aflað í fyrri vinnu opinberra aðila við mat á skuldastöðu íslenskra heimila.

Báðir stjórnarflokkarnir voru með tillögur að aðgerðum í þágu skuldugra heimila á stefnuskrá sinni fyrir kosningar. Framsóknarflokkurinn boðaði að svigrúm sem mundi myndast með samningaviðræðum við kröfuhafa yrði notað í almenna niðurfærslu á skuldum. Sjálfstæðisflokkurinn sagðist vilja veita sérstakan skattaafslátt vegna afborgana af lánum til íbúðarkaupa.

Sérfræðingahópurinn mun meðal annars meta hvort velja eigi aðra af þessum tveimur leiðum, blöndu af þeim eða fara þær báðar og gefa fólki kost á að velja á milli þeirra. Verði almenn niðurfærsla fyrir valinu þarf hópurinn einnig að taka afstöðu til þess hversu almenn hún á að vera, meðal annars hvort taka skuli tillit til skuldaaðgerða á vegum stjórnvalda sem fólk hefur þegar notið.

Hann á jafnframt að taka út kosti og galla þess að stofna sérstakan leiðréttingarsjóð sem ætti að brúa bilið þangað til niðurstaða fæst um endanlegt uppgjör við kröfuhafa föllnu bankanna.

stigur@frettabladid.is



**SKIPA NEFNDIR** Bjarni og Sigmundur hafa ekki verið fyllilega sammála um það hvaða menn eigi að skipa í sérfræðingahópinn um skuldavandann. Peir virðast hins vegar vera búnir að ná saman um það að mestu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## Fleiri hópar skipaðir

Fram kom í fréttum RÚV í gær að forsætisráðherra mundi jafnframt í þessari viku skipa sérfræðingahóp um afnám verðtryggingar af neytendalánum. Tillögur þess hóps eiga að liggja fyrir í lok árs. Þá sé verkefnisstjórn um framtíðarskipan húsnæðismála að taka til starfa og hópurinn komi saman til fyrsta fundar á næstu dögum.

Leikskólabörn komu að ónýtri uppskeru í kartöflugarði á leikskólalóðinni:

# Rústuðu kartöfluuppskerunni

**SAMFÉLAGSMÁL** „Það er búið að eyðileggja þetta fyrir börnunum sem ætluðu að fá uppskeru upp úr garðinum. Þarna eru lítil börn sem verða fyrir tilfinningatjóni,“ segir Elín Erna Steinarsdóttir, leikskólastjóri á Bakkaborg.

Aðkoma starfsfólks Bakkaborgar var heldur leiðinleg þegar það mætti til vinnu að nýju eftir sumarfrí í fyrradag því búið var að tæta upp megnið af kartöflugrösum sem börnin á leikskólanum höfðu gróðursett fyrir sumarfrí. „Börnin komu svo hér í gærmorgun og sáu strax að það var búið að skemma uppskeruna þeirra.“



ELÍN ERNA STEINARSDÓTTIR

Elín vonast til þess að málið verði hugvekja fyrir íbúa í hverfinu. „Vonandi leiðir þetta til umræðu innan hverfisins þannig að íbúar hverfisins séu líka vakandi fyrir hverfinu sínu og passi upp á það,“ segir Elín.

Hún vonast til þess að hægt verði að læra af atvikinu.



**SKEMMDARVERK** Kartöflugarðurinn var illa leikinn eftir skemmdarverk. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Börnin voru að taka myndir af þessu og ræða sín á milli hvað það væri leiðinlegt að það væri búið að skemma fyrir þeim. Það vill enginn láta skemma fyrir sér og þess vegna skemmir maður ekki fyrir öðrum. Það sem skiptir mestu máli er að þetta komi ekki fyrir aftur,“ segir Elín Erna Steinarsdóttir. - js

# VERKFÆRI SEM HÆGT ER AÐ TREYSTA !

TOPTUL®

IBTGCAI2802

## TOPPLYKLASETT 28 STK.

1/2” 8 - 32 mm
Framlenging með LED ljósi
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**9.900** m/vsk
Fullt verð 15.520

IBTGADW4101

## TOPPA OG BITASETT.

41 stk. 1/4” toppar 4 - 14mm
Framlengingar
Skrall og bitar
Sterk plasttaska



**5.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI130B

## TOPP, BITA OG FASTLYKLASETT 130 STK.

1/4” - 3/8” - 1/2”
Toppar 4 - 32 mm | 5/32” - 1 1/4”
Lyklar 8 - 22 mm
E toppar, sexkantbitar og fl.
Sterk plasttaska

TILBOÐ



**26.900** m/vsk
Fullt verð 37.900

IBTGCAI094R

## TOPPA, OG BITASETT 94 STK.

1/4” 4 - 14 mm
1/2” 10 - 32 mm
Bitar og fl.
Sterk plasttaska



**14.900** m/vsk
Fullt verð 25.230

IBTGCAI4601

## TOPPLYKLA, OG BITASETT 46 STK.

1/4” 4 - 14mm
Bitar og toppar
Framlengingar
Sterk plasttaska



**6.900** m/vsk
Frábært verð

IBTGCAI9601

## VERKFÆRASETT 96 STK.

TILBOÐ

Toppar 1/4” - 1/2” 4 - 32 mm
Toppar, lyklar, skrúfjárn, töng
Nippillyklar og fl.
Sterk plasttaska



**22.900** m/vsk
Fullt verð 37.200

## 283 STK - VERKFÆRAVAGN Á HJÓLUM

7 Skúffur
1/4”, 3/8” og 1/2” topplyklasett
Fastir lyklar, sexkantar og skrúfjárn,
djúpir toppar, höggskrúfjárn, öfuguggasett, slaghamar,
splittatangir, tangir, bitar og fl.
Sterkur vagn með lás








**179.900** m/vsk
Okkar besta verð







IBTDJAC0106

## 6” SKRÚFSTYKKI MEÐ SNÚNINGI 180°.

6” Opn

TILBOÐ



**16.900** m/vsk
Fullt verð 29.299

IBTJGAI4001

## SNITTTAPPA OG BAKKASETT 40 STK.

Tappar og bakkar
Snitttappar M3 - M12
Snittbakkar M3 - M12
Gengjuteljari, snitttappasveif
og snittbakkasveif



**9.900** m/vsk
Frábært verð

www.sindri.is / sími 575 0000

SINDRI

Viðarhöfða 6 - Reykjavík | Bæjarhrauni 12 - Hafnarfjörður



**FJÖLBREYTT** Ein af rannsóknunum sem leyfi var veitt fyrir stefnir að því að kortleggja ofbeldisbrot.

Tölfræði í júní og júlí ljós:

# Persónuvernd veitti 13 leyfi

**PERSÓNUVERND** Persónuvernd veitti þrettán leyfi í tengslum við rannsóknir og leyfi í júní og júlí. Á meðal rannsókna sem fengu leyfi til aðgangs að sjúkraskrám voru „Munur á skömmtum á prótónpumpuhemlum til karla og kvenna“, „Gallvegaskaði af völdum lyfja“, „Kortlagning ofbeldisbrota á höfuðborgarsvæðinu“ og „Umfang skipulagðrar glæpastarfsemi á Íslandi“, til að nefna dæmi.

Stofnuninni bárust 42 tilkynningar í mánuðinum um vinnslu persónuupplýsinga og tvö leyfi voru veitt til flutnings persónuupplýsinga úr landi. - nej

FUDGE Þú kemst fljótt að!
...en þú getur líka pantað tíma
FUDGE
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

# Vill þeyta fólki milli staða

Lofttæmd háhraðarör verða algengur ferðamáti í framtíðinni, að minnsta kosti ef hugmyndir bandaríska athafnamannsins Elons Musk verða að veruleika. Hann skortir ekki peninga til að prófa hvort það gengur.

**BANDARÍKIN** Auðkýfingurinn Elon Musk hefur kynnt hugmyndir sínar um ferðir í lofttæmdu röri, sem gæti skilað fólki á milli staða á miklu meiri hraða en til þessa hefur þekkst.

Hann nefnir aðferðina Hyperloop og líkist hún helst einhverju sem hann las í teiknimyndasögum þegar hann var krakki.

Hugmyndin er sú að fólk setjist inn í hylki sem þeytast í gegnum rörið á milli stórborga. Fyrst á að gera tilraun með þetta á milli San Francisco og Los Angeles. Musk segir að hægt verði að komast þessa leið á rúmum hálftíma, sem er meira en helmingi hraðar en þegar þessi sama leið er farin flugleiðis.

Hugmyndirnar hljóma eins og tómur vísindaskáldskapur en Musk hefur áður framkvæmt hluti sem ekki virtust raunhæfir. Hann er einn af stofnendum netgreiðsluþjónustunnar Paypal, rafbílaframleiðandans Tesla og geimflaugafyrirtækisins SpaceX.

Hann á von á að fyrsta Hyperloop-leiðin verði að veruleika innan áratugar og að framkvæmdin muni kosta um sex milljarða dala, eða ríflega 700 milljarða króna.

Efasemdarmenn segja hann þó einfalda mjög alla þá erfiðleika sem hljóta að koma upp þegar kemur að framkvæmdum.

gudsteinn@frettabladid.is



**ELON MUSK** Þekktur frumkvöðull sem stofnaði meðal annars netgreiðsluþjónustuna Paypal og geimflaugafyrirtækið SpaceX.

## Nýr ferðamáti í háhraðaröri

Auðkýfingurinn Elon Musk hefur kynnt hugmyndir sínar um ferðir í lofttæmdu röri, sem gæti skilað fólki á milli staða á miklu meiri hraða en til þessa hefur þekkst.




Heimild: www.spacex.com, ET3.com, fréttastofur © GRAPHIC NEWS

SUMARTILBOÐ
ELDHÚS- OG BAÐINNRÉTTINGAR
COUNTRY, hvítt háglans, bökuð duftlökkun
DUCAL eik eða hvítt háglans, duftlökkun
30-60% AFSLÁTTUR
LINE hvítt háglans, höldulaus, bökuð duftlökkun
Postulíns handlaug
ASKUR 110x48 cm, m. hliðarskáp
LINE 80x46cm, heil handlaug
BAÐ 47x47 cm, hvít háglans
FJÖLDI ANNARRA INNRÉTTINGA Á TILBOÐSVERÐI
ÝMSAR AÐRAR VÖRUR, STURTUKLEFAR, STURTUHURÐIR, BLÖNDUNARTÆKI, BAÐKÖR, SPEGLAR OG FLEIRI FYLGIHLUTIR
MEÐ VERULEGUM AFSLÆTTI
Bað 60x46 Spegilskápur fylgir
Bað 100x46 Spegilskápur fylgir
Bað 53x31 Spegill fylgir
WWW.I-T.IS
OPIÐ VIRKA DAGA FRÁ KL. 9 – 18
LOKAÐ Á LAUGARDÖGUM Í SUMAR
Ármúla 31 • Sími: 588 7332
INNRÉTTINGAR & TÆKI - fyrir þitt heimili



**FJALLSTOPPUR KÍNVERJANS** Utan um þakíbúð sína hefur auðkýfingur í Peking árum saman dundað sér við að búa til fjallstopp. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Kínversk stjórnvöld ósátt við framkvæmdir:

# Auðkýfingur þarf að rífa niður fjallstopp

**KÍNA, AP** Kínversk stjórnvöld krefjast þess að auðkýfingur rífi niður þakíbúð sína, sem er ofan á hárri íbúðarblokk í Peking. Utan um íbúðina hefur hann búið til eins konar fjallstopp.

Stjórnvöld segja hann hafa brotið allar reglur þegar hann réðst í þessar framkvæmdir. Hann hefur fengið tveggja vikna frest til að rífa niður herlegheitin.

Aðrir íbúar blokkarinnar segjast hafa kvartað undan framkvæmdunum árum saman. Þeir segja lagnakerfi blokkarinnar liggja undir skemmdum og byggingin sjálf þoli ekki þungann. Einnig hefur verið kvartað undan hávaða sem berst frá tíðum veisluhöldum ofan af efstu hæðinni.

„Þau hafa unnið að þessum framkvæmdum árum saman. Venjulega standa þau í þessu að næturlagi,“ hefur AP fréttastofan eftir einum íbúanna. Allar tilraunir til að koma vitinu fyrir eiganda þakíbúðarinnar hafa verið árangurslausar: „Hann var mjög hrokafullur. Hann lét kvartanir mínar sig engu varða.“

Eigandinn er forstjóri kínversks lyfjafyrirtækis. Hann sagðist ætla að verða við kröfum stjórnvalda, en gerði lítið úr fjallstoppnum sem hann hefur verið að dunda sér við að búa til árum saman. Þetta væri aðeins skrautgarður. - gb



# BÍÐUR NÝR FRAMI EFTIR ÞÉR?

Exchange | Windows Server 2012

**Námskynning og ráðgjöf**
**miðvikudaginn 21. ágúst kl. 17.30**

**PROMENNT**
Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550
promennt@promennt.is • promennt.is

**Taktu þátt í leiknum okkar á Facebook og þú gætir unnið 120.000 kr. gjafabréf á námskeið að eigin vali!**
*facebook.com/Promennt*

**www.promennt.is**

# FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN

**Stígðu þín fyrstu skref í tækniheiminum! Geysilega öflug námsbraut í kerfisstjórnun, aðeins í boði hjá Promennt. Framabraut – Kerfisstjórnun er unnin í samstarfi við Microsoft og var námsbrautin sett upp í samvinnu við mörg af stærstu upplýsingatæknifyrirtækjum á Íslandi með þarfir þeirra í huga.**

## AF HVERJU FRAMABRAUT – KERFISSTJÓRNUN?

Mikil eftirspurn er eftir fólki með sérfræðimenntun og sérfræðiþekkingu í upplýsingatækni um þessar mundir og leita íslensk fyrirtæki í sívaxandi mæli eftir starfsfólki í nemendahópi Promennt. Til þess að gera fólki kleift að kynnast þessum spennandi markaði bjóðum við upp á geysilega öfluga tveggja anna námsbraut í kerfisstjórnun sem samanstendur af 7 námseiningum (alls 520 kennslustundir). Með þessu námi er hægt að byrja alveg á byrjuninni og byggja upp góða undirstöðu og grunn fyrir mjög kröfuharðar námseiningar sem á eftir koma. Að loknu námi á Framabraut – Kerfisstjórnun eiga nemendur möguleika á að öðlast 7 alþjóðlegar prófgráður sem er sérlega mikilvægt að hafa í farteskinu þegar sækja á um vinnu í upplýsingatæknigeiranum.

## FYRIR HVERJA?

Um er að ræða mjög gagnlega og áhugaverða námsbraut sem gerir miklar kröfur til nemenda. Þetta nám hentar þeim sem hafa áhuga á að ná frama á upplýsingatæknisviði með kerfisstjórnun sem aðalgrein. Námið er því upplagt fyrir byrjendur í upplýsingatækni þar sem hvorki er krafist reynslu né annarrar menntunar á sviði upplýsingatækni.

## FJÁRMÖGNUN

Ýmsar leiðir eru í boði til fjármögnunar á námsbrautinni (m.a. raðgreiðslur, styrkir frá stéttarfélögum, styrkir fyrir atvinnuleitendur o.fl.). Við hvetjum alla sem hafa áhuga að hafa samband við okkur og við aðstoðum hvern fyrir sig í að finna bestu fjármögnunarleiðina.

> ***Þessi námsbraut lítur virkilega vel út. Hún tekur á nær öllum þáttum daglegs starfs kerfisstjóra hjá miðlungsstóru fyrirtæki og upp úr. Ég man ekki eftir að hafa séð svona heilstætt og markvisst kerfisstjóranám áður. Þetta nám er hverrar krónu virði fyrir þá sem vilja verða góðir IT kerfisstjórar og þeir sem taka prófin eru komnir með menntun og hæfni sem er alþjóðlega viðurkennd.“***
>
> *Bergþór Hauksson, Segment product owner in production hjá CCP og fyrrum forstöðumaður upplýsingatæknisviðs hjá Sjóvá.*

Skráning fer fram á vefnum okkar, **www.promennt.is,** og þar má einnig finna allar nánari upplýsingar.

## VIÐFANGSEFNI NÁMSBRAUTARINNAR

**Undirbúningur: Námstækni með MindJet** 12 std.

1. **hluti: Tölvuviðgerðir A+** 50 std.
2. **hluti: Network+** 50 std.
3. **hluti: CCNA (Cisco Certified Network Associate)** 126 std.
4. **hluti: Virtualization** 10 std.
5. **hluti: MCSA (áður MCITP)** 180 std.
6. **hluti: Exchange 2013** 50 std.
7. **hluti: Verkefnadagar/lokaverkefni seinni annar** 42 std.

Hefst: **2. september 2013** • Lýkur: **7. júní**
Námskynning og ráðgjöf þriðjudaginn 21. ágúst kl. 17.30
Verð án prófa **799.000 kr.**
Verð með 7 alþjóðlegum prófum: **999.000 kr.**

> ***Þegar ég lauk náminu fékk ég strax vinnu. Námið var gífurlega skemmtilegt og krefjandi. Kennararnir eru allt topp fólk úr bransanum sem búa yfir gríðarlegum viskubrunnum og er mjög gott að nálgast þá til að fá aðstoð.“***
>
> *Magnús Gylfi Hilmarsson,*
> *(Framabraut - Kerfisstjórnun, lauk námi vor 2013)*

MICROSOFT VOTTUN — *Promennt er eini Microsoft-vottaði skólinn á Íslandi.*

FJARKENNSLA Í BEINNI — *Hjá Promennt er boðið upp á fjarkennslu í beinni.*

DAG- OG KVÖLDNÁM — *Hjá Promennt er boðið upp á dag- og kvöldnám.*

**PROMENNT**
**Skeifunni 11B • 108 Reykjavík • Sími 519 7550 • promennt@promennt.is • promennt.is**

PROMENNT

PIPAR\TBWA • SÍA • 131334

Hatursáróður um gleðigöngu:

# Skemmandi ofbeldi venjulega fólksins

Skrif tveggja þekktra manna um gleðigönguna í Reykjavík síðastliðinn laugardag hafa vakið athygli.

Halldór Jónsson, verkfræðingur í Kópavogi, skrifaði bloggpistil um að í göngunni fælist „ofbeldi samkynhneigðra“ sem hefði gengið alltof langt. Halldór sagðist styðja jafnréttisbaráttu samkynhneigðra (eins og er orðið í tízku hjá þeim sem ekki hafa losnað við fordómana gagnvart samkynhneigð) en skilgreindi „ofbeldið“ þannig að ætlazt væri til að „venjulegir karlmenn“ þyldu að horfa á karlmenn í sleik á almannafæri. „Þeir virðast heimta að við segjum að okkur finnist þetta flott og allt í lagi. Okkur streiturum finnst þetta hins vegar viðbjóðslegt og viljum ekki horfa á þetta. Okkur er auðvitað sama þótt þeir geri þetta en látið augu okkar í friði. Almennt velsæmi er ekki úrelt,“ skrifar Halldór.



**Ólafur Þ. Stephensen**

olafur@frettabladid.is

Undir þetta tók Gylfi Ægisson tónlistarmaður í athugasemd á vef DV og sagði meðal annars: „Börn sem horfa á og alast upp við að þetta sé allt eðlilegt finnst þetta kannski spennandi og skemmast við að sjá þetta seinna meir. Ef svo að þjóðin öll verður orðin öfug eftir nokkur ár, þarf að flytja inn börn frá Rússlandi.“ Auðvitað þykir Gylfa líka „vænt um“ samkynhneigða eins og hann tók fram í útvarpsviðtali þar sem hann ítrekaði fordómana.

Anna Pála Sverrisdóttir, formaður Samtakanna ´78, sagði í Facebook-færslu í gær að hún væri „þreytt á að hatursorðræða gegn hinsegin fólki teljist vera „skoðun“ sem gott sé að sé opinberlega rökrædd“. Það er rétt hjá henni. Taut af þessu tagi á ekkert skylt við heilbrigð skoðanaskipti, heldur flokkast undir hatursfulla fordóma. Í hegningarlögunum er það skilgreint sem afbrot; refsa má fólki sem „með háði, rógi, smánun, ógnun eða á annan hátt ræðst opinberlega á mann eða hóp manna“, meðal annars vegna kynhneigðar viðkomandi.

Það er algengt að klæða fordóma gagnvart því að samkynhneigðir sýni ást sína opinberlega í búning umhyggju fyrir „almennu velsæmi“. En ætli Halldóri Jónssyni finnist líka viðbjóðslegt að strákur og stelpa fari í sleik á almannafæri? Og sér Gylfi Ægisson ekki gargandi kaldhæðnina í því að höfundur Sjúddirarírei hafi áhyggjur af því að kossar á almannafæri eða borgarstjóri á upphlut skemmi barnssálir?

Auðvitað geta menn sagt sem svo að kallagreyin séu nú ekki að hvetja til að neitt verði gert á hlut samkynhneigðra. Nei, ekki nema að reka þá aftur í felur sem annars flokks borgara sem mega ekki sýna tilfinningar sínar opinberlega eins og aðrir. Gleymum heldur ekki að áróður um „viðbjóðslega“ hegðun sem gæti endað með að „öll þjóðin verði öfug“ er víða notaður til að réttlæta gróft ofbeldi gegn samkynhneigðum – stundum lögbundið, ríkisrekið ofbeldi eins og í Rússlandi.

Sem betur fer átta flestir sig á því að samkynhneigðir eru venjulegt fólk, sem lætur eðlilegar kenndir og tilfinningar í ljósi við þá sem það elskar. En það að svona galnir fordómar skuli enn vera til sýnir rækilega fram á að það er langt frá því að gleðigangan sé orðin úrelt eða ónauðsynleg og sigur unninn í mannréttindabaráttu samkynhneigðra.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.

ISSN 1670-3871

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

HAFÐU FJÖLPÓSTINN ÞINN
Í FRÉTTABLAÐINU

Fréttablaðið er mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á keppinautana. Meðallestur Fréttablaðsins í aldurshópnum 25-54 ára er 73% á höfuðborgarsvæðinu.*



Við bendum auglýsendum á að notfæra sér forskotið þegar þeir velja dreifingarleið fyrir fjölpóst sinn. Við dreifum sex daga vikunnar til heimila á stærsta markaðssvæði landsins.

Kannaðu dreifileiðir og verð í síma 512 5448 eða í tölvupóstfangi fjolpostur@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ

Innskot í Fréttablaðið skilar árangri!

*Prentmiðlakönnun Capacent október–desember 2012 – höfuðborgarsvæði 25-54 ára

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Kunnuglegt

Þau eru kunnugleg, viðbrögðin við pistli blaðamannsins Cyrus Sanati á CNN, sem í pistli spáði frekari áföllum í íslensku efnahagslífi á næstunni. Della, segja menn. Eða „nánast hrein steypa“, svo að notuð séu orð Gylfa Magnússonar hagfræðidósents, og fleiri taka undir. Pistill Sanatis sé fullur af rangfærslum og einkennilegum ályktunum. Þetta kannast maður við frá því fyrir nokkrum árum. Þá sagði Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, þáverandi menntamálaráðherra, ummæli erlends sérfræðings um fallvaltleika okkar makalaus og spurði hvort hann þyrfti ekki á endurmenntun að halda.



### Ósammála

Kannski er allt annað uppi á teningnum núna. Og vissulega þótti **Gylfi Magnússon** á þeim árum svo skarpur greinandi að hann var gerður að viðskiptaráðherra eftir hrun. Varla getur hann haft rangt fyrir sér núna? Reyndar eru nokkrir sem eru ósammála. Til dæmis hagfræðingarnir og þingmennirnir fyrrverandi, **Lilja Mósesdóttir** og Þór Saari, sem bæði hafa tekið undir varnaðarorð bandaríska pistlahöfundarins síðustu daga. Og þá er það spurningin: Hvort eigum við frekar að taka mark á Gylfa eða Þór og Lilju?

### Kostnaðarsamt

Umræðunni um IPA-styrki Evrópusambandsins er ekki lokið. Hún hefur verið misjafnlega hófstillt, eins og við er að búast, og misjafnlega ígrunduð. Guðmundur Steingrímsson, formaður Bjartrar framtíðar, er sá nýjasti til að leggja orð í belg. Á Facebook veltir hann því fyrir sér hvernig það fari saman að fólkið sem sagði í upphafi aðildarviðræðna við Evrópusambandið að þær yrðu of kostnaðarsamar sé jafnframt ósátt við IPA-styrkina sem veittir eru svo að aðildarferlið verði ekki of kostnaðarsamt. Vænta má að allir hafi svör við því á reiðum höndum. **stigur@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# „Skoðanir“ á hinsegin fólki

FORDÓMAR



**Anna Pála Sverrisdóttir**
formaður Samtakanna 78

Undanfarna daga hafa íslenskir fjölmiðlar fjallað mikið um málefni hinsegin fólks, þ.e. samkynhneigðs, tvíkynhneigðs og transfólks. Það er frábært að fá umfjöllun, ekki síst af því lengi vel var þöggun ein helsta birtingarmynd mismununar gegn hinsegin fólki. Stórfrétt síðustu daga er sú að enn fjölmenni íslenskur almenningur til að horfa á Gleðigönguna og sýna mikilvægan stuðning í verki við réttindi hinsegin fólks.

Mikilli umfjöllun fylgja gjarnan skoðanaskipti. Það hryggir mig hins vegar að of mikil orka og athygli undanfarna daga hefur farið í að veita þeim „skoðunum“ vængi sem byggja í grunninn á fyrirlitningu og fordómum gegn hinsegin fólki. Tjáningarfrelsi og lýðræðisleg umræða snýst nefnilega ekki um það að hver sem er megi slá hverju sem er fram um aðrar manneskjur, án ábyrgðar.

Mannréttindum einnar manneskju á borð við tjáningarfrelsi og trúfrelsi eru almenn takmörk sett við það að valta yfir mannréttindi annarrar, svo sem með því að niðurlægja eða hvetja til mismununar gagnvart henni vegna kynvitundar eða kynhneigðar. Fjölmiðlar og annað fólk sem stýrir opinberri umræðu þarf alltaf að hafa þetta í huga. Þeirra er valdið til að ákveða hvaða umræða fær pláss og hversu mikið af órökstuddri og fordómafullri orðræðu er miðlað.

Svo ég taki dæmi um manneskju sem ber mikla ábyrgð í opinberri umræðu vil ég nefna biskup Íslands. Eftir því sem ég best veit kemur enn til greina að hún taki þátt í samkomu þar sem aðalstjarnan er bandarískur predikari sem hefur það að gróðalind að miðla hatursáróðri um hinsegin fólk. Biskup segist sjálf annarrar skoðunar en predikarinn en hefur látið í ljósi að hún telji best að nokkurs konar samtal fari fram. Um leið og ég þakka henni kærlega stuðning við málstað hinsegin fólks vil ég spyrja hvort sá stuðningur mætti ekki vera afdráttarlausari, því varla léti hún bjóða sér upp á að taka þátt í samtali sem byggði á skoðun gagnaðilans um að svart fólk sé óæðra hvítu. Við eigum að vera komin lengra en það.

Svo ég taki annað lítið dæmi má nefna að stjórnendur þáttarins Reykjavík síðdegis leyfðu Gylfa Ægissyni í fyrradag að tala endurtekið um kynferðisofbeldi af hálfu karlmanna sem hann og vinir hans hefðu orðið eða næstum orðið fyrir. Efni samtalsins átti þó að vera Gleðigangan. Kynferðisofbeldi er alltaf grafalvarlegt en tengist Gleðigöngunni eða baráttu hinsegin fólks ekki neitt. Ég gæti tekið ýmis fleiri dæmi um særandi og óþarfan fréttaflutning fjölmiðla, sem byggir á vanhugsuðum sleggjudómum í stöðuuppfærslum og athugasemdum Gylfa og fleiri aðila að undanförnu. Af hverju á þetta svona mikið erindi í umræðuna?

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is*
**VÍSIR:** Kristján Hjálmarsson, *kristjan@visir.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Í orðastað háttprúðrar konu

Í DAG

Steinunn Ólína Þorsteinsdóttir
leikkona

Mikið sem mér líst vel á fyrrverandi formann fulltrúaráðs Sjálfstæðisflokksins í Kópavogi, þennan Halldór Jónsson.

Hann telur sig ekki sérstakan eða yfir aðra hafinn þrátt fyrir að vera langskólagenginn verkfræðingur og þær tilkomumiklu ábyrgðarstöður sem hann hefur gegnt innan vébanda flokksins. Hann er bara venjulegur maður.

Ég er venjuleg kona og mér hefur alltaf líkað vel við venjulegt fólk, fólk sem er svo venjulegt, jafnvel hversdagslegt, að maður myndi aldrei veita því eftirtekt hvort það væri hér eða þar. En það er einmitt þetta venjulega fólk sem hefur hvað breiðastan skilning á líðan sinna líka og getur af þeim sökum sett í orð tilfinningar þeirra venjulegu og talað fyrir þeirra munn.

Loksins, loksins segir einhver það sem við öll erum að hugsa! Nú mun sjá fyrir endann á því ofbeldi sem við þurfum að þola af hendi samkynhneigðra. Einhver sem setur fingurinn á það sem vekur með okkur viðbjóð. Meðbróðir sem hefur tungutak unga fólksins á hraðbergi og réttnefnir okkur „streitara“. Kominn er fram sá sem skilur takmarkaða víðsýni okkar og afgirt umburðarlyndi okkar.

## Heilmikil skrípasýning

Ég fór sjálf í hina margumræddu gleðigöngu vegna þess að ég er hlynnt mannréttindum, svona í grófum dráttum, líkt og Halldór. Ég á frænda, fjarskyldan, sem er „hinsegin“ eins og það kallast og er hinn besti karakter.

Hátíðarhöldin voru eins og undanfarin ár heilmikil skrípasýning full af kátínu og ærslum. Töluvert sá ég af erlendum gestum sem voru í engu eftirbátar landa vorra þegar kemur að fíflabúningum og fettum og brettum.

„When in Rome, do as the Romans do.“

Gleðigangan minnir mig um margt á náttúrulífsþætti þar sem sjónum er beint að framandi tegundum í dýraríkinu. Tegundum sem eru svo furðulegar að maður tekur andköf og jafnvel blygðast sín yfir sköpunarverkinu. Mér er sérlega minnisstæður þáttur um trúðfiska sem skipta um kyn bara eftir hentugleikum.

Ég er ekki viss um að framleiðendur kvikmyndanna hugljúfu um Nemó litla hafi gert sér grein fyrir þessu þegar þeir völdu hann til aðalhlutverks í kvikmynd ætlaða börnum á mótunaraldri. En ég hef af þessum sökum aldrei boðið mínum börnum upp á að horfa á þessa mynd og þykist viss um að Halldór er sama sinnis.

Annað eftirminnilegt dæmi er um hrúðurkarla sem eru með þeim ósköpum gerðir að þeir eru tvíkynja og geta jafnvel frjóvgað sig sjálfir. Þrátt fyrir að þeir séu, eins og gjarnt er um karla af þessu tagi, ófærir um að færa sig um set sökum eðlisgerðar sinnar aftrar það þeim ekki við kynlífsiðkun. Þeir stunda svokallaða krossvíxlun þar sem tveir fjörukarlar frjóvga hvor annan samtímis. Þar hjálpar til að getnaðarlimur þeirra er margfalt lengri en líkami þeirra. Þegar þarna var komið sögu slökkti ég nú bara á sjónvarpinu og fór í kalt steypibað því það er nú svo margt í svona náttúrulífsþáttum sem stríðir gegn grundvallarskilningi mínum á sköpunarverkinu.

## Látið augu mín í friði!

Mér fannst dásamlegt að sjá fulltrúa íslensku kvenþjóðarinnar líða áfram í göngunni í íslenskum upphlut. Þetta var rauðbirkinn kvenmaður. Hún var nokkuð digur um sig miðja, stuttklippt en falleg var hún og góðleg svona í fjarska séð. Ég hugsaði með mér að það færi vel á því að einhver stæði vörð um kynréttindi hinnar venjulegu íslensku konu og hversu gott það væri að almennt velsæmi væri þá ekki með öllu úrelt. Þarna væri þó einhver sem héldi uppi merkjum minnar siðprúðu, vandlátu og lítt brúkuðu teboðspíku.

Ég gekk upp Bankastrætið að göngunni lokinni og varð starsýnt á miðaldra konur sem létu vel hvor að annarri á strástólum fyrir utan veitingahúsið Sólon. Svo mikið varð mér um þetta að ég vissi ekki fyrr en ég hafði hrasað um götustein og endasenst marflöt inn í glugga verslunar sem selur ullarfatnað fyrir útlendinga.

Ég gat með naumindum reist mig við með því að grípa um læri stæðilegrar vetrarklæddrar karlmannsgínu sem í glugganum stóð en þá tók nú ekki betra við. Í gegnum klof gínunnar sá ég umræddar konur kyssast af slíkri áfergju og nautn að mig sundlaði. Þetta öfuguggashow ætlaði engan endi að taka og mér fannst um tíma að ég væri kynlífsambátt á kampavínsklúbbi eins og maður hefur lesið um í innlendum sóðablöðum.

Mig langaði til að hrópa: „Látið augu mín í friði! Af hverju viljiði stjórna hugsunum mínum líka?“

Þið hafið fengið flest þau réttindi sem þjóðfélagið getur boðið ykkar líkum! Er það ykkur ekki nóg?

> Gleðigangan minnir mig um margt á náttúrulífsþætti þar sem sjónum er beint að framandi tegundum í dýraríkinu. Tegundum sem eru svo furðulegar að maður tekur andköf og jafnvel blygðast sín yfir sköpunarverkinu.

Ég er venjuleg kona og vil standa vörð um gildi þeirra venjulegu. Ég hef ekki menntun Halldórs og ekki er ég flugdellukall, tennis- og badmintonspilari eins og hann.

Ég er venjuleg kona, hef áhuga á siðmenningu og prjóna og hekla mér til skemmtunar. En ég er, eins og Halldór tekur fram af lítillæti á heimasíðu sinni, ekki góð í neinu af þessu.

## AF NETINU

### Minna fer fyrir Sjálfstæðisflokknum

Prófkjörsbaráttan vegna borgarstjórnarkosninganna næsta vor er bersýnilega að hefjast í Sjálfstæðisflokknum eins og sjá má af viðtali við Gísla Martein Baldursson, borgarfulltrúa á Rás 2 í morgun, þar sem hann lýsti yfir áhuga sínum á að leiða flokkinn í þeim kosningum. Í þessu sambandi er ástæða til að vekja athygli á tvennu:

Í fyrsta lagi hefur ekki komið fram á sjónarsviðið á vettvangi borgarmála nýr afgerandi foringi úr röðum sjálfstæðismanna. Þess vegna má vel vera að þessi barátta verði jafnari en áður og að fleiri komi við sögu en stundum áður, þegar baráttan hefur kannski aðallega staðið á milli einhverra tveggja.

Það er svo umhugsunarefni út af fyrir sig fyrir Sjálfstæðisflokkinn hvers vegna engir skýrari kostir hafi komið fram. Er það einhver veikleiki í starfsemi flokksins í Reykjavík sem veldur því? Í öðru lagi hefur verið eftir því tekið að minna hefur farið fyrir Sjálfstæðisflokknum í borgarstjórn Reykjavíkur á þessu kjörtímabili en oft áður. Hvað veldur?

evropuvaktin.is

*Styrmir Gunnarsson*

### Félagsvísindasvið Háskóla Íslands á villigötum

Eitt af meginhlutverkum háskóla er að vera gagnrýnið afl í samfélaginu. Forseti Félagsvísindasviðs Háskóla Íslands virðist engan veginn átta sig á því hlutverki ef marka má viðtal við hann á Bylgjunni þann 12. ágúst sl. Málflutningur forsetans var í stuttu máli sagt áróður fyrir íslenska kvótakerfinu, sem hefur leitt til brottkasts, svindls og byggðaröskunar, auk þess að hafa komið í veg fyrir nýliðun í atvinnugreininni og leitt til stórfellds eftirlitskostnaðar.

blog.pressan.is/sigurjonth

*Sigurjón Þórðarson*


Stuðningur fyrir hlaupin
Mikið úrval af stuðningshlífum frá Sporlastic.
Vandaðar vörur á góðu verði.
Komdu og skoðaðu úrvalið
- við tökum vel á móti þér og finnum réttu lausnina fyrir þig.
FASTUS_H_23.08.13
SPORLASTIC
FASTUS
Komið í verslun okkar að Síðumúla 16. Opið mán - fös 8.30 - 17.00
Síðumúli 16 • 108 Reykjavík • Sími 580 3900 • www.fastus.is

ÚTSALA Í BETRA BAKI!
ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA • ÚTSALA
Allt að 50% afsláttur

Levanto hægindastólar
20% afsláttur
Verðdæmi
LEVANTO leður hægindastóll með skemli
Kr. 111.840
Fullt verð kr. 139.800
Fæst í svörtu, hvítu og rauðu leðri.
Einnig til í mörgum litum í áklæði.
Betra BAK
Stillanleg heilsurúm í sérflokki!
20%-45% afsláttur

HOLLANDIA
stillanlegt að þínum þörfum!
Svefnsófar margar gerðir
15%-35% afsláttur

Dýnustærð 140x200 cm
Verðdæmi
SENSEO svefnsófi
Afsláttarverð kr. 267.800
Fullt verð kr. 412.000
Faxafeni 5, Reykjavík, S: 588 8477 | Skeiði 1, Ísafirði, S: 456 4566 | Dalsbraut 1, Akureyri • S: 558 1100 • www.betrabak.is



Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegs sambýlismanns míns, föður okkar, tengdaföður, afa og langafa,

**JAKOBS MARTEINSSONAR**
**frá Hálsi í Köldukinn,**
**Laugarnesvegi 76, Reykjavík.**

Sérstakar þakkir til starfsfólks á E11 krabbameinslækningardeild og líknardeild Landspítalans í Kópavogi fyrir góða umönnun og hlýlegt viðmót.

**Magnea Sveinbjörg Árnadóttir**
**Sólveig Björk Jakobsdóttir** **Hafþór Kristjánsson**
**Flosi Þórir Jakobsson** **Þóra Pétursdóttir**
**Maren Aðalbjörg Jakobsdóttir**
**Ómar Svavar Jakobsson** **Sonja I. Jósefsdóttir**
**Knútur Elvar Jakobsson**
**Ævar Birgir Jakobsson** **Hallbera Bjarnadóttir**
**Helga Garðarsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**MÁR ÁRSÆLSSON**

lést á Landspítalanum við Hringbraut sunnudaginn 11. ágúst.
Hann verður jarðsunginn frá Neskirkju fimmtudaginn 22. ágúst kl. 13.00.

**Lilja Kristjánsdóttir**
**Áskell Másson** **Sigríður Búadóttir**
**Ársæll Másson** **Margrét Pálsdóttir**
**Karólína Margrét Másdóttir** **Stefán Jóhannsson**
**Þórdís Másdóttir** **Aðalsteinn Stefánsson**
**Ottó Másson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**REIMAR STEFÁNSSON**
**rafvirkjameistari,**

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut laugardaginn 10. ágúst. Jarðarför auglýst síðar.

**Kristín Árnadóttir**
**Helgi Reimarsson** **Þorbjörg Guðnadóttir**
**Guðný Reimarsdóttir** **Sverrir Tryggvason**
**Elsa Reimarsdóttir** **Leifur Ragnar Jónsson**
**Árni Reimarsson** **Bjarndís Fjóla Jónsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær sonur okkar, unnusti, bróðir, tengdasonur og frændi,

**ÞÓRHALLUR ÞÓR ALFREÐSSON**
**Funafold 91, Reykjavík,**

lést af slysförum laugardaginn 10. ágúst.
Útför Þórhalls Þórs verður auglýst síðar en haldin verður bænastund í Grafarvogskirkju kl. 18.00 í kvöld, miðvikudaginn 14. ágúst, og eru allir velkomnir þangað.

**Alfreð Eyfjörð Þórsson** **Aðalheiður Þórhallsdóttir**
**Anna Sigríður Sigurjónsdóttir**
**Guðmundur Heiðar Ásgeirsson**
**Berglind Alfreðsdóttir**
**Bryndís Alfreðsdóttir**
**Árni Viðar Sveinsson** **Margrét Sigmundsdóttir**
**og fjölskyldur.**


## Legsteinar og fylgihlutir

Frí uppsetning á höfuðborgarsvæðinu
og frí sending út á land
á öllum keyptum legsteinum

**Mikið úrval - Gerið verðsamanburð**



Steinsmiðjan Mosaik
Hamarshöfða 4 - 110 Reykjavík - sími 587 1960 - www.mosaik.is




FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

**AFMÆLISBARNIÐ** „Ég er alinn upp við hljómsveitarbransann frá blautu barnsbeini og á honum mikið að þakka,“ segir Geir Ólafs.

# Aldrei hugsað um aldur

## Söngfuglinn Geir Ólafsson er fertugur í dag en bíður með veisluhöld til helgarinnar. Þá mun söngur óma. Geir hefur fleiru að fagna en stórafmæli því hann er líka nýtrúlofaður.

„Ég ætla að halda smá veislu fyrir vini og vandamenn laugardaginn 17. ágúst og á von á nokkrum frábærum söngvurum þangað, svo sem Agli Ólafs, Gissuri Páli, Ragga Bjarna og Páli Rósinkrans,“ segir Geir Ólafsson söngvari spurður hvernig hann ætli að fagna fertugsafmælinu sem er í dag. Býst hann við að taka lagið sjálfur? „Ég get auðvitað ekki sagt nei ef ég verð beðinn en ætla samt fyrst og fremst að njóta þess að hlusta á þá sem koma og gleðja mig á þessum degi,“ svarar hann. Geir er hamingjusamur þessa dagana. Hann er ekki bara að halda dúndurafmælisboð heldur er hann líka nýtrúlofaður. Unnustan heitir Adriana og er frá Kólumbíu en starfar í banka á Spáni. Skyldi hún ætla að flytja til Íslands? „Nei, við erum í fjarbúð og fljúgum á milli en reynum að vera saman eins mikið og við getum. Þannig býst ég við að það verði enn um sinn.“

Geir er borinn og barnfæddur Reykvíkingur, næstyngstur sjö barna Ólafar Ragnhildar Ólafsdóttur og Ólafs Benediktssonar. „Ég er úr Breiðholtinu en tel mig samt ekki Breiðholtsvilling, né aðra þá sem ólust þar upp um leið og ég. Þeir sem ég þekki hafa staðið sig vel í lífinu og verið Breiðholtinu til sóma,“ tekur hann fram.

Hann kveðst alltaf hafa lifað og hrærst í músík. „Faðir minn var trommuleikari í Sóló, Sextett Óla Ben og Lúdó og Stefáni þannig að ég er alinn upp við hljómsveitarbransann frá blautu barnsbeini og á honum mikið að þakka.“

En hvernig leggst það í Geir að vera að skríða yfir á fimmtugsaldurinn? „Ég tek nú bandarísku leiðina á þetta og segi „early forties“! En ef maður dregur andann og lifir og hugsar vel um líkamann þá skiptir engu máli hvað maður er gamall því heilsan er aðalatriðið í lífinu. Ég hef verið svo heppinn að umgangast fólk á öllum aldri og hef aldrei hugsað um aldur þess heldur frekar um hvernig því líður. Það er aðalatriðið.“ gun@frettabladid.is



Elskuleg eiginkona, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, systir, mágkona og frænka,

**ÁSDÍS KJARTANSDÓTTIR**
**frá Bakka á Seltjarnarnesi,**
**Suðurgötu 56, Siglufirði,**

lést mánudaginn 12. ágúst.

**Björn Jónasson**
**Rakel Björnsdóttir** **Thomas Fleckenstein**
**María Lísa Thomasdóttir** **Björn Thomasson**
**og aðstandendur hinnar látnu.**



Ástkær systir okkar,

**ELÍSABET BJARNADÓTTIR**
**frá Álfadal á Ingjaldssandi,**
**síðast til heimilis að Skipholti 21,**

lést á dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund fimmtudaginn 1. ágúst. Hún verður jarðsungin frá Fossvogskapellu fimmtudaginn 15. ágúst klukkan 13.00.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Ívar Bjarnason**
**Hulda Guðmundsdóttir**



Ástkær móðir mín, tengdamóðir og amma okkar,

**ÁSTA GUÐMUNDSDÓTTIR**
**Sólheimum 23, Reykjavík,**

sem lést á Landspítalanum þriðjudaginn 6. ágúst verður jarðsungin frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 15. ágúst klukkan 13.00.

**Harpa Hauksdóttir** **Þröstur Guðmundsson**
**Bjarni Þrastarson**
**Davíð Þrastarson**



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÖRN ÁSBJARNARSON**
**Gvendargeisla 82,**

lést á krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut þann 2. ágúst sl.

Sérstakar þakkir til deilda 11C og 11E fyrir hlýja og góða umönnun.

Bálför hefur farið fram í kyrrþey.

**Denise Kristín Champion**
**Ásbjörn Sírnir Arnarson** **Petrea Dögg Ríkarðsdóttir**
**Starkaður Örn Arnarson** **Aðalheiður Kristinsdóttir**
**Tinna Ýrr Arnardóttir** **Arnar Valdimarsson**
**Tanja Dögg Arnardóttir** **Reynir Örn Björnsson**
**barnabörn og barnabarnabarn.**



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**SVANBORG ODDSDÓTTIR**
**kennari,**
**Háeyrarvöllum 18, Eyrarbakka,**

verður jarðsungin frá Eyrarbakkakirkju föstudaginn 16. ágúst kl. 14.00.

**Jón Bjarni Stefánsson**
**Oddrún Bjarnadóttir**
**Stefán Bjarnason** **Eva Bryndís Helgadóttir**
**Vignir Bjarnason** **María Fjóla Harðardóttir**
**ömmubörn og langömmubarn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma 512 5000.



ROLEX
MICHELSEN
ÚRSMIÐIR SÍÐAN 1909
Laugavegur 15 - 101 Reykjavík
511 1900 - www.sviss.is



# MARKAÐURINN

Miðvikudagur 14. ágúst 2013 | 24. tölublað | 9. árgangur

Sími: 512 5000 | vísir www.visir.is



VIÐ KOMUM VÍÐA VIÐ!
GuðjónÓ
VISTVÆNA PRENTSMIÐJAN


## ÚR VERSLUN Í HÓTELREKSTUR

→ Ítarlegt viðtal við Ólaf Torfason, stjórnarformann og eiganda Íslandshótela.

→ Rekur 13 hótel víðs vegar um landið og hyggst bæta við yfir 500 hótelrýmum á næstu árum.

→ Hefur fest kaup á gamla Blómavalsreitnum og ætlar að hefja þar starfsemi innan tíðar.

SÍÐA 4



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

## Best Buy upprisa ársins

Hlutabréf í rafvöruverslanakeðjunni Best Buy hafa hækkað hvað mest allra fyrirtækja í kauphöllinni vestan hafs það sem af er ári, eða um 158%. Til samanburðar lækkaði gengi bréfa í fyrirtækinu um helming á síðasta ári.

Á viðskiptavef CNN trónir Best Buy hæst á lista yfir upprisur ársins, en þar fyrir neðan eru meðal annars tölvuleikjaframleiðandinn Electronic Arts og tölvuframleiðandinn Hewlett Packard, sem sneri 45% falli í fyrra upp í 88% vöxt það sem af er ári.

Lykillinn að uppgangi Best Buy er meðal annars bætt viðmót til netverslunar og sparnaður í húsnæðisrekstri með því að leyfa fyrirtækjum eins og Samsung og Microsoft að opna búðir inni í verslunum Best Buy.

## Kína á topp olíuinnflytjenda

Opinberar tölur frá Bandaríkjunum benda til þess að Kína muni í næsta mánuði fara fram úr Bandaríkjunum hvað varðar innflutning á olíu og forskotið verði á ársgrundvelli næsta ár. Þessi umskipti helgast af tveimur meginþáttum, annars vegar hefur olíuframleiðsla í Bandaríkjunum stóraukist síðustu misseri og hins vegar hefur eftirsóknin í Kína aukist gríðarlega mikið. Ef fram fer sem horfir munu Bandaríkin verða óháð öðrum löndum um orku árið 2030, að því er segir á CNN.



## Með loftbyssur í símaleit

Tuttugu slösuðust þegar farsímaframleiðandinn LG stóð fyrir kynningu á nýjasta símanum úr sinni smiðju í Seúl í Suður-Kóreu. Þeir sem stóðu fyrir kynningunni síðastliðinn föstudag höfðu komið gjafamiðum fyrir síma inni í 100 helíumblöðrum sem sleppt var upp í loft. Margir þeirra vongóðu sem mættu á svæðið voru vel undirbúnir, með oddhvöss prik og jafnvel loftbyssur. Kappið bar fólk þó ofurliði með fyrrgreindum afleiðingum. Fyrirtækið hefur beðist afsökunar og útilokað að álíka aðferðum verði beitt við kynningar í framtíðinni.


HVITA HUSID/SIA – 13-1896

Startup Reykjavík
Arion banki
Innovit
Klak




SPENNANDI HUGMYNDIR VERÐA AÐ VERULEIKA

**Startup-Reykjavík verkefnið** er í fullum gangi og tíu sprotafyrirtæki þróa hugmyndir sínar með aðstoð frá Arion banka og Klak-Innovit.

Fylgstu með á www.startupreykjavik.com og á Facebook.com/StartupReykjavik.

Arion banki

## Fróðleiksmolinn

DataMarket

### Skuldir og peningalegar eignir ríkissjóðs 2004-2013




Samkvæmt tölum sem Hagstofa Íslands birtir mánaðarlega um skuldastöðu ríkissjóðs og peningalegar eignir voru heildarskuldir ríkissjóðs um 1.915 ma.kr. í lok maí 2013. Á sama tíma voru peningalegar eignir ríkissjóðs um 1.050 ma.kr. og hrein eign ríkissjóðs því neikvæð um 865 ma.kr. Frá hruni hafa skuldir verið að hækka jafnt og þétt en eignir hafa staðið nokkuð í stað. Bláa línan á myndinni sýnir þróun á hreinni eign (nettóeign) ríkissjóðs á tímabilinu.

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

### Hlutfall heildarskulda ríkissjóðs af vergri landsframleiðslu




Hlutfallsleg skuldastaða ríkissjóðs var svipuð því sem gengur og gerist á Norðurlöndum fram að hruni en í kjölfar hrunsins jukust skuldir ríkisins mikið. Sé miðað við hlutfall heildarskulda af vergri landsframleiðslu var hlutfallið nærri því að vera 120% um síðustu áramót en hefur farið lækkandi og var 104% í lok maí 2013. Eins og sjá má á myndinni er hlutfallið hátt í sögulegu samhengi.

HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS

## Dagatal viðskiptalífsins

keldan dagatal viðskiptalífsins

**Fimmtudagurinn 15. ágúst**

- **Upplýsingar um fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni og peningalegar eignir og skuldir ríkissjóðs – Stöðutölur í júní 2013**
- **Fiskafli í júlí 2013**

**Mánudagurinn 19. ágúst**

- **Samræmd vísitala neysluverðs í júlí 2013**
- **Tryggingamiðstöðin birtir sex mánaða uppgjör**

**Þriðjudagurinn 20. ágúst**

- **VÍS – Uppgjör 1. ársfjórðungs**
- **Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu**
- **Verðmæti sjávarafla** | janúar-maí 2013

**Miðvikudagurinn 21. ágúst**

- **Upplýsingar um leiguverð íbúðarhúsnæðis**
- **Útgáfudagur Peningamála og vaxtaákvörðunardagur**
- **Vinnumarkaðsrannsókn** | júlí 2013
- **Vísitala byggingarkostnaðar fyrir september 2013**

*Allar markaðsupplýsingar eru aðgengilegar á vísir*

Minna að fletta
meira að frétta

visir.is




BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

Úr umsögn dómnefndar: *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

Icelandair semur um að flughermir fyrir Boeing-757 verði staðsettur á Íslandi:

# Undirstöður flugsins treystar

Flugmenn Icelandair munu innan skamms ekki þurfa að sækja æfingar í flughermi alla leið til Kaupmannahafnar, heldur verður einn slíkur staðsettur hér á landi frá og með síðasta ársfjórðungi næsta árs.

Í tilkynningu frá Icelandair segir að samningar hafi verið undirritaðir við bandaríska fyrirtækið Opinicus um rekstur flughermis fyrir Boeing-757 þotur félagsins.

Bæði hafa nýir flugmenn félagsins þurft að fara til Kaupmannahafnar til þjálfunar og eins hafa starfandi flugmenn þurft að sækja endurþjálfun á sex mánaða fresti.

Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, segir að í ljósi aukinna umsvifa félagsins með tilheyrandi fjölgun flugvéla og flugmanna hafi þessi breyting í för með sér aukna hagkvæmni og sparnað í rekstri.

„Það er einnig ánægjulegt fyrir Icelandair að fá þjálfunina inn í landið, það treystir undirstöður atvinnugreinarinnar og eykur almenna þekkingu og reynslu hér á landi,“ segir hann.

Flughermirinn er nákvæm eftirlíking af stjórnklefa Boeing-757 flugvélar eins og Icelandair notar í sínum flugrekstri. Hann líkir eftir flugeiginleikum Boeing-757 flugvéla og í honum er hægt að æfa viðbrögð flugmanna við ýmiss konar óvæntum aðstæðum. Auk þess má þjálfa í honum flug við breytileg veðurskilyrði til að reyna á þjálfun þeirra.



**UPPGANGSTÍMAR** Birkir Hólm Guðnason, framkvæmdastjóri Icelandair, tilkynnti í gær að hér yrði settur upp flughermir á næsta ári.

Flughermir þessi hreyfist á tjökkum sem eru rafdrifnir og er því umhverfisvænni en eldri hermar, sem ganga á vökvatjökkum. - þj

# Sif Cosmetics sækir á markaði í Suður-Afríku

***Íslenska snyrtivörufyrirtækið Sif Cosmetics landaði risasamningi við eina stærstu snyrtivörukeðju í Suður-Afríku um sölu á EGF-húðdropunum.***

Íslenska líftæknifyrirtækið Sif Cosmetics, sem er dótturfyrirtæki ORF Líftækni, hefur gengið frá samningum við snyrtivörukeðjuna Imbalie Beauty Inc, sem er ein stærsta keðja sinnar tegundar í Suður-Afríku. Samningurinn hljóðar upp á sölu og dreifingu á BIOEFFECT-húðvörum frá fyrirtækinu og eru vörurnar nú fáanlegar á um hundrað stöðum þar í landi.

Fyrir eru húðvörur frá Sif Cosmetics seldar í yfir 400 verslunum um allan heim, og þá helst í Evrópu og Asíu.

„Salan hefur gengið vonum framar allt frá því að vörurnar voru fyrst kynntar í vor. Þessi markaður skiptir okkur mjög miklu máli því þarna erum við að fara inn í hundrað búðir á einu bretti,“ segir Jón Björnsson, nýr forstjóri ORF Líftækni, en Jón tók til starfa nú í sumar.

BIOEFFECT-húðvörurnar innihalda svokallaðan EGF-frumuvaka, sem á að hraða á endurnýjun húðarinnar, en að baki liggja áratuga rannsóknir ORF Líftækni á líffræði húðarinnar.

„Fyrirtækið hefur verið að selja vörur sínar erlendis síðan árið 2011 og eru þær nú að slá í gegn í Suður-Afríku,“ segir Jón og bætir við að vörurnar séu sérstaklega vinsælar í heilsulindum og á snyrtistofum.

„Heilsulindir eru mjög víða í Suður-Afríku og hafði fyrirtækið samband við okkur að fyrra bragði eftir að hafa kynnst vörunum í London.“

Jón segir að vörurnar hafi vakið gríðarlega athygli erlendis sem að útskýri aukin umsvif. „Það er mikil viðurkenning fyrir félagið að komast inn í nýja heimsálfu og inn á nýjan markað og þessi samningur gefur vísbendingu um að það leynist mjög góðir markaðir annars staðar í heiminum, þó að þeir liggi langt í burtu.“

Að sögn Jóns hefur fyrirtækið haft það að leiðarljósi að reyna að finna landsvæði þar sem vitað er að snyrtivörumarkaðurinn er vaxandi.

BIOEFFECT-húðvörurnar eru alfarið framleiddar og fluttar út frá Íslandi. „Eitt af sérkennum vörunnar er að hún er framleidd að öllu leyti hér á landi og þar með helst virðisaukinn allur innanlands. Einnig er mikil áhersla lögð á íslenskan uppruna varanna,“ segir Jón og bætir við að framtíðarsýn fyrirtækisins sé að auka útflutning félagsins enn frekar.

lovisa@frettabladid.is



**NÝR FORSTJÓRI** Jón Björnsson er nýr forstjóri ORF Líftækni, sem er móðurfélag Sif Cosmetics. Hann segir að fyrirtækið stefni á að styrkja útflutningsstarfsemi félagsins enn frekar. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### HELMINGUR STARFSFÓLKS VÍSINDAMENN

Hjá ORF Líftækni, sem er móðurfélag Sif Cosmetics, er meirihluti starfsfólks vísindamenn og starfa þar tólf doktorar á sviði lífvísinda og erfðatækni. BIOEFFECT-húðvörurnar innihalda EGF-frumuvökva, sem framleiddur er úr plöntum og inniheldur prótein sem húðfrumur nota til að senda skilaboð sín á milli um hraða endurnýjunar húðarinnar.

Frumuvakinn er framleiddur úr byggi sem er ræktað í hátæknigróðurhúsi ORF Líftækni í Grindavík.

Bandarísk yfirvöld grípa til aðgerða gegn flugfélögunum US Airways og American Airlines:

# Hafna risasamruna flugfélaga

Bandarísk stjórnvöld hafa höfðað mál til þess að koma í veg fyrir samruna American Airlines og US Airways. Með fyrirhuguðum samruna yrði til stærsta flugfélag veraldar, um það bil ellefu milljarða dala virði, með 6.700 flugferðir á dag og árstekjur upp á um fjörutíu milljarða dala.

Þegar stjórn US Airways samþykkti samrunann fyrir sitt leyti í síðasta mánuði lýsti framkvæmdastjóri félagsins því yfir að með þessu væri stefnt að því að búa til sterkan keppinaut við hina þrjá risana á markaðnum, United, Delta og Southwest.

Samruninn fyrirhugaði er hluti af endurskipulagningu American Airlines, sem hefur verið í greiðslustöðvun frá haustinu 2011.

Eric Holder, dómsmálaráðherra Bandaríkjanna, sagði í yfirlýsingu í gær að ef af samrunanum yrði yrðu afleiðingarnar „hærri fargjöld, hærri aukaþóknanir og færri valkostir“. - þj



**SAMRUNI Í UPPNÁMI** Bandarísk stjórnvöld hafa höfðað mál til að koma í veg fyrir samruna US Airways og American Airlines. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




Okkar vinna snýst um að þín vinna gangi vel. Við leggjum okkur fram um að setja okkur vel inn í það sem þú ert að gera, og þó að við þekkjum kannski ekki viðfangsefnin í þínu starfi jafn vel og þú, þá vitum við hvað starfið gengur út á.

Hjá Íslandsbanka starfar hópur fólks sem býr að áratuga reynslu af ráðgjöf við stór og smá fyrirtæki í ferðaþjónustu og hefur víðtæka sérþekkingu á fjárhagsumhverfi þeirra. Þannig getum við ávallt tryggt þeim þá bankaþjónustu sem þau þarfnast.

Þekking sprettur af áhuga.

Kristín Hrönn Guðmundsdóttir hefur veitt ferðaþjónustuaðilum og öðrum fyrirtækjum fjármálaþjónustu í meira en 10 ár. Kristín Hrönn er viðskiptastjóri hjá Íslandsbanka.

**Við bjóðum góða þjónustu**

islandsbanki.is | Sími 440 4000

Íslandsbanki

# Smásalinn sem varð hótelmógúll

*Umsvif Ólafs Torfasonar, eiganda og stjórnarformanns Íslandshótela, hafa aukist jafnt og þétt í íslensku samfélagi í gegnum árin og hafa þau aldrei verið meiri en nú. Ólafur byrjaði starfsferil sinn í lítilli verslun í miðbænum en rekur nú þrettán hótel víðs vegar um land. Hann stefnir að því að bæta minnst fjórum við flotann á næstu árum.*

**HÓTELREKSTUR**

**Lovísa Eiríksdóttir** | lovisa@frettabladid.is

„Í öðrum hverjum Íslendingi blundar genetísk hvöt til að þjónusta til borðs og sængur, sem stafar af fornum siðum,“ segir Ólafur Torfason athafnamaður, oftast kenndur við hið víðfræga Grand Hótel Reykjavík.

Ólafur Torfason er eigandi Íslandshótela og einn umsvifamesti hótelrekandi á landinu sem er hvergi nær hættur að auka hlut sinn á markaði. Hann á og rekur þrettán hótel víðs vegar um landið, vinnur að því að opna stærsta hótel á Íslandi við Höfðatorg og hefur nú fest kaup á Blómavalsreitnum svokallaða, þar sem hann hyggst opna fleiri hótelrými og byggja upp ráðstefnuaðstöðu fyrir erlenda sem innlenda gesti.

„Ég hef ávallt horft öfundaraugum á þessa lóð og það eru gríðarleg tækifæri sem leynast í öllu plássinu þar,“ segir Ólafur.

Mikil umræða hefur verið í samfélaginu um sprenginu í hótelrekstri á Íslandi og að offramboð verði á hótelrýmum á næstu árum miðað við umfangsmiklar áætlanir í þeim efnum. Ólafur blæs hins vegar á slíkar fullyrðingar. „Ég er frekar hræddur um að ferðamennirnir komi að lokuðum dyrum á næsta ári þegar uppbyggingin er enn í vinnslu,“ segir Ólafur, sem lítur björtum augum á framtíð ferðaþjónustunnar en fjárfesting hans við Höfðatorg nemur um 700 milljónum.

„Við gerðum samning um hótelið á Höfðatorgi árið 2009 þegar menn voru farnir að hafa trú á markaðnum á ný, eftir hrunið mikla. Nú höfum við ákveðið að láta slag standa og opna stærsta hótel á Íslandi,“ segir Ólafur og bætir við að það hafi verið nauðsynlegt fyrir Fosshótel-deildina, sem Ólafur á og rekur víða um land, að auka við gistirými sín í Reykjavík. „Við rekum mikið af hótelum úti á landi sem loka mörg yfir vetrartímann. Nýja hótelið á Höfðatorgi á eftir að veita rekstrinum meira jafnvægi yfir allt árið.“

## MAÐURINN

**NAFN** Ólafur Torfason

**ALDUR** 62 ára

**HJÚSKAPARSTAÐA** Giftur Rósu Sigurbjörgu Þórhallsdóttur og giftu þau sig aðeins 19 ára að aldri.

**BÖRN** Ólafur á fimm börn og ellefu barnabörn.

### Var kaupmaðurinn á horninu

Þótt Ólafur hafi byrjað snemma í hótelrekstri hóf hann starfsferil sinn sem kaupmaðurinn á horninu í miðbæ Reykjavíkur, þar sem hann seldi borgarbúum matvöru og drykk. „Ég er fæddur matvörukaupmaður og hafa allir mínir forfeður gegnt því samfélagslega hlutverki,“ segir Ólafur sem keypti litlu matvörubúðina Þingholt á Grundarstíg af föður sínum þegar hann var rétt um tvítugt eða árið 1972.

Á þeim tíma hófst athafnamennska Ólafs, sem í kjölfarið jók umsvif sín í verslunargeiranum. Hann byggði upp Kaupgarð í Kópavogi aðeins 25 ára gamall ásamt því að byggja upp verslunar- og atvinnuhúsnæði við Garðatorg í Garðabæ árin þar á eftir.

Það var svo fyrir algjöra tilviljun árið 1989 að Ólafur endaði í hótelrekstri. „Byggingarfélag sem ég var aðili að keypti lóð af Ölgerðinni við Rauðarárstíg og ætlaði að byggja þar íbúðir og atvinnuhúsnæði til leigu. Þetta var slæm fjárfesting og gekk erfiðlega að koma þessu húsnæði út,“ segir Ólafur sem þurfti því að ráðstafa lóðinni á annan hátt. „Þetta endaði með því að ég tók við allri torfunni og ákvað að reisa hótel í staðinn, sem nú er Hótel Reykjavík. Það var þá sem ævintýrið byrjaði.“

### Fjármagnaði rekstur með leigu

Eftir að Hótel Reykjavík tók til starfa árið 1992 hefur hlutur Ólafs í hótelrekstri á Íslandi stækkað jafnt og þétt. Hann leigði út atvinnu- og verslunarhúsnæði sitt til þess að fjármagna hótelrekstur. „Ég náði að fjármagna fyrsta hótelið með harmkvælum og þetta var erfið fæðing,“ segir Ólafur og útskýrir að þátttaka hans í atvinnulífinu hafi ekki alltaf verið upp á við. „Verktakabransinn er ansi köflóttur, en ég hef unað mér vel í hótelrekstrinum.“

Árið 1994 keyptu Ólafur og fleiri af Íslandsbanka hótelið Holiday Inn, sem í dag er Grand Hótel Reykjavík. „Holiday Inn var komið að fótum fram með þann rekstur og við gerðum því tilboð í hótelið,“ segir Ólafur en hótelið hóf rekstur í mars árið 1995 eftir einhverjar endurbætur.

Grand Hótel hefur eftir það stækkað ört og er í dag stórt ráðstefnu- og gistihótel með rúmlega 300 herbergjum. „Stækkun og hönnun á Grand Hóteli tók töluverðan tíma og því ákváðum við að hefja rekstur á hóteli við Aðalstræti 16 þegar tækifæri bauðst. Fyrr er varði var ég allt í einu farinn að reka þrjú hótel á höfuðborgarsvæðinu.“

Ólafur hélt áfram að auka umsvif sín á markaðnum og árið 2008 ákvað hann að festa kaup á meirihluta í Fosshótelkeðjunni og hóf þar með að bjóða upp á ferðaþjónustu víða um landið.

„Ég hef alltaf haft mikla trú á ferðaþjónustu á Íslandi og það hefur aldrei hvarflað að mér að gefast upp.“

### Fékk þrjá milljarða afskrifaða

Þegar hrunið skall á lenti Ólafur í hremmingum þegar erlend lán fyrirtækja í hans eigu hækkuðu úr öllu valdi á skömmum tíma.

„Lánin stökkbreyttust og í framhaldi af því fengu þessi fyrirtæki okkar þá úrlausn sem í boði var á þeim tíma og þurfti til að fyrirtækin gætu starfað eðlilega.“

Í kjölfarið fengu fyrirtæki í eigu Ólafs afskrifaða þrjá milljarða króna, sem hefur vakið talsverða athygli nú þegar hann er orðinn umsvifameiri í viðskiptalífinu. „Bankinn setti það sem skilyrði að ég legði öll mín rekstrarfélög, sem aldrei höfðu skuldað neitt, í eitt félag, Íslandshótel hf., sem myndi síðan þjónusta öll þau lán sem á mér hvíldu. Á undanförnum tveimur til þremur árum hefur reksturinn hins vegar gengið mjög vel og við erum að notfæra okkur gott gengi til að endurbæta gamlar einingar og bæta við þjónustuna.“

### Varð stúdent á fertugsaldri

Ólafur segist alltaf hafa verið með samviskubit yfir að hafa ekki gengið menntaveginn. „Ég ákvað að skrá mig í Fjölbrautaskólann í Garðabæ á gamals aldri og útskrifaðist sem stúdent þaðan þegar ég var 37 ára gamall.“

Ólafur skráði sig í framhaldinu í hagfræði og mannfræði við Háskóla Íslands þar sem nýr draumur hans var að vinna hjá Sameinuðu þjóðunum að námi loknu. „Ég ætlaði ásamt starfinu að leigja út verslunarmiðstöðvar mínar hér heima til þess að safna í lífeyri,“ segir Ólafur en bygginga- og verslunarreksturinn kallaði. „Á þessum tíma gekk byggingarfélaginu mínu illa og ég var byrjaður að bjóða stefnuvottum í mat þar sem þeir héngu fyrir utan dyrnar hjá mér flest kvöld.“

Ólafur segir að með því hafi örlög sín verið ráðin. „Ég hafði ekkert val um að gefast upp. Þar sem ég var ekki orðinn hagfræðiþenkjandi mannfræðingur leitaði ég frekar lausna á mínum málum sem enduðu svo vel.“

### Nýtur sín best í vinnunni

Ólafur vinnur nú sem stjórnarformaður Íslandshótela og heldur utan um alla starfsemi félagsins. Að sögn Ólafs er hann hvorki þreyttur né móður. „Mér þykir gott að vinna og hef alltaf notið mín best þar.“

Ólafur er nú með 700 manns í vinnu úti um allt land og horfir jákvæður til framtíðar. „Í versluninni á Grundarstíg var ég með tvær stúlkur í vinnu og hefur starfsmannafjöldinn aukist umtalsvert síðan þá. Þar sem draumur minn um starf hjá Sameinuðu þjóðunum varð fljótt úti hef ég verið afar ánægður með þessi örlög mín.“



**EINN AF ÞEIM ELSTU Í BRANSANUM** Ólafur hefur stýrt hótelum í landinu í yfir 20 ár og er hvergi nær hættur.

## FESTI NÝLEGA KAUP Á GAMLA BLÓMAVALSREITNUM

Ólafur hefur fest kaup á Blómavalsreitnum og hyggst byggja upp starfsemi þar innan tíðar.
Á reitnum er gert ráð fyrir um 100 íbúða byggð ásamt verslunar- og þjónusturými.
Ólaf langar til að fjölga þar hótelrýmum við Grand Hótel og stækka bílastæðaaðstöðu hótelsins.
Hann stefnir á að funda með borgarskipulagi vegna reitsins á næstu mánuðum.

## UMSVIF ÓLAFS TORFASONAR Í HÓTELREKSTRI UM LAND ALLT



# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## BJARNI ARA OG ELVIS

**Bjarni Arason og Þórir Úlfarsson píanóleikari, ásamt bakröddum, verða með tónleika í Stykkishólmskirkju annað kvöld kl. 20. Flutt verða lög af nýrri plötu Bjarna Ara, Bjarni Ara – Elvis Gospel. Tónleikarnir eru í upphafi Danskra daga í Stykkishólmi.**


White-Westinghouse - amerísk gæða heimilistæki

Þvottavél 12 kg Þurrkari

Taka 12 Kg · Hljóðlát
Stórt op > auðvelt að hlaða
Sparneytin amerísk tæki.

<Þvottvélin tekur heitt og kalt vatn

Afkastamikill þurrkari >

Amerísk gæðavara

RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · WWW.RAFVORUR.IS

Bílainnréttingar
á hagstæðu verði.

Aukin nýting rýmis

Verkstæði á hjólum

Metalsistem hillukerfi
Super 1/2/3 er hagkvæmur kostur í bílinn.
**Ísetning - hröð þjónusta.**

Sérsmíðum innréttingar eftir óskum. Komdu með hugmynd og við útfærum hana

Sjáið fleiri myndir á www.isold.is

Ísold ehf.
Nethyl 3-3a - 110 Reykjavík
Sími 53 53 600 - Fax 567 3609

KÍKTU Á WWW.ISOLD.IS

OPIÐ 08:00 - 17:00

friendtex

40-70%

2 FYRIR 1

LOKADAGUR Á FÖSTUDAG

Opnunartími: mánud-föstudag 11.00-18.00
lokað á laugardögum

Bonito ehf. Friendtex
Faxafen 10, 108 Reykjavík, sími: 568 2870 - www.friendtex.is




# ÍTALSKUR ÍSBAR Á TEXASBORGURUM

**TEXASBORGARAR KYNNA** *Sísí heitir nýi ísbarinn á Texasborgurum við Grandagarð. Ekta ítalskur ís með nammikurli og sósum seldur eftir vigt.*

Settur hefur verið upp ekta ítalskur ísbar með miklu úrvali á Texasborgurum við Grandagarð. Gestir afgreiða sig sjálfir, velja þær ístegundir sem freista þeirra mest, bæta við sósum og nammikurli og greiða svo eftir vigt. „Við erum með fjölskyldudaga á laugardögum og sunnudögum og veitum 50% afslátt, kílóið er þá bara á þúsundkall," segir Magnús Ingi Magnússon veitingamaður. „Þá daga er upplagt fyrir fjölskyldur að skreppa til okkar út á Granda. Aðra daga er verðið tvö þúsund krónur."

Ítalskur ís, gelato italiano, er víðfrægur fyrir bragðgæði en hann er sérlagaður hér fyrir Texasborgara úr úrvalshráefnum til ísgerðar.

Nafnið Sísí vísar til já á ítölsku, auk þess sem í því eru sömu stafir og í ís. En hvers vegna að setja upp ítalskan ísbar á amerískum hamborgarastað? „Við vildum bjóða upp á ferska og góða eftirrétti en um leið ódýra, ekki síst fyrir fjölskyldur. Við könnuðum hjá fastagestunum hvað þeir vildu helst og niðurstaðan var ítalskur ís því að hann er sá besti, eins og hamborgararnir í Texas. Þetta er uppskrift að góðu hjónabandi. Hvað er líka betra eftir góðan hamborgara eða steik en kaldur og ferskur ís?"

Nýr matseðill er kominn fyrir Big Green Egg-grillið sem nýlega var tekið í notkun á Texasborgurum þar sem naut er í aðalhlutverki – steikur og samlokur úr nautalundum og mögnuð langelduð nautaskammrif með öllu tilheyrandi.

Nánari upplýsingar á Facebook og texasborgarar.is.



**LJÚFFENGUR ÍS**
Nú er kominn ekta ítalskur ísbar með miklu úrvali á Texasborgara við Grandagarð. MYND/GVA


2 FYRIR 1

*2 FYRIR 1 af Texas-ostborgara með frönskum gegn framvísun þessa miða. Aðeins 1.290 kr. fyrir tvo. Gildir til 15.9.2013. Texasborgarar. is – 517-3130*

*Texasborgarar.is s: 517-3130*

Heyrðu umskiptin

Fáðu heyrnartæki til reynslu

Okkar markmið: Að allir íslendingar heyri vel.

HEYRN
HEYRNARÞJÓNUSTA

Hlíðasmári 11, Kópavogur - heyrn.is
Tímapantanir 534 9600

ReSound
"Tækin sem fá lífið til að hljóma eins og það er"












**VINKONUR** Steinunn Eiríksdóttir og Ragnhildur Jóhannsdóttir í sumarregni fyrir utan sinn gamla og góða vinnustað, St. Jósefsspítala í Hafnarfirði.

MYND/GVA

# HIN GÖMLU KYNNI

**ÁFRAM VEGINN** *Fyrrverandi samstarfsfólk á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði ætlar senn að gera sér glaðan dag á kærkomnum endurfundum um Reykjanes.*

Við vorum eins og samheldin fjölskylda og fólk var lengi að jafna sig á sorginni eftir að spítalanum var lokað," segir Ragnhildur Sigurðardóttir hjúkrunarfræðingur um ferðalok samstarfsfólks síns á St. Jósefsspítala í Hafnarfirði, þegar honum var lokað að ákvörðun heilbrigðisráðuneytisins í árslok 2011.

„St. Jósefsspítali var góður vinnustaður með einstakan starfsanda og ríkulega menningu í anda St. Jósefssystra sem stofnuðu spítalann. Andrúmsloftið var hlýlegt og heimilislegt, boðleiðirnar stuttar og þjónusta við sjúklinga í öndvegi. Við töldum okkur gera mikið gagn og það er sárt að horfa upp á stækkandi biðlista sjúklinga. Nú stendur þetta virðulega sjúkrahús autt og liggur undir skemmdum sem er sorglegt. Margir geta ekki einu sinni keyrt þar fram hjá," upplýsir Ragnhildur.

Eftir að starfsfólk St. Jósefs-spítala kvaddi sinn gamla vinnustað stóðu traust vinaáttubönd eftir. „Löngunin til að hittast áfram var sterk. Við á svæfinga- og skurðdeild tókum upp á því að hittast eitt kvöld í mánuði til að prjóna saman og hópur af handlækningadeild hittist líka. Þá varð til gönguhópur af lyfjadeildinni."

Á starfsárum spítalans stóð starfsmannafélagið fyrir árlegri og sívinsælli haustferð. Nú stendur til að endurvekja haustferðina því þær Ragnhildur, Steinunn Eiríksdóttir, Fríða Rut Baldursdóttir og Dóróthea Sigurjónsdóttir hafa stofnað Átthagafélag St. Jósefsspítala í Hafnarfirði með Gunnhildi Sigurðardóttur, fyrrverandi hjúkrunarforstjóra, í fararbroddi.

„Laugardaginn 7. september ætlum við í skemmtilega haustferð um Reykjanes. Við leggjum af stað frá St. Jósefsspítala klukkan 11 með Ella rútubílstjóra, sem þjónaði okkur til margra ára á spítalanum. Við förum í Víkingasafnið, Safn Rúnars Júlíussonar og Orkuverið Jörð við Reykjanesvita. Svo ökum við fallegan Suðurstrandarveginn til að borða saman kvöldverð í Fjöruborðinu á Stokkseyri," segir Ragnhildur sem vonast til að sem flestir fyrrverandi starfsmenn og makar þeirra mæti.

■ thordis@365.is

## SKRÁNING Í HAUSTFERÐINA

***Til 25. ágúst hjá Ragnhildi í síma 848-9267 eða á netfanginu raggabj@gmail.com og Steinunni í síma 867-8573 eða á st.eik@hotmail.com. Matseðil má sjá á www.fjorubordid.is en í rútuna, á söfnin og fyrir hressingu kostar 5.000 krónur á mann sem greiðist í rútunni.***

***„Glaðværð, ánægja, samvinna og sönn þjónustulund einkenndi starfsfólk St. Jósefsspítala. Öll söknum við starfseminnar en hin gömlu kynni gleymast þó ei og sterk vinátta stendur eftir."***




**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Sverrir Birgir Sverrisson,** sverrirbs@365.is, s. 512 5432
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447






## BÍLAR & FARARTÆKI

**BÍLAHÖLLIN S: 567-4949**



Chrysler Town - Country Limited árg 2012 ek.37þús. Sjálfskiptur. Bakkmyndavél. Skjár frammí og afturí. Hlaðinn aukabúnaði. 7manna. Ásett verð 7.790.000.- Ökutæki er í sal.



Volvo S60 Diesel 9/2012 ek.19þús. Sjálfskiptur. Leður. Fjarlægðarskynjarar. Ökutæki er í sal. Ásett verð 5.980.000.- Rnr.285691



Toyota Land Cruiser 120 GX Diesel 2/2008 ek.111þús. Sjálfskiptur. Dráttarkúla. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 5.490.000.- Rnr.285207



Honda CR-V Executive 2/2007 ek.90þús. Sjálfskiptur. Dráttarbeisli. Mjög fallegur bíll. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 2.390.000.- Rnr.286077



M.Benz B 170 11/2005 ek.71þús. Sjálfskiptur. Webasto miðstöð. Nýkominn úr fullri B skoðun þar sem skipt var um klossa og diska. Ökutæki er á staðnum. Ásett verð 2.150.000.- Rnr.310424

**www.bilarydvorn.is S. 587 1390**

**Bílahöllin**
**Bíldshöfða 5, 112 Rvk**
**Sími: 567 4949**
**www.bilahollin.is**

**Bílalíf**



**OFFROAD E1 - 1490Þ!!!**

Hálendið here we come.....vel útbúinn og öflugur ferðavagn sem lítur út sem nýr. Fleetwood Evolution E1 árg.2008. Svefnpláss f. 6-8 manns. Ísskápur, eldavél, fortjald o.fl. Tilboðsverð 1490þ. Er á staðnum. BÍLALÍF Kletthálsi.

**Bílalíf**
**Kletthháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

**ASKJA NOTAÐIR BÍLAR**



BMW 3 325i s/d e90. Árgerð 2008, ekinn 37 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.490.000. Rnr.140545.



AUDI Q5 quattro. Árgerð 2009, ekinn 84 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 6.290.000. Rnr.990280.



KIA Ceed ex 1.6 new disel sjálfskiptur. Árgerð 2012, ekinn 4 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.990.000. Rnr.111113. 6 ár eftir af verksmiðjuábyrgð.



MERCEDES BENZ E 200 cgi (048). Árgerð 2011, ekinn 31 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 7.490.000. Rnr.210122.

**ASKJA notaðir bílar**
**Klettháisi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

**SUZUKI**



Frábært úrval af fatnaði og fylgihlutum fyrir mótorhjólafólk, hjálmar, skór, hanskar, olíur og margt fleira í úrvali.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



TOYOTA Previa 7 manna. Árgerð 2006, ekinn 105 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur-Ný dekk - er á staðnum. Verð 2.590.000. Rnr.155012.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**KRÓKUR**



**KRÓKUR**

Við flytjum bifreiðar og vinnuvélar á öruggan og hagkvæman hátt.

**Krókur**
**Sími: 522 4600**
**http://www.krokur.net**

**NETBÍLAR www.netbilar.is**



Hestakerra fyrir 6 hesta Árgerð 2004 Verð 990.000,- Rnr.105628. Netbílar 5885300

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

**J.R.BÍLASALAN**
BÍLDSHÖFÐA 3, 110 REYKJAVÍK
S: 567-0333 www.jrbilar.is



TOYOTA Aygo h/b. Árgerð 2009, ekinn 32 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.460.000. Rnr.155101.



VW Transporter kasten langur lwb. Árgerð 2004, ekinn 200 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 1.490.000. Rnr.155366.

**JR Bílasala**
**Bíldshöfði 3, 110 Rvk**
**Sími: 567 0333**
**Okkur vantar bíla á skrá og í stæði**
**www.jrbilar.is**

**567 2277 NÝJA BÍLAHÖLLIN** www.nyja.is



PORSCHE 911 turbo. Árgerð 1977, ekinn 106 Þ.KM, bensín, 5 gírar. TILBOÐ ÓSKAST. Gull fallegur og vel með farinn safngripur! Rnr.219027.



BMW F800gs. Árgerð 2012, ekinn 7 Þ.KM, bensín, 6 gírar. TILBOÐ 2.690. Ásett verð 2.980. Rnr.113025.



TOYOTA Yaris terra. Árgerð 2008, ekinn 89 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.390. Rnr.311188.



VW Passat highline. Árgerð 2006, ekinn 138 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 1.850 Rnr.113523.



TOYOTA Land cruiser 100 vx. Árgerð 2006, ekinn 129 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. TILBOÐ 5.390.Ásett verð 6.490 Rnr.113502.

**Nýja bílahöllin**
**Eirhöfða 11, 110 Rvk.**
**Sími: 567 2277**
**www.nyja.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Yaris, árg.'05, ek. 77 þ. Verð 1 millj. Tilboð. Uppl í S: 897 2518



**YARIS ÁRG.2012, 5 DYRA**

Til sölu góður og vel með farinn bíll, ek. 19 þ. km. Verð 2.390.000 þ. Uppl. í S. 898 0303.



**AYGO ÁRG.2012, 5 DYRA**

Til sölu góður og vel með farinn bíll, ek. 19 þ. km. Verð 1.760.000.- Uppl. í S. 898 0303.




Nissan Leaf frá Kr. 2.995.000 heimkominn! Rafbílar og Evrópsk hleðslutæki fyrir alla rafbíla. Bjóðum allar gerðir nýrra og nýlegra bíla frá helstu framleiðendum, sýningarbíla, eftirársbíla og útsölutilboð. Rafbílar, Metanbílar, Metanbreytingar, Bensín og Díselbílar. Höfum selt hundruði bíla til Íslands. www.islandus.is - S. 5522000.



**GETZ TILBOÐ 395ÞÚS !**

Hyundai Getz árg.'03 1400 ek. 120þús 5gíra, 3ja dyra, sk.'14. Eyðir engu. Tilboð 395þús S. 891 9847.



Til sölu BMW, árg. 2001, ek. 178 þ. 5 dyra. Verð 409 þ. Uppl í S: 774 8809



Honda CRV, árg. 2000. Sjálfsk. Ek. 220 þ. Verð 290 þ. Uppl. í S:616 8809



Til sölu glæsilegur Pontiac Grand am SE 1 árg. 2001. Mjög góðar græjur í honum. Uppl. í S:845 7727

## Bílar óskast

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815**
**eða sendu sms.**

**0-250 STAÐGREITT**

Vantar bíl á verðinu 0-250. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarfnast lagfæringar. Sími 857 9326.

## Fornbílar



Mazda 323. Árg.'85, 3 dyra, sjálfsk. Skoðaður 2015. Ek. aðeins 135 þ. frá upphafi. Áætlað söluverð 320 þ. Uppl. í S:896 3044.

## Sendibílar

**568 5000 NS NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN**

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## til sölu

*Til sölu algjör eðalbíll*

**Opel Antara ELEGANCE m/öllu**



Mjög vel með farin bíll sem lítur út eins og nýr
Einn eigandi og þjónustubók fylgir

**Árgerð 2009, diesel, sjálfskiptur, ekinn 72.000,- litur Navy blár**
Upplýsingar í síma 821-4645

*Ásett verð kr. 3.890.000,-*
*Staðgreitt kr. 3.385.000,-*

**LAND ROVER RANGE ROVER VOGUE TDV8 2012**



LAND ROVER RANGE ROVER VOGUE TDV8
Árgerð 2012, ekinn 29 Þ.km, sjálfskiptur, hlaðinn búnaði!
**Verð 18.900.000kr.**
Raðnr. 251339

BILO.IS HÖFÐAHÖLLIN

**HÖFÐAHÖLLIN ehf Funahöfði 1, 110 RVK S. 567 4840**

## Hjólbarðar

**VAKA**



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**

Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

**EÐAL PARTAR**

Eigum varahluti í margar tegundir af Mercedes Benz og marga fleiri bíla. Kaupum bíla til uppgerðar og niðurrifs. Opið frá kl. 10-18 virka daga. Auðbrekka 4 (bakvið) S. 555 1159.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**SMÁPARTAR.IS**

Eigum orðið mikið úrval notaðra varahluta í Subaru, Skoda, Suzuki, Nissan, Opel, Wolkswagen, Kyron, Mitsubishi, Honda, Peugeot, Renault, Ford Escepe. Uppl. á Smápartar.is eða í s. 567 5040/ 7785040

Viðgerðir - Varahlutir í VW Golf, Póló, Yaris, kangoo. Renni diska og skálar. Óska eftir Toyotu Yaris til viðgerðar eða niðurrifs. S. 892 7852

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

**Hreingerningaþjónusta Þvegillinn 5 44 44 46**

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

**A-Ö PRIF&HREINLÆTI S. 662 0662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

**TOPPPRIF EHF. S. 773 4020**
Ræstingar fyrir einstaklinga og fyrirtæki. Gerum verðtilboð. toppthrif@toppthrif.is

## Garðyrkja










Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsasmíðameistari. Vanir menn, snör handtök. S. 824 1238.




## Bókhald

Þekking, reynsla og þjónusta. Bókhald, ársreikningar, vsk, laun, ofl. Þegar árangur skiptir máli Guðmundur s. 772 5533.

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Við tökum að okkur alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Uppl. í s. 861 1242 & egillsverris@gmail.com

**MÁLNINGARÞJÓNUSTA REYKJAVÍKUR**
Getur bætt við sig verkefnum bæði inni og úti. Reynsla, þekking og fagleg þjónusta á betra verði. S. 778 0100.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




Tek að mér allt alm. viðhald húsa, s.s. málun, múrun, flísa- & parketlagnir og trésmíði, nýsmíði á gluggum og ísetningu. Föst tilboð eða tímavinna. S. 616 1569.

## Nudd

**NUDD**
Slökunarnudd í miðbæ Reykjavíkur. Sími 694 7881, Zanna.

Nudd, nudd, nudd! Slökunarnudd frá 9-24. Rvk 101, s: 841 6795 Júlía.

## Spádómar

**SPÁSÍMINN 908 5666**
Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

# KEYPT & SELT

## Til sölu






**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Eigum einnig til á lager: 8 hyrndlok á Unaðskel, Hörpuskel, Blómaskel frá Trefjum. Snorralaug og Unnarlaug frá Normex. Eigum einnig til á lager lok: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnaðarþunga af snjó. Sterkustu lokin á markaðinum í dag.Litir: Brúnt eða Grátt. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



**GRÓÐURHÚS - RÝMINGARSALA**
6fm með hertu gleri 190þ. 9fm með hertu gleri 290þ. KLIF ehf, S:552-3300.




## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www.kaupumgull.is

**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**

**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.

**Jón og Óskar - jonogoskar.is**

**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peningar og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.

**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Til bygginga



**HARÐVIÐUR TIL HÚSBYGGINGA**
**SJÁ NÁNAR Á: WWW.VIDUR.IS**
Vatnsklæðning, panill, pallaefni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolía. Indus ehf, Óseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símum 660 0230 og 561 1122.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

## Námskeið



Lærðu að hlaupa með minna álagi á ökkla - fótleggi - kálfa - hné - mjaðmir - mjóbak. www.smartmotion.is s. 896 2300.

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Flug



**EINKAFLUGMANNSNÁM HEFST 2.SEPT**
Viltu starfa í flugi? Einkaflugmannsnám er fyrsta skrefið í átt að atvinnuflugmannsprófi. Skráning á www.flugskoli.is.

## Ökukennsla

Kenni allan daginn Toyota 2011, hjálpa við endurtökupróf og akstursmat. Ævar Friðriksson s. 863 7493.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

Gullfallegir Siberian Husky hvolpar til sölu uppl. 894-9119

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Ýmislegt




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb.og stúdíó Funahöfða 17a-19 Rvk.

Room for rent 1-2 person and studio. Funahöfða 17a -19 Rvk.

**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

3 herbergja íbúð til leigu í Kópavogi. 67fm. 125þús m. hita og rafmagni. Laus strax. Uppl. kvleiga@gmail.com

## Atvinnuhúsnæði



Til leigu 90 fm iðnaðarhúsnæði á Kársnesbraut, stór innkeyrsluhurð og malbikað plan. uppl. 660 5600.

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**HÁRSNYRTIR**

**HÁRRÉTT HÁRSTOFA/ RAKARASTOFA**
Óskar eftir hársnyrtum til starfa.
**Uppl. Linda Rós S. 690-5647 linda@harrett.is**




**SKALLI ÖGURHVARFI**
Óskar eftir að ráða starfsfólk í afgreiðslu og eldhús. Uppl. á staðnum milli kl. 3-6

**KÖKUHORNIÐ**
Röskur starfskraftur óskast í afgreiðslustarf í bakarí okkar á Grensásvegi. Æskilegt er að viðkomandi er 20 ára eða eldri og hafi bíl til umráða. Íslenskukunnátta skilyrði. Framtíðarstarf.

**Áhugasamir sendið umsókn ásamt ferilskrá og mynd umsoknkokuhornid@gmail.com eða haft samb. í s. 866 0060**

**DEVITOS PIZZA**
Óskar eftir starfsfólki í afgreiðslu. Dagvinna og næturvinna. Um helgar.
**Upplýsingar í síma 511 2244**

Starfskraftur óskast í afgreiðslu- og þjónustustarfa í helgarvinnu. Aðeins 20 ára og eldri. Íslensku kunnátta skilyrði. Umsóknir sendist á kaffistadur@gmail.com

Stundvís, reglusamur góður starfskraftur óskast til ýmissa starfa í matvöruverslun. Uppl. Kjöthöllin Háaleitisbraut 58-60. S.553 8844.

Íbúðarhótel í miðborg RVK óskar eftir starfsfólki í þrif. Hlutastörf + full störf. Umsóknir sendast á job@apartmentk.is

# TILKYNNINGAR

## Einkamál

Djarfar upptökur. Rauða Torgið vill kaupa djarfar upptökur ísl. kvenna, 18+. RaudaTorgid.is

## fasteignir

**TRAUSTI fasteignasala**

**Lindarberg 56, Hafnarfirði**




**OPIÐ HÚS Í DAG, MIÐVIKUDAG, FRÁ 17.30-18.00.**
Um er að ræða 181,0 fermetra íbúð á tveimur hæðum í parhúsi við Lindarberg í Hafnarfirði.
Húsið er vel staðsett með frábæru útsýni til suðurs og vesturs.Húsið er steinsteypt í góðu ásigkomulagi og hefur fengið jafnt og gott viðhald að innan sem utan. Aðkoma hellulögð, sér verönd til vesturs og svalir til suð-vesturs, sameiginleg útigeymsla og garður
**Verð: 42.800.000 kr. - Stærð: 181 fm.**

**Trausti fasteignasala, trausti@trausti.is, s.546-5050, Vegmúla 4, 108 Reykjavík**

**FASTEIGNA MARKAÐURINN ehf.**
**ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9-17.**
**Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is**
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Espilundur 8, Garðabæ**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30 - 18.00**






Mjög fallegt 138,8 fermetra einbýlishús á einni hæð auk 43,7 fermetra bílskúrs á 972,0 fermetra ræktaðri og mjög fallegri lóð á góðum stað í Lundunum í Garðabæ. Húsið hefur alla tíð fengið gott viðhald og hefur verið endurnýjað að hluta. M.a. er nýtt gler og gluggalistar í húsinu, gólfefni nýleg að stórum hluta og hús að utan í góðu ástandi með nýlegu þakjárni. Samliggjandi rúmgóðar stofur. Fjögur herbergi. Hellulögð verönd til suðurs og hellulögð stétt og innkeyrsla fyrir framan húsið. **Verð 56,9 millj. Verið velkomin.**

Minna að fletta
**meira að frétta**




**visir.is**

BESTI FRÉTTA- OG AFÞREYINGARVEFURINN

**Úr umsögn dómnefndar:** *„Vefurinn býður upp á margskonar afþreyingu auk gífurlegs úrvals frétta. Vefurinn er léttur og skemmtilegur auk þess sem einfalt og fljótlegt er að finna það efni sem leitað er að.“*

# SUMARGLAÐNINGUR

## FRÁBÆR KAUP FRÁ THOMSON




HD TV 1080p

3D intense

200Hz CMI ClearMotionIndex

Smart TV

Share & See Home Network Devices

LEDedge

DVB-T DVB-C DVB-S DVB-S2 CI+

**Thomson 46FU7765**

**169.990**

### Ótrúlega vel búið 46“ SmartTV LED sjónvarp með ótal tengimöguleikum, háskerpu upplausn og þrívídd. Eitt með öllu.

**Myndgæði**
Tækið er með háskerpu upplausn 1920x1080, 200Hz clear motion index, Mega Contrast og öflugum Pure Image Ultra Intelligent örgjörva sem gefur framúrskarandi myndgæði og liti.

**Þrívídd**
Tækið er með innbyggðri þrívídd og notar active tækni sem er öflugasta tæknin sem í boði er í dag. Tækið getur breytt venjulegri mynd í þrívídd (2D to 3D conversion).
2 Active þrívíddargleraugu fylgja.

**SmartTV og Margmiðlun**
Tækið er með hefðbundinn DVB-T móttakara og DVB-S móttakara fyrir þá sem nota gervihnattadisk. Ennfremur er tækið með innbyggðum margmiðlunarspilara, hægt að taka upp á flakkara af tækinu og innbyggður þráðlaus móttakari (dongle). Tækið er með Smart TV viðmóti og hægt að tengjast fjölda forrita, fara á netið og fleira.

**Tengimöguleikar**
Tækið er vel tengjum búið með 4 HDMi, CI kortarauf, 2 USB, nettengi, VGA, Scart, Optical og heyrnartólstengi.

ULTRA Pure Image · COLOR extender · MEGA contrast · DIGITAL pure sound · x4 HDMI · PVR READY · USB multimedia browser · 2 USB UNIVERSAL SERIAL BUS · eco mode

# Sjónvarpsmiðstöðin

THOMSON

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

# Finnur fjárfesta fyrir sprotafyrirtæki

***Helga Valfells var ráðin sem framkvæmdastjóri Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins árið 2010 og hefur síðan þá lagt áherslu á að finna fjárfesta fyrir þroskuð fyrirtæki sem hafa vaxið og dafnað hjá sjóðnum frá sköpun þeirra. Helga er sérleg áhugamanneskja um bókmenntir og segir að Tolstoj hafi breytt sýn sinni á lífið.***

**SVIPMYND**

**Lovísa Eiríksdóttir** | lovisa@frettabladid.is

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins var stofnaður árið 1998 og hefur vaxið ört síðan þá. Sjóðurinn er áhættufjárfestir sem tekur þátt í þróun og vexti atvinnulífsins með því að fjárfesta í fýsilegum nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum.

Helga Valfells er framkvæmdastjóri sjóðsins og segir að mikið hafi verið að gera hjá sjóðnum eftir hrun. „Við erum búin að fá mikið af góðum fjárfestingatækifærum undanfarin ár og höfum nú fjárfest í um 100 fyrirtækjum,“ segir Helga sem tók við sjóðnum árið 2010. Hún segir að hennar helsta verkefni sem framkvæmdastjóri sé að finna fjárfesta fyrir fyrirtæki sem hafa vaxið og dafnað hjá sjóðnum til þess svo að geta notað hagnaðinn til að fjárfesta í yngri verkefnum. „Þessi starfsemi er líkt og boðhlaup, sjóðurinn er yfirleitt fyrsti fjárfestirinn að nýjum fyrirtækjum og svo þegar áhættan minnkar þá er vænlegt að einhver annar taki við,“ segir Helga og bendir á að aldrei hafi verið jafn mikil gróska í nýsköpun og nú.

Helga á fjölbreytta fortíð, bæði hérlendis og erlendis, en hún ólst upp í Bandaríkjunum að hálfu leyti. „Faðir minn var prófessor í kjarnorkuverkfræði í Bandaríkjunum og ég bjó þar sem barn. Síðar fluttist ég svo aftur til Bandaríkjanna og hóf nám í hagfræði og enskum bókmenntum við Harvard-háskóla.“

Helga fluttist eftir nám sitt í Bandaríkjunum til Bretlands. Þar í landi stundaði hún MBA-nám í London Business School og vann, bæði í markaðsmálum og fjármálum. „Ég vann í markaðsmálum hjá Estée Lauder og svo í fjármálum hjá Merrill Lynch,“ segir Helga. Hún flutti síðan heim árið 1999 og byrjaði að starfa hjá Útflutningsráði Íslands. „Þegar ég var hjá Útflutningsráði kviknaði áhugi minn á nýsköpun en þar var ég aðallega að vinna með sprotafyrirtækjum og hjálpa þeim að byggja upp útflutning og finna erlenda fjárfesta.“

Áhugamál Helgu tengjast fyrst og fremst framförum í tækni og vísindum en einnig hefur hún einstakan áhuga á bókmenntum. „Ég er mikill aðdáandi rússneska skáldsins Tolstoj. Ég las bók hans, Anna Karenína, þegar ég var tvítug og breytti hún sýn minni á lífið,“ segir Helga og bætir við að hún heillist af heimspeki höfundarins. Staða kvenna er rauður þráður í bókinni um Önnu Karenínu þar sem Anna er ófrjáls, gift manni sem hún elskar ekki.

Helga er 49 ára og gift breskum manni að nafni Conor Byrne sem hún kynntist á námsárum sínum í London. Helga og Conor eiga saman þrjú börn og stefna að því að fara til Grikklands í sumar með alla fjölskylduna. „Við ætlum að skoða fornminjar og njóta sólarinnar,“ segir framkvæmdastjórinn að lokum, sem hlakkar til að njóta sumarsins í faðmi fjölskyldunnar.



**HELGA VALFELLS** Helga er heimsborgari sem á fjölbreytta fortíð. Framfarir í tækni og vísindum eiga hins vegar hug hennar allan nú í seinni tíð og hefur hún nú starfað á sviði nýsköpunar í bráðum fimmtán ár. Fréttablaðið/Valli

## JÁKVÆÐUR DUGNAÐARFORKUR



Við Helga kynntumst þegar hún varð aðstoðarmaður minn um nokkurra mánaða skeið snemma árs 2009 þegar ég var viðskiptaráðherra. Þetta voru vitaskuld skrítnir tímar og ráðuneytið með mörg flókin og erfið verkefni en Helga reyndist svo sannarlega rétt manneskja í starfið. Hún er afar úrræðagóð, var fljót að setja sig inn í þær flækjur sem við blöstu og lagði hart að sér við að leysa þær. Þótt dvöl hennar í ráðuneytinu yrði stutt kom hún mörgu í verk. Ekki sakaði að jákvætt viðhorf hennar til starfsins og lífsins smitaði út frá sér, sem er ómetanlegt á vinnustað sem er undir miklu álagi.

**GYLFI MAGNÚSSON**
dósent í viðskiptafræðideild Háskóla Íslands og fyrrverandi viðskiptaráðherra.



Leiðir okkar Helgu lágu fyrst saman 2004 þegar hún starfaði hjá Útflutningsráði Íslands. Þá reyndist hún okkur hjá Stika góður leiðbeinandi í útflutningsmálum. Eftir að Helga varð framkvæmdastjóri NSA höfum við átt mikið og gott samstarf því NSA á hlut í Stika. Sem formaður SI hef ég kynnst Helgu enn betur, víðsýni hennar, dugnaði og elju. Hún er öflugur stuðningsmaður nýsköpunar á Íslandi, bæði í orði og verki. Helga hefur djúpan skilning á mikilvægi nýsköpunar í íslensku atvinnulífi og mikinn vilja til að efla og bæta fjármögnunarumhverfi fyrirtækja hér á landi. Hún er mjög vinnusöm og það er gaman að vinna með henni því hún er svo jákvæð og skemmtileg.

**SVANA HELEN BJÖRNSDÓTTIR**
formaður Samtaka iðnaðarins, frumkvöðull og stofnandi Stika ehf.



Við vorum bæði í London frá 1993 í nokkur ár og áttum sameiginlega kunningja.
Helga er það sem kallað er extrovert; veitir öðru fólki athygli og sýnir því áhuga. Hún er lífleg og með góða kímnigáfu, tekur frumkvæði og er bæði vel menntuð og vel liðin. Helga er skemmtileg manneskja með víðan sjóndeildarhring.

**GYLFI ZOËGA**
prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands.

# Hnattvæðingin kallar á meiri fræðslu um menningarmun

***Ráðgjafafyrirtækið One Global Consulting sérhæfir sig í ráðgjöf til fyrirtækja sem eru í samskiptum við erlenda aðila. Svala Guðmundsdóttir leiðir fyrirtækið, sem er það fyrsta sinnar tegundar hér á landi.***

Svala Guðmundsdóttir, lektor í viðskiptafræði við Háskóla Íslands, stofnaði nýverið fyrirtækið One Global Consulting. Fyrirtækið sérhæfir sig í ráðgjöf til fyrirtækja og stofnana sem eru í samskiptum við erlenda aðila eða starfrækja skrifstofur erlendis.

„Áherslan í ráðgjöfinni er í raun á menningarmun milli landa,“ segir Svala í samtali við Markaðinn. „Við undirbúum starfsmenn sem fyrirtæki senda erlendis til þess að þeir aðlagist sem fyrst.“

Hún segir að alþjóðleg fyrirtæki séu farin að taka það mjög alvarlega að búa starfsfólk undir menningarmun í samskiptum.

„Þekking á þessu sviði getur skipt talsverðu máli fyrir afrakstur og árangur starfsmanna þegar komið er að því að starfa erlendis,“ segir hún.

Svala lauk meistaranámi í mannauðsstjórnun í Bretlandi og fór svo í doktorsnám til Bandaríkjanna í alþjóðlegri mannauðsstjórnun. Hún segir að í kjölfar hnattvæðingarinnar séu sífellt fleiri fyrirtæki að verða alþjóðlegri og með starfsstöðvar á fleiri en einum stað. Þegar fyrirtæki fari í útrás og hefji starfsemi erlendis eða séu í samstarfi við erlenda aðila sé yfirleitt gríðarlegt fjármagn á bak við það sem mikilvægt sé að fara vel með.

„Það skiptir miklu máli að undirbúa starfsfólk vel þegar á að senda það til útlanda til þess að það nái fullum starfskröftum sem fyrst,“ segir Svala, sem bendir á að rannsóknir sýni að menningarmunur og samskiptaörðugleikar hamli því oft að fyrirtæki nái þeim árangri sem lagt var af stað með í upphafi.

Hugmyndina að fyrirtækinu fékk Svala eftir að hafa sjálf starfað í sjö ár sem útsendur starfsmaður og sem maki útsends starfsmanns.

„Ég fór að velta því fyrir mér, eftir þessa reynslu, af hverju sumum gengi betur en öðrum að laga sig að öðrum menningarheimum,“ segir Svala, sem hefur gert ótal margar rannsóknir á íslenskum útsendum starfsmönnum.

„Rannsóknir mínar hafa sýnt að við eigum oft í erfiðleikum með samskipti við erlenda aðila og með stofnun þessa ráðgjafafyrirtækis getum við boðið starfsmönnum og stjórnendum hjálp við að auðvelda samskipti og verða alþjóðlegri í viðskiptaháttum.“

Auk þess sem fyrirtækið aðstoðar starfsmenn og stjórnendur við að búa sig undir að búa í öðru landi og eiga viðskipti við erlenda aðila, hjálpar það einnig við að finna rétta starfsmanninn til að senda út.

„Það er nefnilega ekki endilega sá sem er tæknilega bestur sem er hæfastur til að senda út í verkefni eða til starfa, heldur er það einnig aðrir þættir sem spila inn í, eins og aðlögunarhæfni og annað,“ segir Svala.

Fyrirtækið er það fyrsta sinnar tegundar hér á landi, en að sögn Svölu er ráðgjöf sem þessi mjög algeng í Evrópu.

„Við þjálfum stjórnendur í að verða alþjóðlegri og aðstoðum alþjóðleg teymi. Við aðstoðum við flutning starfsmanna og maka þeirra og fræðum starfsmenn um menningu viðeigandi lands, bæði þjóðmenninguna og viðskiptamenninguna. Inn í þetta setjum við það sem er kölluð er menningargreind, en að vera menningargreindur er að átta sig á menningarmun og geta lifað og verið umburðarlyndur í annars konar menningu,“ segir Svala og bætir við að nú til dags sé farið að skipta miklu máli að geta starfað á alþjóðlegum vettvangi.

„Ný kynslóð útsendra starfsmanna er að brjótast út og það kallar á þörf fyrir ráðgjöf á þessu sviði.“

lovisa@frettabladid.is



**SVALA GUÐMUNDSDÓTTIR** Hugmyndina að fyrirtæki sínu fékk Svala eftir að hafa starfað sem útsendur starfsmaður í sjö ár.

# ÚTSALA

**HEIMILISTÆKI, SMÁRAFTÆKI OG BÚSÁHÖLD Á ÚTSÖLUVERÐI**

## Allt að 50% afsláttur!

**Blomberg heimilistæki með allt að 33% afslætti**
**Ofnar, helluborð, kæliskápar, frystiskápar, uppþvotttavélar og fleira**

**Candy heimilistæki með allt að 36% afslætti**
**Þvottavélar, þurrkarar, uppþvottavélar, kæliskápar og fleira**

**Hoover ryksugur – 20-25% afsláttur**

**Ibili pottar og pönnur – 30% afsláttur**

**Fissler pottar, pönnur og búsáhöld – 20% afsláttur**

**William Bounds salt- og piparkvarnir 40% afsláttur**

**Kitchenaid heimilistæki – 15-30% afsláttur**
**Ofnar, örbylgjuofnar og spansuðu helluborð**

**Kitchenaid smátæki á tilboði**
**Lítið útlitsgallaðar hrærivélar einnig á lækkuðu verði**

**Panasonic þvottavélar, þurrkarar og kæliskápar**
**15-20% afsláttur**

**Saeco alsjálfvirkar kaffivélar frá 49.990**

*Opið virka daga 9-18*
*og laugardaga 11-15*

**Einar Farestveit & Co.hf.**
Borgartúni 28 • Sími: 520 7900 • ef@ef.is • www.ef.is

klinkið
Reynir Grétarsson, stofnandi Creditinfo.
vísir

## Hin hliðin



**INGIBJÖRG GRÉTA GÍSLADÓTTIR**
Eigandi og framkvæmdastjóri Reykjavík Runway ehf.

# Hæfust?

Í bók sinni Lean In ræðir Sheryl Sandberg, framkvæmdastjóri hjá Facebook, um þær hindranir sem konur verða fyrir á vinnustað og staðalímyndir þeirra. Hún tekur dæmi úr eigin reynslubanka og staðhæfir að frá því að við fæðumst sé komið fram við kynin á mismunandi máta.

Sheryl hefur í starfi sínu komið að ráðningu starfsfólks hjá nýsköpunarfyrirtækjunum Google og Facebook, sem bæði hugsa út fyrir boxið og eru framarlega á sínu sviði. Á báðum stöðunum upplifði hún mismunandi væntingar til kvenna og karla og að staðalímyndir höfðu áhrif. Henni fannst hún því þurfa að stíga fram og ekki bara vekja athygli á viðfangsefninu heldur gera eitthvað í því.

### Óttinn við að stíga fram

Hún fór að ræða þetta opinberlega og var gagnrýnd harkalega fyrir að nota aðstöðu sína og tala eingöngu um kvennamál – sem vakti athygli hennar enn fremur á málefninu því hún talaði margfalt meira opinberlega um vinnutengd málefni en kvennamálefni nokkurn tímann. Málefni Lean In er nefnilega ekki eingöngu ætlað konum heldur fólki sem vill jöfn tækifæri á vinnumarkaði þannig að kraftur karla og kvenna sé virkjaður jafnt og að við viðurkennum að það séu hindranir á vegi kvenna til að svo megi verða. Fólk sem vill gegnsætt samfélag, nýta bestu hæfileika í hvert verk og gera vinnustaði og störf aðgengileg fyrir bæði kynin. Hljómar einfalt, ekki satt?

Á Íslandi veigrar fólk af báðum kynjum sér enn þá við að stíga fram og ræða þessi mál af ótta við að vera talið einhver óskilgreind jafnréttisstaðalímynd. Umræðan um stjórnarkvótann og hlutfall kvenna í forstjórastólum og sem næstráðendur eru dæmi um það. Mýtan um að konur séu miklu tregari til að gefa kost á sér í viðtöl í fjölmiðlum er einnig stórgott dæmi um það. En hvað veldur?

### Konur fá á sig spurningaflóð

Shelley Correll, prófessor í félagsfræði við Stanford-háskóla, staðhæfir að staðalímyndir og hlutdrægni á vinnustað séu miklu algengari en við gerum okkur grein fyrir.

Rannsókn þessu tengd þar sem sama ferilskráin var send út þannig að helmingurinn var með karlmannsnafni og hinn helmingurinn með kvenmannsnafni leiddi í ljós sláandi mun. 79 prósent þeirra sem fengu karlmannsnafnið töldu hann hæfan en eingöngu 49 prósent þeirra sem fengu kvenmannsnafnið töldu hana hæfa. Þá voru fjórum sinnum fleiri athugasemdir og spurningar til kvenumsækjandans en karlumsækjandans þar sem farið var fram á frekari sönnun á ferli hennar og verkum. Athyglisvert?

Ræðum og viðurkennum staðalímyndir kynjanna. Gefum gaum að mögulegri hlutdrægni því áhrifin eru mismunandi kröfur og staðlar sem engum eru í hag.





HÁSKÓLABÍÓ
HLJÓÐX
midi.is
MIÐASALA Á MIÐI.IS OG Í SÍMA 540 9800
MIÐAVERÐ 6.500 KR · HÚSIÐ OPNAR KL 19:00 · TÓNLEIKAR HEFJAST KL 20:00

DEH-150

4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX tengi á framhlið / Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
Verð: 19.900,- kr.

DEH-1500

4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX og USB tengi á framhlið / Hægt að tengja við fjarstýringu í stýri (tengi fylgir ekki) / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
Verð: 22.900,- kr.

DEH-4500

4X50 W MOSFET magnari / Útvarp með 24 stöðva minni / Spilar MP3, WMA, WAV, CD-R/RW / AUX og USB tengi á framhlið / iPod í gegnum USB / Bluetooth, mic fylgir / EEQ, Tónstillir fyrir bassa, mið- og hátóna.
Verð: 37.900,- kr.

Pioneer HLJÓMTÆKI
HEIMSKLASSA HLJÓMFLUTNINGUR
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 · REYKJAVÍK · SÍMI 530 2800
VERSLANIR UM LAND ALLT
www.ormsson.is

SMIÐIR
VERKAMENN
MÚRARAR

ERUM MEÐ VANA SMIÐI,
VERKAMENN OG MÚRARA SEM
ÓSKA EFTIR MIKILLI VINNU.
HANDAFL EHF

S. 777 2 333

## AUGLÝSING UM DEILISKIPULAG Í GARÐABÆ

**GARÐAHVERFI, DEILISKIPULAGSTILLAGA**

Bæjarstjórn Garðabæjar auglýsir hér með öðru sinni kynningu á tillögu að deiliskipulagi Garðahverfis í samræmi við 1.mgr. 41. gr. Skipulagslaga nr. 123/2010. Vegna ýmissa athugasemda Skipulagsstofnunar hafa verið gerðar breytingar á tillögunni sem varða þó ekki efnislegt innihald tillögunnar. Yfirlit yfir breytingar fylgja kynningu.

Skipulagssvæðið er alls 79 hektarar og afmarkast að norðanverðu af Aukatjörn og Skógtjörn, að austanverðu af Garðavegi, að sunnanverðu af Balatjörn og mörkum deiliskipulagssvæðis Hleina að Langeyrarmölum. Vesturmörk svæðisins er ströndin undan Garðahverfi. Svæðið nær einnig til skógræktarsvæðisins Grænagarðs og til deiliskipulagssvæðis félagsheimilisins Garðaholts en það deiliskipulag fellur úr gildi við gildistöku þess deiliskipulags sem hér er til kynningar.

Megintilgangur deiliskipulagsins er að festa í sessi framtíðarsýn fyrir Garðahverfi. Helstu áherslur þess eru að stuðla að varðveislu menningar- og náttúruminja í Garðahverfi og gera það aðgengilegt til útivistar og náttúruskoðunar. Sérstaklega er tekið mið af sérstöku búsetulandslagi og aldagömlu hlutverki svæðisins, sem kirkju og menningarstaðar. Um leið er lögð áhersla á að styrkja þá byggð sem fyrir er með takmörkuðum fjölda nýrra byggingarreita. Deiliskipulagstillagan er sett fram á uppdrætti og í greinargerð.

Tillagan liggur frammi á bæjarskrifstofum Garðabæjar, Garðatorgi 7, frá 14. ágúst til og með 25. september 2013. Hún er ennfremur aðgengileg á heimasíðu Garðabæjar www.gardabaer.is. Einnig er hægt að finna verkefnavef deiliskipulagsvinnunar á slóðinni: gardahverfi.alta.is

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna. Frestur til þess að skila inn athugasemdum rennur út miðvikudaginn 25. september 2013.

Skila skal athugasemdum á bæjarskrifstofur Garðabæjar og skulu þær vera skriflegar og undirritaðar. Þeir sem ekki gera athugasemdir við tillöguna fyrir tilskilinn frest teljast samþykkir henni.

**Arinbjörn Vilhjálmsson**
**skipulagsstjóri Garðabæjar**

GARÐABÆR
www.gardabaer.is

NUDDARAR ÓSKAST



Við óskum eftir faglærðum nuddurum til starfa. Nauðsynlegt er að viðkomandi hafi góða reynslu, búi yfir ríkri þjónustulund og sé reyklaus. Áhugasamir sendi umsókn ásamt ferilskrá og afriti af prófskírteini á netfangið hreyfing@hreyfing.is fyrir 23.ágúst.

HREYFING HEILSULIND | BLUE LAGOON ICELAND

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Tillaga að breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024

**Með vísan til 1. mgr. 36. gr. sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010 , er hér með auglýst til kynningar tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001 – 2024, ásamt umhverfisskýrslu sbr. lög nr. 105/2006.**
**Stokkalausn á Mýrargötu felld út**
**Gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegar**

Borgarráð Reykjavíkur samþykkti þann 11. júlí 2013 að auglýsa tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, samkvæmt 1. mgr. 36. gr, sbr. 31. gr. laga nr. 123/2010, ásamt umhverfisskýrslu, sbr. 7. gr. laga nr. 105/2006.
Í breytingartillögunni felst að áður áformaður stokkur undir Mýrargötu verði felldur út af aðalskipulagi og horfið verði frá færslu Mýrargötu. Einnig er lagt til að gatnamót Geirsgötu og Kalkofnsvegar verði hornrétt gatnamót.

Breytingartillaga þessi, sem tekur eingöngu til þessara atriða, er í fullu samræmi við þá grundvallar stefnu sem mörkuð er í tillögu að nýju aðalskipulagi sem nú er til auglýsingar. Þar sem líklegt er að staðfesting nýs aðalskipulags verði tafsamara ferli er lagt til að gera þessa stöku breytingu á gildandi aðalskipulagi. Tillaga að nýju aðalskipulagi 2010-2030 gerir ráð fyrir samhljóða breytingum á gatnaskipulaginu.

Aðalskipulagstillagan er kynnt samhliða tillögum að deiliskipulagi aðliggjandi reita, þ.e. Vesturbugtar og Nýlendureits. Athugasemdir Skipulagsstofnunar, dagsettar 2. ágúst 2013, eru kynntar með aðalskipulagstillögunni, þar sem ekki var unnt að bregðast við þeim að öllu leyti fyrir auglýsingu tillögunnar.

Tillagan ásamt umhverfisskýrslu og öðrum fylgigögnum liggur frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15, frá **14. ágúst 2013 til og með 25. september 2013**. Tillagan ásamt umhverfisskýrslu er einnig til sýnis á Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 3. hæð. Tillöguna og önnur kynningargögn má nálgast á vefsvæðunum, **skipbygg.is og adalskipulag.is**

Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillöguna. Ábendingum og athugasemdum við tillöguna skal skila skriflega til Umhverfis- og skipulagssviðs, Borgartúni 12-14 eða á netfangið skipulag@reykjavik.is, eigi síðar en **25. september 2013**. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.

Reykjavík 8. ágúst 2013
Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411



## Auglýsing um skipulag - Akureyrarkaupstaður

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005-2018, Kjarni, Hamrar og Gata Sólarinnar**

Bæjarstjórn Akureyrarkaupstaðar hefur þann 4. júlí 2013 samþykkt að auglýsa breytingu á Aðalskipulagi Akureyrar 2005 – 2018, skv. 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 tillögu.

Breyting felst í því að frístundabyggðarsvæði í Kjarna er stækkað á kostnað íbúasvæðis í Naustahverfi, svæði fyrir frístundabyggð er fellt út, tjaldsvæði að Hömrum er stækkað og vegtenging að tjaldsvæðinu á Hömrum er felld út.

Tillagan fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 og fylgir henni umhverfisskýrsla. Tillöguuppdrættir ásamt greinargerð og umhverfisskýrslu mun liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 1. hæð og hjá Skipulagsstofnun, frá 14. ágúst til 25. september 2013 svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillöguna og gert við hana athugasemdir. Tillagan er einnig birt á heimasíðu Akureyrarkaupstaðar: www.akureyri.is/skipulagsdeild undir: Auglýstar tillögur.

Frestur til að gera athugasemdir við tillöguna rennur út kl. 16:00 miðvikudaginn 25. september 2013 og skal athugasemdum skilað skriflega til skipulagsdeildar Akureyrarkaupstaðar, Geislagötu 9, 3. hæð eða með tölvupósti (skipulagsdeild@akureyri.is) þar sem nafn, kennitala og heimilisfang sendanda kemur fram. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við tillöguna innan þessa frests telst vera henni samþykkur.

***14. ágúst 2013***
***Skipulagsstjóri Akureyrarkaupstaðar***

Akureyri ÖLL LÍFSINS GÆÐI
Akureyrarbær · Geislagata 9 · Sími 460 1000 · Bréfasími 460 1001

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið

## Auglýsing um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavík

**Í samræmi við 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, eru hér með auglýstar tillögur að breytingum á deiliskipulagi í Reykjavík.**

### Nýlendureitur

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Nýlendureits, reitur 1.131 sem afmarkast af Vesturgötu, Seljavegi, Mýrargötu og Ægisgötu. Skipulagssvæðið er að mestu leyti íbúðarbyggð og að litlum hluta atvinnuhúsnæði. Nýjar lóðir fyrir íbúðarbyggð verða til með skipulagi þessu auk þess sem gert er ráð fyrir því að breyta megi núverandi atvinnuhúsnæði á svæðinu í íbúðarbyggð. Atvinnustarfsemi er þó leyfð áfram á þeim lóðum þar sem slík starsemi er fyrir.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

### Vesturbugt

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi Vesturbugtar sem afmarkast af Ánanaustum í vestri og að Slippnum í austri. Breytt deiliskipulag Vesturbugtar byggir á rammaskipulagi Graeme Massie Architects fyrir Gömlu höfnina. Gert er ráð fyrir 257 íbúðum auk atvinnuhúsnæðis í blöndu af fjölbýlishúsum og raðhúsum. Lagt er upp úr fjölbreyttri og vandaðri hönnun á húsnæði og almenningsrýmum.
Nánar um tillöguna vísast til kynningargagna.

Tillögurnar liggja frammi í þjónustuveri Reykjavíkurborgar að **Borgartúni 12-14**, 1. hæð, virka daga kl. 8:20 – 16:15 frá **14. ágúst 2013 til og með 25. september 2013**. Einnig má sjá tillögurnar á heimasíðunni, ***www.skipbygg.is***. Eru þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta hvattir til að kynna sér tillögurnar. **Ábendingum og athugasemdum við tillögurnar skal skila skriflega til skipulagsfulltrúa eða á netfangið *skipulag@reykjavik.is*, eigi síðar en 25. september 2013. Vinsamlegast notið uppgefið netfang fyrir innsendar athugasemdir með tölvupósti.**

Reykjavík 8. ágúst 2013
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

BORGARTÚNI 12-14 - 105 REYKJAVÍK - SÍMI 411 1111 - MYNDSENDIR 411





## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | | | | | 8 | 9 | |
| 7 | | 9 | 2 | | | | 4 | 6 |
| | 1 | 3 | | 8 | | | 2 | |
| | | 4 | 5 | | | 6 | 8 | 9 |
| | 7 | 1 | | | | | 5 | |
| | | 6 | | 2 | 8 | | | 1 |
| 3 | | 5 | | 4 | | | | 2 |
| 9 | | | | 6 | | | | 8 |
| | 4 | | 9 | | | 7 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | 8 | 3 | | | 4 | 2 | | |
| | 6 | 9 | | | | | | |
| | 1 | | | 9 | | | | |
| | | | | 4 | | 9 | | 6 |
| | | 4 | 2 | 6 | | 7 | 8 | |
| | | | 7 | 5 | 8 | | | |
| 9 | | | 1 | 3 | | | 4 | 2 |
| 1 | | | | 8 | 6 | | 7 | 3 |
| 3 | 5 | | | 7 | | 6 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| | | 2 | | 5 | | | 6 | |
| 9 | 7 | | | 8 | | 5 | | |
| 4 | | | 1 | | | 7 | | |
| | | | | 7 | | | 9 | 3 |
| 3 | | 1 | | | | | | 5 |
| 5 | | | | 6 | | 1 | | |
| 1 | | | 3 | | | | | 7 |
| | 3 | 9 | | 4 | | | | |
| | 4 | | | | 6 | | | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 7 | 2 | 6 | 8 | 3 | 5 | 9 | 4 |
| 3 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 7 | 2 |
| 4 | 5 | 6 | 7 | 9 | 2 | 8 | 1 | 3 |
| 5 | 1 | 3 | 2 | 6 | 4 | 9 | 8 | 7 |
| 6 | 4 | 8 | 5 | 7 | 9 | 2 | 3 | 1 |
| 9 | 2 | 7 | 3 | 1 | 8 | 4 | 5 | 6 |
| 2 | 6 | 5 | 8 | 3 | 7 | 1 | 4 | 9 |
| 7 | 9 | 1 | 4 | 5 | 6 | 3 | 2 | 8 |
| 8 | 3 | 4 | 9 | 2 | 1 | 7 | 6 | 5 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 5 | 3 | 7 | 8 | 1 | 6 | 9 |
| 1 | 3 | 7 | 9 | 6 | 2 | 5 | 4 | 8 |
| 6 | 8 | 9 | 1 | 4 | 5 | 7 | 2 | 3 |
| 3 | 9 | 6 | 4 | 2 | 7 | 8 | 1 | 5 |
| 7 | 1 | 8 | 5 | 3 | 6 | 2 | 9 | 4 |
| 4 | 5 | 2 | 8 | 9 | 1 | 3 | 7 | 6 |
| 8 | 2 | 3 | 6 | 1 | 4 | 9 | 5 | 7 |
| 9 | 6 | 1 | 7 | 5 | 3 | 4 | 8 | 2 |
| 5 | 7 | 4 | 2 | 8 | 9 | 6 | 3 | 1 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | 2 | 4 | 9 | 5 | 7 | 1 | 8 | 6 |
| 1 | 5 | 9 | 8 | 6 | 3 | 2 | 7 | 4 |
| 6 | 7 | 8 | 1 | 2 | 4 | 5 | 3 | 9 |
| 7 | 4 | 6 | 2 | 8 | 9 | 3 | 5 | 1 |
| 5 | 9 | 2 | 6 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 |
| 8 | 1 | 3 | 4 | 7 | 5 | 6 | 9 | 2 |
| 4 | 6 | 5 | 3 | 9 | 2 | 8 | 1 | 7 |
| 9 | 8 | 7 | 5 | 1 | 6 | 4 | 2 | 3 |
| 2 | 3 | 1 | 7 | 4 | 8 | 9 | 6 | 5 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

**Menntun er öflugasta vopnið sem þú getur notað til að breyta heiminum.**

*Nelson Mandela*

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | ■ | 2 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 7 | ■ | 8 | | |
| 9 | | 10 | ■ | 11 | |
| 12 | | | 13 | | ■ |
| ■ | 14 | | | | 15 |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | 19 | ■ | 20 | |
| 21 | | | | ■ | |

## KROSSGÁTA

**LÁRÉTT 2.** draugur **6.** í röð **8.** mak **9.** heiður **11.** átt **12.** akstursíþrótt **14.** skipastóll **16.** hvað **17.** niður **18.** slöngu **20.** tveir eins **21.** jötna.

**LÓÐRÉTT 1.** ókleifur **3.** kúgun **4.** gagnslaus **5.** angra **7.** grafarmaður **10.** mjög **13.** umrót **15.** sjá eftir **16.** slím **19.** sjúkdómur.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** vofa, **6.** fg, **8.** kám, **9.** æra, **11.** na, **12.** rallý, **14.** floti, **16.** ha, **17.** suð, **18.** orm, **20.** rr, **21.** rísa.

**LÓÐRÉTT: 1.** ófær, **3.** ok, **4.** fánýtur, **5.** ama, **7.** grafari, **10.** áll, **13.** los, **15.** iðra, **16.** hor, **19.** ms.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Yngsti stórmeistari heims, hinn 14 ára kínverski Wei Yi (2551) lagði rússneska stórmeistarann Ian Nepomniachtchi (2723) í fyrstu umferð heimsbikarmótsins í Tromsö.**

**Svartur**



53...Be4! Einfaldast. 54. Rxe4 fxe4 55. Kb1 Kg7! Hvítur gafst því upp eftir 56. Kc1 kemur 56...Rxg2 57. Rxg2 h3! Wei Yi varð stórmeistari á N1 Reykjavíkurskákmótinu fyrr í ár. Hann mætir annaðhvort Hou Yifan eða Shirov í annarri umferð (64 manna úrslitum).

**www.skak.is** Heimsbikarmótið í skák.

LYFJA
- Lífið heil

www.lyfja.is

# Ný og glæsileg Lyfja við Nýbýlaveg

## Opnunartilboð 14.-19. ágúst

Í tilefni af opnun nýju verslunarinnar verðum við með frábær og frískandi tilboð í Lyfju Nýbýlavegi til 19. ágúst. Líttu inn til okkar, skoðaðu vöruúrvalið og nýttu þér veglegan afslátt í leiðinni.

Glæsilegir kaupaukar fylgja völdum ilmvötnum á meðan birgðir endast.

**Við hlökkum til að sjá þig.**

## 50% **afsláttur** af völdum vörum

L'ORÉAL PARIS

L'Oreal Total Repair BB-krem og L'Oreal Revitalift dagkrem



MAYBELLINE NEW YORK

Falsies Feather-look maskari



OROBLU

Af völdum sokkabuxum

## 25% **afsláttur** af ýmsum gæðavörum

CLINIQUE

L'ORÉAL PARIS

MAYBELLINE NEW YORK

Heelen Dr. Comfort

Gæða-fótavörur og sokkar

matas

Danskar hágæða-húðvörur

## 25% **afsláttur** af öllum helstu bætiefnum

SOLARAY now VITABIOTICS WHERE NATURE MEETS SCIENCE GULI MIÐINN Einn á dag BIOMEGA

ÍSLENSKA/SIA.IS/ENN 65192 08/13

Lyfja Nýbýlavegi, sími 527 2755.
Opið alla virka daga frá kl. 10–18:30
og laugardaga kl. 16–18.

DÚNDURFRÉTTIR
PINK FLOYD

Eldborg Hörpu 6. september

Árið 1973 kom út meistaraverk Pink Floyd, Dark Side of the Moon og á verkið því afmæli á þessu ári- 40 ára.

**Dúndurfréttamenn héldu tvenna frábæra tónleika í Hörpu í vor og var uppselt á þá báða...Nú ætla þeir að endurtaka leikinn í haust og flytja þetta meistaraverk í heild sinni , ásamt mörgum helstu perlum Pink Floyd.**

Eitt helsta meistarastykki rokksögunnar Dark Side of the Moon er ein mest selda plata heims (50 milljón eintök) og á heimsmetið yfir veru á Billboard vinsældarlistanum þar sem platan var í samfleytt 741 viku eða meira en 14 ár. Samtals hefur Dark Side of the Moon verið á Billboard listanum í yfir 1500 vikur eða í tæp 30 ár. Í rólegri viku þá selst á milli 8000-9000 eintök af plötunni á viku bara í Bandaríkjunum.

the Dark Side of the Moon

MIÐASALA HEFST Í DAG
harpa.is, midi.is og í síma 528 50 50



**FLOTTUR HÓPUR** Tinna Isebarn og Svava Gunnarsdóttir starfa sem sjálfboðaliðar í barnaskóla í Úganda. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Safna fyrir börnin

**Tvær vinkonur pökkuðu saman og héldu á vit ævintýranna í Afríku. Safna nú fyrir flugnanetum.**

„Við fórum til Afríku þar sem við höfum báðar gaman af því að ferðast og okkur hefur alltaf dreymt um að fara í hjálparstarf. Við eigum það sameiginlegt að vera annt um málefni barna og vildum beita okkur þar,“ segir Tinna Isebarn, sem vinnur við hjálparstörf í Afríku ásamt Svövu Gunnarsdóttur, vinkonu sinni.

Þær stöllur starfa á vegum „Mentor Volunteers Uganda – Centre for Child Advocacy and Life Planning“. „Samtökin hlúa að munaðarlausum og bágstöddum börnum og reka þrjá skóla. Við erum að kenna við Nansana Community Primary School í Úganda og höfum nú fengið að kynnast allri starfseminni og flestum börnunum persónulega.“

Stelpurnar kenna börnunum ensku, stærðfræði og landafræði og gengur það ótrúlega vel. „Þetta er dýrmæt reynsla og við höfum fengið að kynnast og verða hluti af öðrum menningarheimi sem er gjörólíkur okkar eigin.“ Börnin sem þær hafa nú fengið að kynnast eru mörg hver alvarlega veik og segir Tinna að þeim hafi brugðið þegar þær vissu hversu mörg börn deyja af völdum malaríu.

„Um hundrað af þeim börnum sem búa hér hafa á þessu ári þjáðst af malaríu. Læknismeðferð er gríðarlega dýr og veldur því að oft eru ekki til peningar fyrir mat handa börnunum.“ Áður en stúlkurnar halda aftur heim til Íslands vilja þær leggja sitt af mörkum og hafa því komið af stað söfnun fyrir flugnanetum á Facebook. „Moskítóflugur bera malaríu á milli manna og því viljum við kaupa moskítónet fyrir öll börnin, hengja þau fyrir ofan rúmin þeirra og brýna fyrir þeim mikilvægi þess að þau séu alltaf notuð.“ Aðspurð segir Tinna að þær hafi fengið frábærar viðtökur og vilja þær þakka öllum þeim sem hafa lagt málefninu lið.

„Við ætlum að vera í nokkra daga í viðbót í Úganda og koma netunum fyrir. Við viljum fylgja þessu eftir og sjá til þess að flugnanetin rati á réttan stað. Að því loknu ætlum við til Tansaníu þar sem við munum ferðast um Zanzibar í eina viku áður en við komum heim,“ segir Tinna Isebarn að lokum. asa@365.is

SÖLUTURN ATLANTSOLÍU
REKSTRARAÐILI

Atlantsolía leitar að sjálfstæðum rekstraraðila til að reka söluturn við bensínstöð sína að Kópavogsbraut 115. Bensínstöðin að Kópavogsbraut var sú fyrsta sem fyrirtækið tók í notkun og hefur markað sér sterkan sess á markaðssvæði sínu.

Við leitum að traustum og ábyggilegum aðila sem vill verða hluti af sterkri liðsheild. Mikill kostur er að þekkja til slíks reksturs en þó ekki skilyrði.

**Umsóknir sendist á johanna@atlantsolia.is fyrir föstudaginn 23. ágúst.**

ATLANTSOLIA
Atlantsolía / Lónsbraut 2 / 220 Hafnarfjörður / Sími 591 3100 / www.atlantsolia.is



**VILL EKKI Í ÁTAK** Leikkonan Jennifer Garner vill ekki koma sér í form fyrir kvikmyndahlutverk. NORDICPHOTOS/GETTY

# Vill ekki fara í megrunarátak

Leikkonan Jennifer Garner segist ekki hafa hug á að leika á móti eiginmanni sínu, leikaranum Ben Affleck. Ástæðuna segir hún vera þá að fólk sé orðið þreytt á parinu.

„Fólk vill ekki sjá pör á hvíta tjaldinu. Fólk sér ljósmyndir af okkur nánast daglega, það er ekkert spennandi við okkur. Fólk er orðið þreytt á okkur,“ sagði leikkonan í viðtali við tímaritið Allure, en Garner prýðir forsíðu tímaritsins.

Í viðtalinu kemur einnig fram að Garner vill síður fara í átak fyrir kvikmyndahlutverk. „Stundum þurfti ég að passa hverja einustu hitaeiningu sem ég borðaði. Það er ekki ofarlega á óskalistanum að þurfa að gera slíkt aftur.“



**Á TÍSKUVIKU** Rihanna á tískuvikunni í London síðastliðinn febrúar. GETTY/NORDICPHOTOS

## Ný fatalína Rihönnu

Poppstjarnan Rihanna og breska tískukeðjan River Island kynna til leiks aðra fatalínu söngstjörnunnar. Að þessu sinni var Rihanna innblásin af hermannamynstrum í bland við íþróttalegan götufatnað. Fatalínan er ögrandi og hentar því kannski ekki öllum. Rihanna þorir að ganga um í magabolum og stuttbuxum, en það eru ekki allir sem gera það, segir talsmaður breska Vogue. Óvíst er hvort Rihanna komi á tískuvikuna í London, sem verður haldin 13.-17. september, til þess að kynna línuna eins og hún gerði fyrr á árinu. Fatalínan kemur í búðir 12. september næstkomandi.



**SÍSÝ EY** Spilaði á Sónar-hátíðinni sem haldin var í Hörpu í febrúar. MYND/BRYNJAR SNÆR

## Sísý Ey gefur út ókeypis lag

Hljómsveitin Sísý Ey gefur út nýtt lag sem verður hægt að nálgast fyrst á vefsíðu Vísis í dag.

Lagið ber heitið Restless og að laginu koma krakkarnir í Sísý Ey auk Unnsteins Manúels, í hljómsveitinni Retro Stefson.

Lagið er síðbúinn sumarsmellur að sögn Elísabetar Eyþórsdóttur, söngkonu í Sísý Ey.

„Við erum svo þakklát fyrir frábærar móttökur á fyrsta laginu okkar, Ain't got nobody, að við ætlum að gefa þetta lag, sem heitir Restless,“ segir Elísabet.

„Svo fylgja tvö ný lög í kjölfarið, þannig að það er mikið í gangi hjá okkur,“ segir Elísabet jafnframt. - ósk



**MOSES HIGHTOWER** Gefur út nýtt efni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Moses Hightower gefur út

Moses Hightower hefur gefið út tvær plötur sem notið hafa gríðarlega vinsælda hér á landi. Fyrri platan heitir Búum til börn, en hún var valin plata ársins 2010 af gagnrýnendum Fréttablaðsins. Seinni platan heitir Önnur Mósebók.

Þá hafa margir tónlistarmenn lagt sig fram við að endurhljóðblanda lög hljómsveitarinnar og setja þau þannig í nýjan búning. Meðlimir Moses Hightower eru svo ánægðir með afraksturinn að nú hyggst sveitin, ásamt plötufyrirtækinu Record Records, gefa út vínylplötu með endurhljóðblönduðum lögum sveitarinnar. - ósk

# Love hefur ekki prófað allt

Ný plata er væntanleg frá söngkonunni umdeildu og viðræður eru í gangi um nýja kvikmynd.

Vandræðagemlingurinn og söng- og leikkonan Courtney Love, sem lék í myndunum The People vs. Larry Flint og Man In The Moon, sagði nýlega frá því að hún hefði aldrei prófað e-töflur. Það kom víst aðdáendum hennar á óvart þar sem Love er þekkt fyrir villt líferni og mikla eiturlyfjaneyslu.

Love sagði jafnframt að hún talaði við sálfræðinginn sinn nánast daglega, annars ætti hún erfitt með að komast í gegnum daginn. Ásamt því að gefa út nýja plötu er Love í viðræðum við kvikmyndafyrirtækið Universal um mynd byggða á ævintýrum hennar og Kurts Cobain, fyrrverandi söngvara Nirvana. „Þetta er á frumstigi og á allt eftir að koma í ljós,“ segir hún. Söngkonan ferðast nú um Bandaríkin og kynnir efni nýrrar plötu sinnar, Died Blonde, sem er væntanleg í búðir í lok þessa árs.

➜ The People vs. Larry Flint kom út árið 1996.



**VILLINGUR** Courtney Love segist aldrei hafa tekið e-töflur. GETTY/NORDICPHOTOS





Skyr.is

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075
5%
POWERSÝNING KL. 10.15
SÝND Í 2D OG 3D MEÐ ÍSL TAL

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | 5, 8, 10.15(P) | 14 |
| THE WAY WAY BACK | 8, 10.10 2D | 12 |
| STRUMPARNIR 2 | 3.50, 6 2D | L |
| R.I.P.D. | 10.10 3D | 10 |
| SKRÍMSLA HÁSKÓLINN | 3.50, 6 2D | L |
| THE HEAT | 8 | 12 |

SAMBÍÓIN
KVIKMYNDAÚRVALIÐ ER Í SAMBÍÓUNUM
SAMBÍÓIN Á TOPPNUM Í 30 ÁR
KYNNTU ÞÉR MÁLIÐ Á SAMbio.is
JENNIFER ANISTON, JASON SUDEIKIS OG ED HELMS Í FYNDNUSTU GRÍNMYND ÞESSA ÁRS
WE'RE THE MILLERS
DENZEL WASHINGTON MARK WAHLBERG 2GUNS
RED 2
„JAFNVEL SKEMMTILEGRI EN FYRRI MYNDIN"
STÓRKOSTLEG TEIKNIMYND FRÁ SNILLINGUNUM HJÁ DISNEY/PIXAR
SÝND MEÐ ÍSLENSKU OG ENSKU TALI Í 2D OG 3D
SKRÍMSLA HÁSKÓLINN
Arion banki
JASON STATHAM HUMMINGBIRD
BRAD PITT WORLD WAR Z

| SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 3:20-5:40-6:30-8-9-10:30-11:20 | 12 |
| WE'RE THE MILLERS VIP | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | |
| HUMMINGBIRD | KL. 8 - 10:20 | 16 |
| RED 2 | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 3:20 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 4 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ENSTAL 2D | KL. 10:30 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 5:40 - 8 | 12 |
| SAMMY 2 ÍSLTAL 2D | KL. 3:40 TILBOÐ 400 KR. | L |

| SAMBÍÓIN AKUREYRI | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| HUMMINGBIRD | KL. 10:30 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 5:40 | L |

SPARBÍÓ
MERKTAR MEÐ GRÆNU OG APPELSÍNUGULU Í BÍÓAUGLÝSINGUM SAMBÍÓA KR. 1000 Á GRÆNT OG KR. 750 Á APPELSÍNUGULT

| SAMBÍÓIN EGILSHÖLL | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 3 - 5:30 - 8 - 10:30 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 5:30 - 8 - 10:30 | 16 |
| HUMMINGBIRD | KL. 5:40 - 8 - 10:20 | 16 |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| SMURFS 2 ÍSLTAL 3D | KL. 3 | L |
| SMURFS 2 ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| PACIFIC RIM 2D | KL. 10:20 | 12 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |

| SAMBÍÓIN KRINGLUNNI NÚMERUÐ SÆTI | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 3:20 - 5:40 - 8 - 10:30 | 12 |
| RED 2 | KL. 8 - 10:30 | 12 |
| GAMBIT | KL. 8 | 7 |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 3D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| MONSTERS UNIVERSITY ÍSLTAL 2D | KL. 3:20 - 5:40 | L |
| WORLD WAR Z 2D | KL. 10 | 12 |

| SAMBÍÓIN KEFLAVÍK | | |
|---|---|---|
| WE'RE THE MILLERS | KL. 8 - 10:20 | 12 |
| 2 GUNS | KL. 8 - 10:30 | 16 |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
Partý, strákar, kynlíf ...listinn er langur
The To Do List
DENZEL WASHINGTON MARK WAHLBERG 2GUNS
LÚXUS
FRÁ ÞEIM SÖMU OG FÆRÐU OKKUR LITTLE MISS SUNSHINE OG JUNO
BÚIÐ YKKUR UNDIR ÓÞEKKTIR!
-H.S., MBL
-T.V., S&H - BÍÓVEFURINN
WOLVERINE
GROWN UPS 2
BULLOCK McCARTHY THE HEAT

| SMÁRABÍÓ | | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| 2 GUNS LÚXUS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| THE TO DO LIST | KL. 8 | 14 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 3.20 - 5.40 | L |
| WOLVERINE 3D | KL. 5.20 - 8 - 10.40 | 14 |
| GROWN UPS | KL. 8 -10.20 | L |
| THE HEAT | KL. 10.20 | 12 |

| HÁSKÓLABÍÓ | | |
|---|---|---|
| 2 GUNS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | 14 |
| WAY WAY BACK | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| STRUMPARNIR 3D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| STRUMPARNIR 2D ÍSL TAL | KL. 5.40 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| GROWN UPS | KL. 5.40 | L |
| THIS IS THE END | KL. 8 - 10.25 | 16 |

BORGARBÍÓ NÁNAR Á MIÐI.IS

| | | |
|---|---|---|
| STRUMPARNIR 3D | KL. 6 | L |
| ONLY GOD FORGIVES | KL. 8 - 10 (16) / WOLVERINE 3D KL. 10 | 14 |
| GROWN UPS 2 | KL. 6 - 8 | L |

Miðasala á: midi.is og e Miði

# Við steypum í kvöld

**BAKÞANKAR**
Ragnheiðar Tryggvadóttur



Tilbúið til samsetningar, leiðbeiningar fylgja. Þetta hljómaði hreint ekki svo illa, við færum létt með þetta. Svona handlagin bæði! Ég hugsaði mig ekki tvisvar um þegar ég sá hýsið síðan auglýst á afslætti í ofanálag, nú skyldi byggður garðskúr.

**SENDIBÍLLINN** kom og fór og smá skjálfti fór um mig þegar ég horfði á efnisbunkann sem hann skildi eftir. Örlitli áhaldaskúrinn sem virkaði svo viðráðanlegur í bæklingnum þakti nú stóran hluta bakgarðsins, í formi spýtna í mörgum, misjöfnum lengdum, ólíkum að lögun líka, og óteljandi skrúfum og nöglum í sekkjum. Þarna mátti sjá festingar fyrir hin ýmsu samskeyti sem erfitt var að átta sig á við fyrstu sýn, lamir og lista og lítinn glugga. En veðrið var mjög gott þennan dag svo ég þreif leiðbeiningarnar og fletti. Þetta yrði lítið mál, skúrinn yrði risinn fyrir kvöldið.

**VIÐ** hófumst handa um leið. Röðuðum gólfbitum og negldum niður botn, hallamældum og réttum af. Fjalirnar féllu hver að annarri og fljótlega gátum við flett á næstu síðu.

**NÚ** eru tvær vikur síðan sendibílstjórinn skellti aftur skottinu og veifaði okkur glottandi. Þaklaus blaktir skúrinn til í bakgarðinum, enda lítið hald þegar líka vantar framhlið og undirstöðurnar engar. Við buguðumst á annarri síðu.

**HVORUGT** okkar hefur nú nefnt skúrinn um hríð. Hversdagslegt amstur tekið við og lausar stundir nýttar í annað en smíðar. Haustvindarnir eru samt farnir að belgja sig og blása svo hriktir í hróinu í bakgarðinum. Það hvín og brakar svo lítið verður um svefn, enda ólíklegt að íslenskt veðurfar hafi verið tekið með í reikninginn við hönnun skúrsins. Hvað þá íslensk vetrartíð. „Á morgun," hugsum við bæði, í hljóði samt og snúum okkur á hina.

**SKÚRINN** liggur á mér eins og mara en ég tek ekki af skarið. Veit að útfæra þarf undirstöður og þýða orð úr leiðbeiningabæklingnum en ég bíð eins og það gerist af sjálfu sér. Og svo gerðist það. Síminn hringdi í hádeginu svo ég hrökk við og frá hinum enda línunnar heyrðist: „Við steypum í kvöld!"

# Teen Choice Awards

Teen Choice-verðlaunin voru veitt á sunnudaginn var í Gibson Amphitheatre í Kaliforníu. Kynnar verðlaunanna í ár voru þau Darren Criss úr þáttunum Glee og Lucy Hale úr þáttunum Pretty Little Liars. Aðalverðlaun kvöldsins, Ultimate Choice-verðlaunin, hlaut Ashton Kutcher, en hann kemur til með að leika Steve Jobs í kvikmynd um líf Apple-frumkvöðulsins, sem væntanleg er í kvikmyndahús vestanhafs síðar í þessari viku. Lea Michele leikkona kom fram í fyrsta sinn opinberlega eftir sviplegt andlát unnustans í síðasta mánuði.



**LEA MICHELE** Kom fram á verðlaunahátíðinni í fyrsta sinn opinberlega eftir dauða unnusta síns, Cory Monteith. Hún hlaut verðlaun fyrir leik sinn í Glee. NordicPhotos/Getty



**SELENA GOMEZ** Hlaut tvenn verðlaun, meðal annars fyrir lag sitt um sambandsslit hennar og Justins Bieber, Come and get it.



**ASHTON KUTCHER OG MILEY CYRUS** Kutcher hlaut The Ultimate Choice-verðlaunin. Í þakkarræðu sinni sagði hann að velgengni væri ekki ókeypis.



**HARRY STYLES** Kom fram ásamt hljómsveit sinni One Direction, sem hlaut þrenn verðlaun á hátíðinni, en sjálfur fékk Styles tvenn verðlaun.

BÍÓ ★ PARADÍS Heimili kvikmyndanna
EUROPA CINEMAS
Kvikmyndamiðstöð Íslands
DAGSKRÁIN ER Á WWW.BIOPARADIS.IS OG MIDI.IS

tl.is

# TÖLVU LISTINN

# YFIR 80 GERÐIR AF FARTÖLVUM!




## TOSHIBA

### VINSÆL MEÐ INTEL

**Mjög hagstætt verð fyrir 15,6" fartölvu með Intel örgjörva. Heilmikið geymslupláss á 750GB hörðum diski og 6GB vinnsluminni svo auðvelt sé að vinna í mörgum gluggum og forritum samtímis.**

TOS-C8501KW

**79.990**




## HVÍT MEÐ 8GB VINNSLUMINNI

Ein sú heitasta í úrvalinu. Glæsileg hvít 15,6" fartölva með 8GB vinnsluminni og stórum 750GB hörðum diski. Hraðari gagnaflutningur með USB3 og HDMI til að tengja við sjónvarp eða skjá.

15,6"




**TOS-C855D154**

**89.990**

## RAUÐ MEÐ INTEL CORE i3

Glæsilega rauð úr nýju L-línunni frá Toshiba. Þynnri, nettari og sterkbyggðari með Intel Core i3 örgjörva, 500GB hörðum diski og Bluetooth 4.

15,6"




**TOS-L8501Z4**

**99.990**

## INTEL CORE i5 Á FRÁBÆRU VERÐI !

15,6"




Þessi stefnir í að verða mest selda i5 vélin í ár. Mjög öflug vél með bættri Intel 4000 skjástýringu, 4GB 1600Mhz vinnsluminni og 500GB hörðum diski.

**TOS-C85522N**

**109.990**

## INTEL i7 OG GT740M SKJÁKORT

15,6"




Glæsileg, þunn og kraftmikil. Fjögurra kjarna Intel i7 örgjörvi fyrir þunga vinnslu eða leiki. Öflugt 1GB nVidia GeForce GT740M skjákort, stækkanlegt vinnsluminni í 16GB, 750GB harður diskur, USB3 og HDMI.

**TOS-L50A105**

**149.990**

PROMENNT

## ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !

**Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.**




| REYKJAVÍK | AKUREYRI | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | Sími 414 1750 |

## Aron má spila með Bandaríkjunum

**FÓTBOLTI** Íslendingurinn Aron Jóhannsson hefur æft með bandaríska landsliðinu í vikunni en Bandaríkjamenn spila gegn Bosníu-Hersegóvínu í kvöld. Aron valdi á dögunum að spila frekar fyrir landslið Bandaríkjanna en Íslands.

Jürgen Klinsmann, þjálfari bandaríska liðsins, valdi Aron í hópinn þó að ekki væri ljóst hvort hann myndi fá leikheimild fyrir leikinn.

Leikheimildin kom þó í gærkvöldi og Klinsmann getur því teflt Aroni fram í leiknum í kvöld ef hann vill. Verður að teljast afar líklegt að Klinsmann noti Aron í leiknum.

Ekki var endilega búist við því að Klinsmann gæti notað Aron í leiknum en ferlið getur tekið frá fjórum og upp í sex vikur. Ekki þurfti svo langan tíma fyrir umsókn Arons.

Klinsmann hefur farið mjög fögrum orðum um Aron í vikunni og sagt að hann sé einn efnilegasti framherji Evrópu. Nú er það undir Aroni komið að sanna að hann standi undir lofinu. **- hbg**




## Við eigum að vinna Færeyjar

**FÓTBOLTI** „Það er mikilvægt að fá leik og koma saman. Skiptir engu þannig séð við hverja við spilum. Við þurfum að undirbúa okkur vel fyrir komandi verkefni,“ segir landsliðsmaðurinn Gylfi Þór Sigurðsson.

Hann hefur verið að glíma við meiðsli aftan í læri og því óvíst hvort eða hversu mikið hann getur spilað í leiknum gegn Færeyjum í dag. Aðeins Gylfi og Rúrik Gíslason glíma við lítilvæg meiðsli fyrir þennan leik.

„Úrslitin skipta auðvitað ekki öllu máli í svona leik en að sjálfsögðu stefnum við að því að vinna. Við eigum að vinna lið eins og Færeyjar. Við notum þennan leik meira til þess að æfa okkur fyrir leikina gegn Sviss og Albaníu.“

Það eru ekkert brottfall í íslenska liðinu fyrir leikinn en það er ekki alltaf raunin fyrir leiki á þessum tímapunkti.

„Það er jákvæð stemning hjá landsliðinu og við eigum enn möguleika á umspilssætinu. Hugurinn er í því að undirbúa sig sem best og ná svo flottum árangri í næstu leikjum. Það er raunhæft að ná öðru sætinu en það verður auðvitað erfitt enda hörkuleikir,“ sagði Gylfi, en liðið stefnir á að fá níu stig í síðustu fjórum leikjunum. „Ef við fáum stig gegn Sviss úti þá er allt opið. Í kjölfarið þurfum við að vinna Albana.“ **- hbg**



**GYLFI** Glímir við minniháttar meiðsli.
FRÉTTABLAÐIÐ /STEFÁN



**SARA BJÖRK** Verður áfram í sterku liði Malmö. NORDICPHOTOS/GETTY

## Framlengdi við LdB Malmö

**FÓTBOLTI** Knattspyrnukonan Sara Björk Gunnarsdóttir hefur gert nýjan samning við sænska liðið LdB Malmö og verður leikmaður hjá félaginu í tvö og hálft ár til viðbótar.

Sara Björk gekk í raðir sænska félagsins árið 2011 frá Breiðablik en hún er í dag fastamaður í íslenska kvennalandsliðinu í fótbolta og hefur staðið sig frábærlega með Malmö.

Leikmaðurinn er 22 ára og hefur leikið fyrir öll landslið Íslands á sínum ferli. Sara hefur skorað ellefu mörk fyrir Malmö síðan hún kom til liðsins. **- sáp**




**DOWNING** Sýndi lítið í búningi Liverpool. NORDICPHOTOS/GETTY

## Downing fór til West Ham

**FÓTBOLTI** Englendingurinn Stewart Downing hefur gert fjögurra ára samning við enska úrvalsdeildarliðið West Ham United en hann kemur til liðsins frá Liverpool.

West Ham tilkynnti kaupin á vefsíðu sinni í gær. Downing hefur verið undanfarin tvö tímabil í herbúðum Liverpool en engan veginn staðið undir væntingum.

Leikmaðurinn var keyptur á 20 milljónir punda til Liverpool en West Ham mun líklega greiða um fimm milljónir punda fyrir Downing.

„Þetta er frábært tækifæri fyrir mig og ég er mjög spenntur fyrir næstu leiktíð. Ég verð klár fyrir fyrsta leikinn gegn Cardiff um helgina,“ sagði Downing á heimasíðu West Ham. **- sáp**

### UNDANKEPPNI EM

| | |
|---|---|
| **ÍSLAND - BÚLGARÍA** | **79-81** |

**visir.is**
Meira um leik gærkvöldsins

# Nauðsynlegur leikur fyrir liðið

Íslenska landsliðið í knattspyrnu verður í eldlínunni gegn Færeyingum á Laugardalsvellinum í kvöld en liðið tekur á móti grönnum okkar í vináttulandsleik. Landsliðsþjálfarinn vill bæta varnarleik liðsins frá fremsta til aftasta manns. Mikilvægur leikur fyrir undirbúning liðsins gegn Sviss og Albaníu í september.

**FÓTBOLTI** Íslenska landsliðið í knattspyrnu mætir því færeyska í vináttulandsleik á Laugardalsvelli í kvöld en leikurinn hefst klukkan 19.45. Liðið undirbýr sig nú af kappi fyrir mikilvæga leiki gegn Sviss og Albaníu í byrjun september. Þeir eru hluti af undankeppni heimsmeistaramótsins í knattspyrnu sem fram fer í Brasilíu árið 2014.

„Það er alltaf mikilvægt að hitta leikmennina og fá hópinn saman,“ sagði Lars Lagerbäck landsliðsþjálfari í samtali við Fréttablaðið í gær.

„Við erum að undirbúa okkur fyrir leikina gegn Sviss og Albaníu í september og því þurftum við nauðsynlega á þessum leik að halda. Við berum auðvitað mikla virðingu fyrir liði Færeyinga en munum samt sem áður nota þennan leik til að lagfæra ákveðna hluti varðandi okkar spilamennsku fyrir leikina sem fram undan eru í undankeppni HM.“

Tveir nýliðar eru í íslenska landsliðshópnum að þessu sinni en þeir eru Kristinn Jónsson, leikmaður Breiðabliks, og Jóhann Laxdal, leikmaður Stjörnunnar.

„Við eigum örugglega eftir að leyfa mörgum leikmönnum að spreyta sig í leiknum á morgun. Sumir þeirra eru kannski ekki í nægilega góðu standi eftir erfitt undirbúningstímabil hjá þeirra félagsliðum og þá opnast oft tækifæri fyrir aðra að sýna sitt rétta andlit.“

Ísland tapaði fyrir Slóveníu á Laugardalsvelli 7. júní, 4-2, og því þarf að laga margt í leik liðsins fyrir leikina gegn Sviss og Albaníu í undankeppni HM.

„Við þurfum að skoða varnarleik okkar alveg frá fremsta manni til hins aftasta og bæta hvernig liðið verst í heild sinni. Liðið þarf síðan að finna betur fæturna á framherjunum, við erum með frábæra sóknarmenn en þeir verða að fá boltann,“ sagði Lars brattur í gær.

Það mun mæða mikið á Kolbeini Sigþórssyni hjá íslenska landsliðinu í kvöld en hann mun líklega leiða framlínu liðsins ásamt Alfreð Finnbogasyni.

„Leikurinn leggst bara vel í okkur en þetta verður fínn undirbúningur fyrir Sviss og komandi verkefni,“ sagði Kolbeinn Sigþórsson, framherji íslenska landsliðsins.

Úrslitin í síðasta leik voru ekki góð en liðið er ekki á þeim buxunum að leggja árar í bát. Nú þegar bestu deildir í Evrópu eru um það bil að hefjast þá er líklega ekkert sérstök tilfinning fyrir alla þá knattspyrnustjóra sem eru starfandi að senda sína bestu leikmenn í vináttuleiki með landsliðum sínum.




**LARS** Lagerbäck þarf að huga að mörgu varðandi landsleikina gegn Sviss og Albaníu í september. Leikurinn í kvöld mun svara mörgum spurningum. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Hafa oft strítt stórum þjóðum

„Við erum jákvæðir og þurfum að rífa okkur upp frá síðasta leik. Það er alltaf gaman að spila með landsliðinu og tímasetningin á leiknum er bara í fínu lagi. Menn eru búnir að koma sér í gott form á þessum tíma og það er einfaldlega ekki hægt að fara út í knattspyrnuleiki hræddur um að meiðast, sama hvað leik er um að ræða,“ sagði Kolbeinn.

„Færeyingarnir eru bara mjög seigir og með fínt lið. Þeir hafa oft strítt stórum þjóðum og við förum ekki að vanmeta þá. Ísland þarf að eiga góðan leik til þess að vinna á morgun og við gerum sjálfir þær kröfur að vinna leikinn. Liðið þarf að halda áfram að byggja ofan á þann árangur sem við höfum náð og bæta þá þætti sem þörf er á, bæði varnarlega og sóknarlega. Ég er sjálfur í fínu standi og hef verið alveg laus við meiðsli að undanförnu. Maður vonast alltaf til að ná sem flestum leikjum á hverju tímabili.“

Ísland er í þriðja sæti riðilsins í undankeppni HM, einu stigi á eftir Albönum og fimm stigum á eftir Svisslendingum. Efsta liðið í riðlinum fer beint á heimsmeistaramótið í Brasilíu en þjóðin í öðru sæti fer í umspil.

stefanp@frettabladid.is



**FRAMHERJINN** Kolbeinn er alltaf spenntur fyrir landsleikjum.
FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# Ofurframmistaða Jóns Arnórs dugði ekki til

EM-draumur íslenska landsliðsins í körfubolta dó í gær eftir dramatískt tap, 79-81, gegn Búlgaríu.

**KÖRFUBOLTI** „Hann brýtur á mér frá miðlínu, tvisvar, og þeir láta leikinn ganga. Ég kemst upp að körfunni og næ að henda honum upp. Hann var of ragur að dæma þetta og ég er ekki sammála því. Ef það er villa hérna úti á velli þá dæmir þú það. Þá hefði ég átt möguleika á að koma okkur í framlenginguna á línunni og gefa okkur möguleika á að vinna leikinn,“ sagði Jón Arnór Stefánsson um síðustu andartök leiks Íslands og Búlgaríu í gær.

Búlgaría vann tveggja stiga sigur í Laugardalshöll 81-79 í undankeppni Evrópumeistaramótsins, sem fram fer í Úkraínu haustið 2015. Búlgaría á enn möguleika á að komast þangað en Ísland er úr leik með tapinu.

„Við sýndum hjarta og vorum búnir að sjá það fyrir okkur að við myndum vinna þennan leik. Við vorum með mjög góða tilfinningu fyrir þessum leik og vorum búnir að setja þetta upp með að gefa allt í þetta. Sú tilfinning var mjög góð allt þar til þarna í lokin,“ sagði Jón Arnór en íslenska liðið lék frábærlega á löngum köflum gegn sterku liði Búlgaríu.

Ísland lék sérstaklega vel í fyrri hálfleik þar sem vörnin var frábær og liðið hitti mjög vel. Aðeins dró af liðinu í þriðja leikhluta þegar liðið missti 12 stiga forskot en liðið sýndi mikinn styrk með því að vinna sig aftur inn í leikinn.

Lokakaflinn var síðan alls ekki fyrir hjartveika. Íslenska liðið kom til baka af miklum krafti, gaf allt sem það átti en það dugði ekki til.

Virkilega svekkjandi niðurstaða eftir einn besta landsleik sem íslenska landsliðið hefur sýnt. **- gmi**

**SVEKKTUR** Jón Arnór fór algjörlega á kostum í gær en það dugði ekki til sigurs. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL



COLORS by copenhagen · [e] STONE · SINTESI · GROHE

# FEGRAÐU HEIMILIÐ

Glæsilegt blað er komið út, úrval af parketi, flísum, hreinlætistækjum og ljósum. Allt til að fegra heimilið í nýja BYKO blaðinu.



Skoðaðu blaðið á BYKO.is og á QR kóða á snjallsíma!



Vnr. 17800080
E-stone Indian Sand stone gegnheilar frostþolnar steinflísar á gólf og veggi,
**4.190 kr./m²**



Vnr. 17800120
E-STONE gegnheilar steinflísar á gólf og veggi, frostþolnar, 30x60 cm, beige.
**3.290 kr./m²**



Vnr. 17900100/5/10
Sintesi Lands 30x30 frostþolnar, dökkgrátt/grátt og Cream.
**3.490 kr./m²**



Vnr. 17800105
E-STONE gólfflísar, 30x60 cm, hvítar, gegnheilar steinflísar.
**4.990 kr./m²**



Vnr. 17800055
E-STONE gólfflísar, 30x60 cm, gráar, gegnheilar steinflísar.
**5.190 kr./m²**



Vnr. 15327794
GROHE NewTempesta III sturtusett.
**5.990 kr.**



Vnr. 15328852
GROHE Tempesta I handúðari.
**2.490 kr.**



Vnr. 15332898
GROHE Essence Slim handlaugartæki.
**19.990 kr.**



Vnr. 15323324
GROHE Eurosmart handlaugartæki.
**14.995 kr.**

VERÐVERND BYKO
**LÆGRA VERÐ**

**BYKO**
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.

facebook.com/BYKO.is



Vnr. 15334244
GROHE GROHTHERM1000 baðtæki.
**29.990 kr.**



Vnr. 52248043
Loftljós hvítt, 50 cm.
**13.900 kr.**



Vnr. 17799940
E-STONE gólfflísar, ljósar, 30x60 cm.
**5.190 kr./m²**



Vnr. 52233849
KINGSTONE gólflampi með dimmer, messing.
**11.900 kr.**



Vnr. 52243550-1
SPACE borðlampi, E27, svartur eða hvítur. Fást í BYKO Breidd.
**7.900 kr.**



Vnr. 52243554-5
SPACE gólflampi, E27, svartur eða hvítur. Fást í BYKO Breidd.
**12.900 kr.**



Vnr. 52237499
IBIZA loftljós, 2x28W, E14, 32 cm.
**14.900 kr.**



Vnr. 52237374
BALI loftljós, 5x28W, G9, 45 cm. Fást í BYKO Breidd.
**24.900 kr.**



Vnr. 52237502
PALMA loftljós, 5x28W, G9, 48 cm.
**29.900 kr.**

# GÆÐAVÖRUR Í MIKLU ÚRVALI!

Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

www.expo.is / EXPO auglýsingastofa

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

**Stöð 2 kl** 21.30
### Mistresses



Frábærir dramaþættir sem fjalla um fjórar vinkonur sem hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið. Þættirnir eru frá handritshöfundum Gossip Girl og eru byggðir á samnefndum breskum þáttum sem slógu í gegn á sínum tíma.



### Dallas
**STÖÐ 2 KL 20.45**

Önnur þáttaröðin þar sem saga Ewing-fjölskyldunnar heldur áfram. Frændurnir Christopher og John Ross bítast enn um yfirráðin í fjölskyldufyrirtækinu Ewing Oil. Að vanda blandast inn í ástir og afbrýði, svik og baktjaldamakk sem gera þáttaröðina afar spennandi.



### Lottóhópurinn
**SJÓNVARPIÐ KL 21.05**

Breskur myndaflokkur. Líf fimm fátækra starfsmanna í stórmarkaði í Leeds umturnast þegar stóri vinningurinn í lottóinu fellur í þeirra hendur.



### The Borgias
**SKJÁR EINN KL 22.50**

Einstaklega vandaðir þættir úr smiðju Neils Jordan um valdamestu fjölskyldu ítölsku endurreisnarinnar, Borgia-ættina. Valdataflið í Róm heldur áfram en nú er það Cesare sem þarf að vara sig.

**Rás 1 kl 08.05**
### Morgunstund með KK



Kristján Kristjánsson tónlistarmaður leikur létta tónlist af ýmsu tagi í þessum skemmtilega morgunþætti.


ENGLAND
SKOTLAND
Í KVÖLD KL 18:55



FÍTON / SÍA F014881

SPORT HD ELSTI RÍGUR LANDSLIÐA

FORNIR FJENDUR MÆTAST

Fyrsti fótboltalandsleikurinn var fyrir nærri 150 árum á milli þessara þjóða. Skotar hafa alla tíð staðið uppi í hárinu á Englendingum. Mun litla nágrannaþjóðinn skella stóru stjörnunum frá Englandi. **Þú mátt ekki missa af þessum grannaslag í leiftrandi háskerpu!**

**Fáðu þér áskrift**
512 5100
stod2.is

SPORT HD


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími**
**08.10 Malcolm In the Middle** *(1:22)*
**08.30 Ellen** *(21:170)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors** *(127:175)*
**10.15 Spurningabomban** *(6:21)*
**11.05 Glee** *(7:22)*
**11.50 Grey's Anatomy** *(24:24)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(1:8)*
**13.25 Covert Affairs** *(11:11)*
**14.10 Chuck** *(9:24)*
**14.55 Last Man Standing** *(6:24)*
**15.15 Big Time Rush**
**15.40 Tricky TV** *(1:23)*
**16.05 Kalli kanína og félagar**
**16.25 Ellen** *(22:170)*
**17.10 Bold and the Beautiful**
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(15:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.06 Veður**
**19.15 The Big Bang Theory** *(10:24)*
**19.35 Modern Family**
**20.00 2 Broke Girls** *(11:24)*
**20.20 New Girl** *(22:25)*
**20.45 Dallas** Önnur þáttaröðin þar saga Ewing-fjölskyldunnar heldur áfram.
**21.30 Mistresses** *(2:13)* Frábærir dramaþættir sem fjalla um fjórar vinkonur sem hafa ólíkar þarfir og þrár þegar kemur að samskiptum við hitt kynið. Þættirnir eru frá handritshöfundum Gossip Girl og eru byggðir á samnefndum breskum þáttum sem slógu í gegn á sínum tíma.
**22.15 Miami Medical** *(8:13)*
**23.00 Revolution** *(20:20)*
**23.40 Person of Interest** *(2:22)*
**00.25 Breaking Bad** *(8:8)*
**01.10 Grimm** *(18:22)*
**01.55 Fringe** *(20:22)*
**02.40 Repo! The Genetic Opera**
**04.15 Chicago Overcoat**
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## POPP TÍVÍ

**19.00 Friends** *(23:24)*
**19.25 Two and a Half Men** *(16:24)*
**19.45 The Simpsons** *(7:21)*
**20.10 Suburgatory** *(5:22)*
**20.30 Suburgatory** *(6:22)*
**20.50 Arrow** *(5:23)*
**21.30 Arrow** *(6:23)*
**22.15 Friends** *(23:24)*
**22.35 Two and a Half Men** *(16:24)*
**23.00 The Simpsons** *(7:21)*
**23.30 Suburgatory** *(5:22)*
**23.55 Suburgatory** *(6:22)*
**00.15 Arrow** *(5:23)*
**01.00 Arrow** *(6:23)*
**01.40 Tónlistarmyndbönd**

## ÍNN

**20.00** Björn Bjarnason **20.30** Tölvur, tækni og kennsla **21.00** Veiðin og Bender **21.30** Á ferð og flugi

## SPORT *besta sætið*

**07.00 FH - Stjarnan**
**16.00 FH - Stjarnan**
**17.40 Pepsi-mörkin 2013**
**18.55 England - Skotland** Bein útsending.
**21.00 Meistaradeild Evrópu: PSG - Barcelona**
**22.40 Samuel L. Jackson á heimaslóðum**
**23.25 England - Skotland**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**15.45 Man. City - Arsenal**
**17.25 Enska úrvalsdeildin – upphitun**
**18.20 Football League Show 2013/14**
**18.50 Club Friendly Football Matches**
**20.30 Samfélagsskjöldurinn 2013**
**22.10 Leicester - Leeds**
**23.50 PL Classic Matches: Liverpool - Man. United, 1993**

## krakkar

**07.00** Lalli **07.10** Refurinn Pablo **07.15** Litlu Tommi og Jenni **07.40** Kai Lan **08.05** Svampur Sveinsson **08.25** Dóra könnuður **08.50** Mörgæsirnar frá Madagaskar **09.10** Strumparnir **09.35** Waybuloo **09.55** Fjörugi teiknimyndatíminn **10.20** Áfram Diego, áfram! **10.40** Histeria! **11.00** Doddi litli og Eyrnastór **11.10** Ofuröndin **11.35** Lalli **11.45** Refurinn Pablo **11.50** Litlu Tommi og Jenni **12.10** Kai Lan **12.35** Svampur Sveinsson **12.55** Dóra könnuður **13.20** Mörgæsirnar frá Madagaskar **13.40** Strumparnir **14.05** Waybuloo **14.25** Fjörugi teiknimyndatíminn **14.50** Áfram Diego, áfram! **15.15** Histeria! **15.35** Doddi litli og Eyrnastór **15.45** Lalli **15.55** Refurinn Pablo **16.00** Litlu Tommi og Jenni **16.20** Kai Lan **16.45** Svampur Sveinsson **17.10** Dóra könnuður **17.35** Mörgæsirnar frá Madagaskar **17.55** Strumparnir **18.20** Waybuloo **18.40** Fjörugi teiknimyndatíminn **19.05** Áfram Diego, áfram! **19.30** Histeria! **19.50** Doddi litli og Eyrnastór

## GULL

**20.00 Einu sinni var** *(17:22)*
**20.30 Örlagadagurinn** *(11:30)*
**21.05 Grey's Anatomy**
**21.50 Lois and Clark** *(7:22)*
**22.35 Einu sinni var** *(17:22)*
**23.05 Örlagadagurinn** *(11:30)*
**23.40 Grey's Anatomy**
**00.25 Lois and Clark** *(7:22)*
**01.10 Tónlistarmyndbönd**

## BÍÓ

**11.50 Agent Cody Banks**
**13.30 Johnny English Reborn**
**15.10 The Adjustment Bureau**
**16.55 Agent Cody Banks**
**18.35 Johnny English Reborn**
**20.15 The Adjustment Bureau**
**22.00 Be Cool**
**00.00 Milk**
**02.05 Vampires Suck**
**03.25 Be Cool**

## RÚV

**16.10 HM íslenska hestsins**
**16.40 Læknamiðstöðin** *(19:22) (Private Practice V)*
**17.25 Friðþjófur forvitni**
**17.50 Geymslan**
**18.15 Táknmálsfréttir**
**18.25 Frá Svíþjóð til himins** *(6:8) (Från Sverige till himlen)*
**18.54 Víkingalottó**
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Völundur – nýsköpun í iðnaði** *(1:5)* Forvitnilegir og fjölbreyttir fræðsluþættir um nýsköpun og þróunarstarf í íslenskum iðnaði.
**20.05 Læknamiðstöðin** *(4:13) (Private Practice VI)*
**20.50 Mótorsystur** *(3:10) (Motorsystrar)* Sænsk þáttaröð.
**21.05 Lottóhópurinn** *(5:5) (The Syndicate)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Kvöldstund með Jools Holland** *(Later with Jools Holland)* Í þessum þætti koma fram The Ting Tings, Cyndi Lauper, John Legend, Imelda May, Antony and the Johnsons, Ray Davies, Mumford & Sons og Chapel Club.
**23.25 Verðlaunamyndir Kvikmyndaskóla Íslands – Utangarðs** Myndin segir frá útigangsmönnum sem tengjast sérstökum böndum.
**23.45 Fimmtug unglömb** *(50 år – og teenager igen)*
**01.10 Fréttir**
**01.20 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.35 Everybody Loves Raymond**
**08.00 Cheers** *(12:25)*
**08.25 Dr. Phil**
**09.10 Pepsi MAX tónlist**
**15.30 Kitchen Nightmares**
**16.20 The Good Wife**
**17.05 Britain's Next Top Model** *(10:13)*
**17.55 Dr.Phil**
**18.40 America's Funniest Home Videos**
**19.05 Everybody Loves Raymond** *(2:23)*
**19.30 Cheers** *(13:25)*
**19.55 Gordon Ramsay Ultimate Cookery Course** *(1:20)*
**20.25 Psych** *(14:16)*
**21.10 Monroe** *(2:6)* Bresk þáttaröð sem naut mikilla vinsælda og fjallar um taugaskurðlækninn Gabriel Monroe. Aðalhlutverk leikur James Nesbitt.
**22.00 Law & Order: UK** *(1:8)*
**22.50 The Borgias** *(6:10)*
**23.35 House of Lies** *(8:12)*
**00.05 Leverage** *(11:16)*
**00.50 Lost Girl** *(20:22)*
**01.35 Excused**
**02.00 Monroe** *(2:6)*
**02.50 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**06.00** ESPN America **08.50** PGA Championship **2013 13**.50 Golfing World **14.40** LPGA Highlights **16.00** Ryder Cup Official Film **1999 17**.35 Inside the PGA Tour **18.00** Golfing World **18.50** PGA Championship **2013 00.35** ESPN America

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Laugardagskvöld kl. 19:50
VEISTU
hver ég var?
Siggi Hlö stýrir lauflétttum og skemmtilegum spurningaþáttum á Stöð 2 á laugardagskvöldum. Tími til að túpera hárið, setja upp axlapúðana og rifja upp skrikkdans taktana.
GREASE
MINI-POPS
VEISTU hver ég var?
2 HD
Fáðu þér áskrift | 512 5100 | stod2.is

## BÓKIN Á NÁTTBORÐINU



**Ég er með ævisögu Jakobs Frímanns Með sumt á hreinu á náttborðinu hjá mér. Hún er fáránlega skemmtileg!**

Elín Eyþórsdóttir, tónlistarkona

# Ásgeir Trausti og Sálin á menningarnótt

Ásgeir Trausti, Sálin, Hjaltalín og Kaleo spila á tíundu menningarnæturtónleikum Rásar 2 við Arnarhól.

Ásgeir Trausti, Sálin hans Jóns míns, Hjaltalín og Kaleo spila á Tónaflóði, menningarnæturtónleikum Rásar 2, við Arnarhól 24. ágúst.

Þetta verður í tíunda sinn sem tónleikarnir eru haldnir. „Þetta er stórt og mikið og við erum afskaplega stolt af þessu," segir útvarpsmaðurinn og skipuleggjandinn Ólafur Páll Gunnarsson. Hann fagnar því að Sálin spili í ár en hún steig einmitt á svið á fyrstu menningarnæturtónleikunum. „Sálin er ein mest spilaða hljómsveitin í sögu Rásar 2 og hefur verið starfandi næstum því jafnlengi og Rás 2. Það hefur farið minna fyrir hljómsveitinni undanfarið en oft áður en þjóðin elskar Sálina sína enn þá," segir Óli Palli.

Kaleo hefur átt eitt vinsælasta lag Rásar 2 í sumar, Vor í Vaglaskógi, og ekki þarf að fara mörgum orðum um vinsældir Ásgeirs Trausta og Hjaltalín. Tónleikarnir á Arnarhóli leggjast mjög vel í Óla Palla. „Þessir tónleikar hafa verið vettvangur fyrir fólk til að upplifa stóra tónleika. Þessi samkennd er svo ólýsanleg. Þegar þúsundir standa saman og upplifa sama hlutinn á sama tíma, þá gerist eitthvað."

Útvarpsstöðin Bylgjan verður með tónleika á Ingólfstorgi á menningarnótt. Þar koma m.a. fram Stuðmenn, Björgvin Halldórsson, Á móti sól og Dikta. - fb

➜ Fyrstu menningarnæturtónleikar Rásar 2 fóru fram á Hafnarbakkanum 2003 fyrir framan um 70 þúsund manns.



**SPILA Á MENNINGARNÓTT** Sálin spilar í annað sinn á menningarnæturtónleikum Rásar 2.



**SPILAR Á FIÐLU** Vala Gestsdóttir er á meðal þeirra sem koma fram í Hörpunni. MYND/ÚR EINKASAFNI

# Spila og syngja í lifandi jógatíma

Jógakennari frá New York hvetur alla til þess að mæta í Hörpuna og upplifa lifandi jóga.

„Markmiðið er að ná fram einstakri stemningu með því að fá fólk til þess að iðka jóga við lifandi tónlist. Ég vil að þátttakendur taki þessa einstöku upplifun með sér út í lífið sem eitthvað jákvætt og fallegt," segir Aarona Pichinson, jógakennari og frumkvöðull verkefnisins Yoga Sound Escape-Energy In Motion, sem verður haldið í Hörpunni 4. september. „Ég hef staðið að þessu verkefni frá því árið 2008 og það hefur verið draumur minn að koma til Íslands mjög lengi," segir jógakennarinn.

Pichinson er búsett í New York en hefur undanfarið ferðast um Bandaríkin og haldið lifandi jógatíma.

„Þetta virkar þannig að það eina sem fólk mætir með eru dýnur og jákvætt hugarfar. Þetta er alvöru jógatími og ég verð með æfingar sem henta byrjendum sem og lengra komnum." Á Íslandi hefur Pichinson fengið til liðs við sig einvala lið tónlistarfólks, til að mynda Ragnhildi Gísladóttur söngkonu, fiðluleikarana Völu Gestsdóttur og Kristínu Þóru Haraldsdóttur og Óttar Sæmundsson á bassa.

Viðburðurinn er opinn öllum þeim sem vilja og skorar Pichinson á sem flesta að koma og upplifa róandi og einstaka stemningu. - áo



**SYNGUR** Ragnhildur Gísladóttir tekur þátt í lifandi jóga.

# Persónan byggð á lífi aðalleikarans

Atli Bollason fer með aðalhlutverkið í kanadískri stuttmynd sem frumsýnd verður á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto í september.

„Myndin var tekin upp yfir frekar langan tíma. Við byrjuðum í Detroit fyrir einu og hálfu ári, svo var eitthvað skotið í Toronto, Berlín og í Frakklandi. En sagan sjálf gerist að mestu á ótilgreindum stað í Bandaríkjum Norður-Ameríku," segir Atli Bollason. Hann fer með aðalhlutverkið í kanadísku stuttmyndinni Numbers & Friends, sem valin var til sýningar á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto sem fram fer í september.

Leikstjóri myndarinnar er Kanadamaðurinn Alexander Carson, en honum og Atla er vel til vina. „Ég kynntist Alexander þegar ég bjó í Montreal, þar sem ég var við nám. Ég hef áður leikið í mynd eftir hann og það samstarf gekk mjög vel."

Numbers & Friends segir frá ungum Evrópubúa sem flyst til Norður-Ameríku og reynir að fóta sig í nýju og framandi umhverfi. „Ég leik bara í myndinni, en mig grunar að Alexander hafi notað glefsur úr mínu lífi þegar hann skapaði persónuna," segir Atli og hlær.

Hann verður ekki viðstaddur frumsýningu myndarinnar í Toronto sökum tímaleysis en segist vona að hann fái tækifæri til þess að fylgja henni á næstu hátíð. Atli er bókmenntafræðingur að mennt en hefur einnig látið til sín taka á sviði leiklistar. „Ég hef leikið í þessum tveimur myndum hans Alexanders og einnig á sviði í Montreal. Svo var ég aukaleikari í Game of Thrones, það var mikill leiksigur. Nú bíð ég bara eftir því að íslenskir leikstjórar taki við sér og fari að hafa samband," segir hann að lokum í gamansömum tón. sara@frettabladid.is



**NÝTT HLUTVERK** Atli Bollason bókmenntafræðingur fer með aðalhlutverkið í stuttmynd sem frumsýnd verður á alþjóðlegu kvikmyndahátíðinni í Toronto. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

➜ Kvikmyndahátíðin var stofnsett árið 1976. Hátíðin er ein sú stærsta í heimi og í fyrra sóttu um 400 þúsund manns hana.


Vilt þú læra á listskauta?



Listskautanámskeið

Fyrir 5 – 16 ára

Fríir prufutímar!

Námskeiðin hefjast laugardaginn 31. ágúst og eru ætluð bæði strákum og stelpum.

Hægt er að velja 8 vikna námskeið **(31. ágúst - 23. október)** eða 15 vikna námskeið **(31. ágúst - 15. desember).**

Æfingar fara fram í Egilshöllinni / Kennt er í litlum hópum þar sem skipt er eftir bæði getu og aldri.

Liðleiki, jafnvægi, þol, styrkur, snerpa, túlkun, samhæfing og tækni

**Stundatafla**

- **Laugardagar:** **Svell kl. 12:20 – 13:00**
- **Miðvikudagar:** **Svell kl. 16:20 – 17:00 / Þrek kl. 17:20 – 18:00**

Nánari upplýsingar varðandi námskeiðin veita:
- Berglind Rós Einarsdóttir, yfirþjálfari s: 899-3058
- Erlendína Kristjánsson, skautastjóri s: 697-3990
- Kristrún Elva Jónsdóttir, gjaldkeri s: 849-6746

Skráning
**www.bjorninn.com/Listskautar**

**Skráningardagar verða í Egilshöll (við skautasvellið á 2. hæð) laugardaginn 24. ágúst og laugardaginn 31. ágúst kl. 10 - 13 þar sem hægt verður að fá frekari upplýsingar varðandi námskeiðin, s.s. þjálfun, skráningu og annað sem viðkemur íþróttinni.**

Einnig má senda tölvupóst á **gjaldkerilist@bjorninn.com**

**Þjálfarar listskautadeildar:**

**Erlendína Kristjánsson,** skautastjóri og þjálfari
**Clair Wileman,** yfirþjálfari A og B deilda
**Andrew Place,** ólympíufari, yfirþjálfari C deildar
**Berglind Rós Einarsdóttir,** yfirþjálfari skautaskóladeildar

Björninn

Hreysti – Gleði – Vellíðan – Hreyfing – Styrkur – Samhæfing – Tækni – Túlkun

# GÆÐI Á BETRA VERÐI Í DORMA!

## Vinsæli CLASSIC sófinn er kominn aftur!



Verð aðeins
kr. 149.900



**CLASSIC**
sófinn fæst nú í mögum litum
Lilla-rauður, appelsínugulur, lime-grænn, turkis-blár og dökkgrár.
Særð: 200x90 Hæð: 100 cm.
Einnig til **CLASSIC** hægindastóll. **Verð kr. 99.900**. Litir: Lilla-rauður og turkis-blár.

## C&J STILLANLEGT heilsurúm með Shape dýnu

STILLANLEG HEILSÚRÚM ÓTRÚLEGT VERÐ

| Stærð | Verð |
|---|---|
| 2x80x200 | kr. 375.800 |
| 2x90x200 | kr. 399.800 |
| 2x90x210 | kr. 405.800 |
| 2x100x20 | kr. 423.800 |
| 120x200 | kr. 230.900 |
| 140x200 | kr. 257.900 |



- Inndraganlegur botn
- 2x450 kg lyftimótorar
- Mótor þarfnast ekki viðhalds
- Tvíhert stál í burðargrind
- 5 ára ábyrgð

## NATURE'S SHAPE heilsurúm



Gafl seldur sér

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 89.900 |
| 100x200 | 101.900 |
| 120x200 | 115.900 |
| 140x200 | 136.900 |
| 160x200 | 153.900 |
| 180x200 | 171.900 |

Heilsudýna sem:

- Lagar sig fullkomlega að líkama þínum
- 24 cm þykk heilsudýna
- Engin hreyfing
- AloaVera áklæði
- 5 ára ábyrgð!

## NATURE'S REST heilsurúm

| Stærð cm. | Dormaverð |
|---|---|
| 90x200 | 68.900 |
| 100x200 | 72.900 |
| 120x200 | 83.900 |
| 140x200 | 92.900 |
| 160x200 | 104.900 |
| 180x200 | 117.900 |

DÝNA BOTN OG LAPPIR

Nature's Bedding



- Mjúkt og slitsterkt áklæði
- Svæðaskipt gormakerfi
- Aldrei að snúa
- Sterkur botn
- Gegnheilar viðarlappir
- Frábærar kantstyrkingar
- 320 gormar pr fm²

## SKAGEN VIP-bíósett með fótskemlum

**kr. 149.990**
Fullt verð 175.990



Tveggja sæta Skagen Br: 217 D: 79 H: 106 cm. Grátt áklæði. Fæst einnig í leðri.

## FLORIDA hornsófi 2H2

Verð aðeins
kr. 259.900

Stærð: 252x252 cm



**KÍKTU VIÐ OG SKOÐAÐU ÚRVALIÐ**

Vinsælu **FLORIDA** sófarnir eru til í ótal útfærslum.
Með annars hornsófi 3H2 / 2H3, hornsófi 2H2, tungusófi og Chase long

**Holtagörðum**
**Pöntunarsími 512 6800**

DORMA
– býður góða nótt

**DORMA** er einnig í
**HÚSGAGNAHÖLLINNI**
á Akureyri og í Reykjavík

**OPIÐ: Virka daga frá kl. 10.00-18.00 • Laugardaga frá kl. 11.00-17.00 • Sunnudaga: 13.00-16.00** (Akureyri lokað á sunnudögum)

FRÉTTABLAÐIÐ
VIÐ SEGJUM FRÉTTIR • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 VÍSIR
RITSTJÓRN 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is AUGLÝSINGADEILD auglysingar@frettabladid.is PRENTUN Ísafoldarprentsmiðja
Póstdreifing
DREIFING: dreifing@postdreifing.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060

WOW MOMENT
TAKTU ÞÁTT Á WOW.IS

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Besti flokkurinn orðinn reyklaus

**Einar Örn Benediktsson,** borgarfulltrúi Besta flokksins í Reykjavík, er hættur að reykja. Fylgir hann þar í fótspor Karls Sigurðssonar borgarfulltrúa og Björns Blöndal, aðstoðarmanns Jóns Gnarr. Má nú segja að Besti flokkurinn hafi uppfyllt loforð sitt um að vera reyklaus flokkur, en Einar var síðastur til þess að hætta hjá flokknum. Alþingismaðurinn Óttar Proppé, sem áður var borgarfulltrúi fyrir Besta flokkinn, reykir þó enn. Hann fór hins vegar úr Besta flokknum yfir í Bjarta framtíð í vor, sem kemur sér heldur betur vel fyrir hinn reyklausa flokk í dag.
- le



### Carmen vel tekið

Miðasala á Carmen hófst á mánudag og virðist mikill áhugi vera fyrir verkinu því tvö þúsund miðar seldust þann daginn. Sýningarnar hefjast 19. október og með hlutverk Carmen fara **Hanna Dóra Sturludóttir** og Sesselja Kristjánsdóttir og fara Kolbeinn Jón Ketilsson og **Garðar Thór Cortes** með hlutverk Don José. Fjöldi annarra einsöngvara tekur þátt í uppsetningunni, auk kórs Íslensku óperunnar, barnakórs og sextíu manna hljómsveitar.



### Mest lesið Vísir

1 Íslandspistill á CNN „nánast hrein steypa"
2 Ráðgáta um goshlé í hinni síminnkandi Surtsey leyst
3 Fimm í tveggja manna bíl
4 Nektarmyndir af Justin Bieber á netinu
5 Allar íslenskar netverslanir á einni síðu

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

HVÍTA HÚSIÐ/SÍA 13-2222

WOW
FLUGFÉLAG FÓLKSINS

LENGRA SUMAR OG WOW VERÐ Í 24 TÍMA

London og Köben frá **10.900 kr.**
París frá **14.900 kr.**
WOW verð gildir til hádegis á morgun. **Bókaðu núna!**

LÆGRA VERÐ · NÝRRI VÉLAR · LOFORÐ WOW · BREIÐASTA BROSIÐ

**Og smáa letrið.**
Ferðatímabil: 15/9 til 15/12. Verð er fyrir flug aðra leið með sköttum; bókunargjald og töskugjald ekki innifalið. Takmarkaður sætafjöldi og valdar dagsetningar; fyrstir koma, fyrstir fá. Veðrið er pottþétt betra úti (við tökum þó enga ábyrgð á veðri).

**Við erum með lægsta verðið**
WOW er með **lægsta verðið** að meðaltali samkvæmt nýjustu könnun Dohop.

**Við erum stundvísust**
**98% brottfara** WOW eru á tíma samkvæmt könnun Túristi.is í júlí.*

*Sjá nánar á turisti.is

Berlín >> Lyon >> Vilnius >> Düsseldorf >> Mílanó >> Barcelona >> Varsjá >> Alicante
París >> Amsterdam >> London >> Kaupmannahöfn >> Zürich >> Stuttgart >> Salzburg

wow.is | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wow@wow.is